



## Bíllausi ráðherrann

Það vakti athygli þegar nýr umhverfiráðherra sagði aðstoðarmanni sínum upp störfum. **Guðmundur Ingi** er bæði menntaður í Yale-háskólanum í Bandaríkjunum og Hússtjórnarskólanum í Reykjavík. ➔ 24

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Gefst ekki upp**  
Birgir Jakobsson breytir um baráttuaðferð. ➔ 34



**Allt gert fyrir börnin á Barnaspítalanum**  
Börnin segja brúðunum allt. ➔ 28



**Karlaheimur**  
Konur um starf í sveitarstjórnunum. ➔ 32

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • ATVINNA

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



# VEISLA


ÞÚ FÆRÐ ALLT Á EINUM STAÐ **OPIÐ TIL 10-18 Í DAG**



SMÁRALIND

**MANNSLÍKAMINN**  
15.-28. FEBRÚAR

Hvernig lítur þú út eftir 20 ár?



OPIÐ TIL 18 Í DAG

## Veður



Sunnanstrekkingur eða allhvasst í dag og víða skúrir eða él, en hægari og léttir til norðaustanlands eftir hádegi. Kólnandi veður. **SJÁ SÍÐU 50**



Verðlaunin verða afhent 3. mars.

## Fréttablaðið með tvær tilnefningar

**SAMFÉLAG** Tveir blaðamenn Fréttablaðsins eru tilnefndir til Blaðamannaverðlauna ársins 2017, þeir Hörður Ægisson, ritstjóri Markaðarins, og Kjartan Hreinn Njálsson aðstoðarritstjóri. Tilnefningarnar voru kunngjörðar í gærkvöld.

Hörður er tilnefndur í flokknum Rannsóknarblaðamennska ársins fyrir umfjöllun um viðskipti með hlutafé í Arion banka og áhrif kaupa vogunarsjóða í bankanum. Kjartan Hreinn er tilnefndur í flokknum Umfjöllun ársins fyrir umfjöllun um CRISPR/Cas9-erfðateknina og hvernig íslenskir vísindamenn beita henni til að þróa lyf.

Blaðamenn Kjarnans eru tilnefndir til Blaðamannaverðlauna fyrir umfjöllun um tillögur dómsmálaráðherra til Alþingis um skipan í stöður dómara við Landsrétt.

Til sömu verðlauna er ritstjórn Stundarinnar tilnefnd og þá fyrir umfjöllun um uppreist æru kynferðisbrotamanna og áhrif þess á fórnarlömb manna.

Sigríður Hagalín er jafnframt tilnefnd fyrir hönd RÚV fyrir umfjöllun um konur sem fengur mótmælendur fyrir utan heimili sín í kjölfar hruns.

Blaðamannaverðlaunin verða veitt í fimmtánda skipti þann 3. mars næstkomandi. – þea

## Fyrsta skóflustungan



Fyrstu skóflustungun að 155 nýjum leiguíbúðum sem Bjarg íbúðafélag, sem ASÍ og BSRB stofnuðu, byggir voru teknar í Spönginni í gær. Reiknað er með því að um 450 íbúðir verði komnar í byggingu hjá félaginu í lok árs. Þau Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, Björn Traustason, framkvæmdastjóri Bjargs, Elin Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri tóku fyrstu skóflustungun. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÐÓR

## Ólöf Pálsdóttir listakona látin

Ólöf Pálsdóttir, myndhöggvari og heiðursfélagi í Konunglega breska myndhöggvarafélaginu, lést á miðvikudag, 21. febrúar, 97 ára að aldri. Ólöf fæddist í Reykjavík 14. apríl 1920. Hún nam við Konunglega listaháskólann í Kaupmannahöfn árin 1949-1955. Hún útskráðist þaðan með gullverðlaun fyrir verk sitt „Sonur“ sem stendur nú í Hljómskálagarðinum.

Ólöf kvæntist Sigurði Bjarnasyni frá Vigur, fyrrverandi alþingismanni, ritstjóra og síðar sendiherra.

Þau hjón eignuðust saman tvö börn, Hildi Helgu og Ólaf Pál.



# Ekki hægt að hringja eftir aðstoð á slysstað

Tíu kílómetra kafla við Dritvík og Djúpalónssand á Snæfellsnesi er dauðt svæði í fjarskiptum. Á þriðja hundrað þúsund ferðamenn fara um svæðið á ári. Ef eitthvað kemur upp á er ekki hægt að hringja á aðstoð. Tvö slys urðu þar í fyrra.

**FJARSKIPTI** Á þriðja hundrað þúsund ferðamenn fara um tíu kílómetra kafla í Snæfellsjökulsþjóðgarði á ári þar sem fullkomið fjarskiptaleysi ríkir. Framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar vonar að hægt verði að fara í úrbætur í sumar en hið dauða svæði hefur plagað vegfarendur og viðbragðsaðila um árabíl. Tvö slys urðu á svæðinu í fyrra þar sem ekki var hægt að hringja eftir aðstoð.

„Þarna við Dritvík og Djúpalónssand koma mjög margir ferðamenn. Vonandi verður þetta dekk að í sumar en við erum að vinna í útreikningum og það er ekki búið að taka ákvörðun enn þá,“ segir Þórhallur Ólafsson, framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar. Hann segir málið nokkuð flókið en að Neyðarlínan sé búin að reisa 80 fjarskiptastöðvar um landið í samvinnu við Fjarskiptasjóð og fjarskiptafélögin á undanförunum árum.

„Við erum að holufylla og bæta svona staði. Við viljum auðvitað að fólk geti hringt eftir aðstoð. Þú getur bara ímyndað þér að keyra út af í hálfu og vitlausu veðri, þá labbar þú ekki fimm kílómetra eftir símasambandi.“

Þórhallur segir þetta eitt af mörgum verkefnum sem unnið hafi verið að um nokkra hríð í samvinnu við marga aðila. Að mörgu sé þó að huga.

„Við gerum allt sem í okkar valdi stendur til að bæta úr þannig að þessi dauðu svæði minnki. Það voru tvö slys þarna í fyrra og það er óþægilegt. Þú getur ímyndað þér að keyra með einhverjum sem fær heilablóðfall og þú þarft að keyra nokkra kílómetra til að ná símasambandi. Þetta er líka vont fyrir lögreglu og



Dritvík í Snæfellsjökulsþjóðgarði er einn margra vinsælla ferðamannastaða á umræddu svæði þar sem símasamband og tetra-samband næst ekki.

**Við viljum auðvitað að fólk geti hringt eftir aðstoð.**

Þórhallur Ólafsson, framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar



sjúkraflutningamenn að vera ekki í tetrasambandi á svæðinu. Það eru nokkrir svona staðir á landinu og við höfum verið að pilla út einn og einn. En við höfum ekki óendanleg fjárráð í þetta og erum að forgangsraða.“

Þórhallur segir þó að miðað við það sem gengur og gerist séu Íslendingar mun betur settir en flestar þjóðir hvað þetta varðar. Varðandi kaflann á Snæfellsnesi segir Þórhallur málið viðkvæmt og ganga þurfi frá öllum leyfum. Um sé þó að ræða jörð í eigu ríkisins svo það ætti ekki að vera vandamál. „Það kostar heilmikinn pening. Þegar menn byrjuðu á þessari gsm-væðingu fóru þeir á staði sem voru fyrir með rafmagn en voru ekki endilega að velja staðina með tilliti til þessara þarfa sem við erum með til að ná sem bestri dekkun í gsm. Það þarf að draga niður rafstreng, koma ljósleiðara að, byggja hús og mastur og þetta kostar allt sitt.“ mikael@frettabladid.is

Jóhann Ólafsson & Co

## Rafvirkjar LED tunnuljós



Jóhann Ólafsson & Co.  
Krókháls 3, 110 Reykjavík  
533 1900  
olafsson.is

**OSRAM**

ÚRVALIÐ ER ENDALAUST

# VEISLA

Þú færð allt fyrir glæsilega  
veislu á einum stað.



PIPA/RTBWA-SIA

Kringlan

30  
ára

LAUGARDAGUR

**10-18**

SUNNUDAGUR

**13-18**

**GJÖF SEM  
HENTAR  
ÖLLUM**

GJAFI  
KORT

af öllum hestum

kringlan.is

facebook.com/kringlan.is

TÖLUR VIKUNNAR 18.02.2018 TIL 24.02.2018





72,5

prósent stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins vilja að Sigríður Andersen dómsmálaráðherra segi af sér embætti samkvæmt könnun sem gerð var í samstarfi Stundarinnar og Maskinu.

570

einstaklingar voru í janúar á biðlista eftir innlögn á sjúkrahúsið Vog. Í ágúst síðastliðnum biðu 445 eftir innlögn.



154

milljarða hafa bankarnir greitt í arð frá árinu 2016. Stjórnir bankanna hafa lagt til að greiddir verði 53,4 milljarðar króna í arð á þessu ári.

4

prósent atvinnuleysi var í janúar. Samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands voru að jafnaði 203.500 manns á aldrinum 16-74 ára á vinnumarkaði í janúar 2018, sem jafngildir 81,7% atvinnuþátttöku.




71,2

milljónir voru laun og árangurstengdar greiðslur til Höskuldar H. Ólafssonar, bankastjóra Arion banka, í fyrra. Hækkuðu þær um 5,9 milljónir, eða ríflega níu prósent, milli ára.

2,9

prósentu aukningu landsframleiðslu er spáð á þessu ári og verður hún að miklu leyti drifin áfram af vexti einkaneyslu samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofunnar. Íbúðafjárfesting vex um 19 prósent og opinber fjárfesting um nærri 12 prósent.



## Þrjú í fréttum Efasemdir, brotthvarf og myndlist

### Ragnar Aðalsteinsson

lögmaður

sagði að gera þyrfti athugasemdir við greinargerð setts saksóknara í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum þótt sýknu væri krafist. Ragnar benti á að dregið væri í efa í greinargerðinni að dómfelldir væru í raun saklausir. Lagði Ragnar áherslu á að málflutningur yrði í Hæstarétti. Forsendur dómsins gætu skipt máli vegna mögulegra bótakrafna.



### Lilja Alfreðsdóttir

menntamálaráðherra

sagði tölur um brotthvarf úr framhaldsskólum gefa tilefni til að styrkja sálfræðiþjónustu í skólunum. Hún ynni nú með Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra í málinu. Síðastliðna haustönn hætti 141 nemandi vegna andlegra veikinda en í heildina hættu 750 í framhaldsskóla í haust.



### Sigurður Guðjónsson

myndlistarmaður

var valinn myndlistarmaður ársins fyrir sýninguna Innljós, í kapellu og líkhúsi St. Jósefsspítala í Hafnarfirði. Var þetta í fyrsta skipti sem verðlaunin voru veitt. Auður Lóa Guðnadóttir hlaut hvatningarverðlaun ársins.



# Umhverfisráðherra viku sæti en málin unnin í ráðuneytinu

Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra viku sæti í málum sem varða erindi Landverndar til ráðuneytisins. Gat ekki tekið ákvarðanir sjálfur um málin. Hann var áður framkvæmdastjóri Landverndar. Málin verða unnin af sérfræðingum umhverfisráðuneytisins í samráði við heilbrigðisráðherra.

**UMHVERFISMÁL** „Mér ber, samkvæmt stjórnslutölum, að meta hæfi mitt og ég hef metið það sem svo að mér beri að víkja sæti við meðferð og töku ákvarðana í þessum málum,“ segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra um flutning tiltekinna mála sem tengjast Landvernd af hans borði og til heilbrigðisráðherra. Málið var kynnt í ríkisstjórn í gær og gerð tillaga þessa efnis til forseta Íslands.

„Ég tók ákvörðunina eftir að hafa fengið ráðgjöf í mínu ráðuneyti um að það séu þarna nokkur mál sem tengjast erindum sem bárust ráðuneytinu á meðan ég var framkvæmdastjóri Landverndar og ég geti ekki tekið ákvarðir um.“

Aðspurður um hæfi hans í öðrum málaflokkum, sem Landvernd hefur beitt sér í undanfarin misseri, segist hann munu taka afstöðu til hæfis síns í hverju máli fyrir sig. „Ef vafi leikur á hæfi, þá verður auðvitað farið í gegnum það ferli og tekin afstaða til þess, líkt og var í þessu tilviki.“

Aðspurður um feril þeirra mála sem flust hafa til heilbrigðisráðherra vísar Guðmundur á skrifstofustjóra í ráðuneytinu þar sem málin séu ekki í hans höndum.

„Sérfræðingar ráðuneytisins munu vinna þessi mál og verða í sambandi við settan ráðherra vegna þeirra. Hún fer svo yfir þetta og klárar málin,“ segir Steinunn Fjöla Sigurðardóttir, skrifstofustjóri í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Hún segir að allur gangur sé á því hvernig mál



Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, viku sæti í Landverndarmálum sem fara nú til heilbrigðisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÐÓR

### Mál sem flytjast til heilbrigðisráðherra

■ Erindi Landverndar, dags. 23. maí 2017, þar sem skortur á eftirliti Umhverfisstofnunar með framkvæmdum Landsnets hf. við lagningu háspennulínu frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka, er kærður.

■ Erindi Landverndar, dags. 12. september 2017, þar sem farið er fram á að umhverfis- og auðlindaráðuneytið fjalli um lögmæti állits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Hvalárvirkjunar.

■ Umsóknir Landverndar til umhverfis- og auðlindaráðuneytis um verkefnastyrki, dags. 18.-22. nóvember 2017, ásamt umsóknum annarra aðila um styrkina.

■ Erindi nokkurra eigenda Reykjahlíðar í Mývatnssveit, dags. 8. desember 2017, um fyrirhugaðar friðlýsingar á jörðinni.

flytjast milli ráðuneyta vegna vanhæfis. „Það er mjög algengt að þau séu bara unnin í því ráðuneyti sem þau voru upphaflega í og það verður þannig í þessu tilviki. Þetta er náttúrulega bara vegna þess að ráðherra var framkvæmdastjóri Landverndar þegar erindin komu til ráðuneytisins en hann á engra persónulegra hagsmuna að gæta sjálfur,“ segir Steinunn. [adalheidur@frettabladid.is](mailto:adalheidur@frettabladid.is)

## JEEP GRAND CHEROKEE TRAILHAWK TORFÆRUÚTGÁFAN AF ÞESSUM FRÁBÆRA JEPPA

DÍSEL 3.0L V6 250 HÖ. 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING HÁTT OG LÁGT DRIF

Quadra-Drive™ fjórhjóladrif, driflæsing að aftan, loftþúðafjöðrun, 18" álfelgur, grófari dekk, 8,4" snertiskjár, lykillaust aðgengi og ræsing, rafdrifin sport sæti frammi í með hita og kælingu, leður/rúskinsáklæði, rafdrifinn afturhleri, Bi-Xenon og LED framljós, bakkmyndavél, hiti í stýrishjóli, íslenskt leiðsögukerfi, hlífðarplötur undir vél, kössum og eldsneytistönkum o.fl.

TRAILHAWK VERÐ FRÁ: 10.490.000 KR.

Grand Cherokee Laredo verð frá: 8.990.000 kr.

**ÍSABAND**  
ISLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

Umboðsaðili Jeep - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433

www.jeep.is - www.isband.is - isband@isband.is - Ópið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

Jeep





TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# RAV4

með veglegum lúxuspakka  
að verðmæti 460.000 kr.



Verð frá: 4.830.000 kr.

RAV4 er svipmikill dugnaðarforkur með framúrskarandi aksturseiginleika. Hann er hljóðlátur, öruggur og með nóg rými fyrir fólk og farangur. Nú færð þú sérstaka útgáfu af RAV4 með veglegum lúxuspakka, sem inniheldur **dráttarbeisli, krómlista á hliðar, gluggavindhlífar, þverboga og heilsársdekk** – alls að verðmæti 460.000 kr. Keyrðu inn í vorið á nýjum og ríkulega búnum RAV4. Lúxuspakkinn fylgir ekki með RAV4 Hybrid.

Kynntu þér Toyota FLEX, frábæra leið til að eignast nýja Toyota bifreið á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

## VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á [www.toyota.is](http://www.toyota.is). Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



Bókaðu

## BORGARFERÐ

## BÚDAPEST

Hotel Hungaria City Center

Frá kr. 86.895 m/morgunmat

Netverð á mann m.v. 2 í gistingu. 27. apríl í 4 nætur.



## LISSABON

Hotel Fenix Lisboa

Frá kr. 109.595 m/morgunmat

Netverð á mann m.v. 2 í gistingu. 19. apríl í 3 nætur.



## PRAG

Hotel Ibis Mala Strana

Frá kr. 81.695 m/morgunmat

Netverð á mann m.v. 2 í gistingu. 19. apríl í 3 nætur.



## RÓM

Hotel Medici Rome

Frá kr. 117.395 m/morgunmat

Netverð á mann m.v. 2 í gistingu. 27. apríl í 4 nætur.



## ZAGREB

Hotel Rebro

Frá kr. 83.295 m/morgunmat

Netverð á mann m.v. 2 í gistingu. 10. maí í 3 nætur.


  
-fáðu meira út úr fríinu

# Smölun fyrir forval VG þótt einn vilji 1. sætið

Forval Vinstri grænna fyrir borgarstjórnarkosningar fer fram í dag. Líf Magneudóttir sækist ein eftir fyrsta sætinu en mikil eftirspurn er eftir sætunum þar á eftir. Oddviti Framsóknarflokksins vill hækka laun kennara og setja þá á stall.

**STJÓRN MÁL** Þrátt fyrir að einungis einn frambjóðandi óski eftir fyrsta sætinu í forvali VG fyrir borgarstjórnarkosningarnar hefur fólki verið smalað í flokkinn í aðdraganda þess. Forvalið fer fram raf-rænt í dag og stendur kosningin til klukkan 17.

Björg Eva Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri VG, segir að skráningum hafi fjölgað jafnt og þétt síðustu misserin. „Það voru úrsagnir og svo því sé nú haldið til haga þá voru þær hátt í 200 í kringum ríkisstjórnarmyndunina, en síðan hefur verið sígandi lukka. Svo var smölun í kringum forvalið og hún stóð til 14. og var frekar massív,“ segir hún.

Björg Eva tekur fram að félagatalið sé mjög lifandi. Þess hafi jafnvel verið dæmi að fólk hafi skráð sig í flokkinn í kringum stjórnarmyndunina. Félagsmenn í VG eru núna rétt rúmlega 6.000 á landinu öllu og af þeim hafa rúmlega 2.500 þátttökurétt í forvalinu. Fram kom um síðustu helgi að félagar í flokknum hafa aldrei verið fleiri.

Líf Magneudóttir borgarfulltrúi er eini frambjóðandinn sem óskar eftir fyrsta sætinu. Hún segir engu að síður mikilvægt að þátttaka í prófkjörinu verði góð og að hún fái afgerandi kosningu í sætið.

Líf tók við oddvitasætinu á miðju kjörtímabili af Sóleyju Tómasdóttur. „Það er gott að halda því til haga að ég er ekki kjörin oddviti flokksins og er að sækja umboð mitt til flokksins sem oddviti núna í fyrsta sætið,“ segir Líf. Tveir frambjóðendur biðja um annað sæti í prófkjörinu, en það eru þau Elín Oddný Sigurðardóttir og Gústav Adolf Bergmann Sigurbjörnsson. Sá



Líf Magneudóttir tók við oddvitasætinu hjá VG á miðju kjörtímabili af Sóleyju Tómasdóttur. Hún varð líka forseti borgarstjórnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Áslaug vildi 2. sætið

Borgarfulltrúarnir Áslaug Friðriksdóttir og Kjartan Magnússon verða ekki á lista Sjálfstæðisflokksins, eins og greint var frá fyrr í vikunni. „Mér eru það vissulega vonbrigði að eiga ekki sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor. Ég óskaði eftir að skipa 2. sæti listans, þrátt fyrir að vita að ég hefði ekki stuðning meirihluta kjörnefndar nema nýr leiðtogi styddi þá tillögu. Svo reyndist ekki vera og því fór sem fór,“ segir Áslaug á Facebook. Kjartan Magnússon vildi ekkert tjá sig um niðurstöðuna í samtali við Fréttablaðið.



Ingvar Mar Jónsson flugstjóri.

síðarnefndi gefur þó kost á sér í 2. til 4. sæti. Mesta keppnin er hins vegar um þriðja sætið, þar sem fimm frambjóðendur sækjast eftir því.

Listi Framsóknarflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar var birtur í fyrradag. Ingvar Mar Jónsson, flugstjóri hjá Icelandair, verður í fyrsta sæti. „Áherslan verður fyrst og fremst í menntamálaum. Við viljum hækka laun kennara og forgangsraða þannig. Setja kennarana á stall fyrir börnin,“ segir Ingvar. [jonhakon@frettabladid.is](mailto:jonhakon@frettabladid.is)



United Silicon. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Undirbúa sölu á United Silicon

**VIÐSKIPTI** Samkomulag hefur náðst á milli skiptastjóra protabús United Silicon og Arion banka um að bankinn fái að ganga að sínum veðum og taka yfir allar helstu eignir félagsins. Nýtt félag verður stofnað um starfsemi kísilverksmiðjunnar í Helguvík.

Haraldur Guðni Eiddsson, forstöðumaður samskiptasviðs Arion, sagði við Fréttablaðið að þetta væru ákveðin kaflaskil „Núna erum við komin með forræði yfir verksmiðjunni og getum hafist handa við úrbætur. Að sama skapi gefur þetta okkur umboð til að huga að sölumálum og ræða við áhugasama kaupendur.“

Samkvæmt ársreikningi Arion, sem gefinn var út fyrr í þessum mánuði, metur bankinn eignarhlut sinn í United Silicon á 5,4 milljarða króna. Í ársreikningnum kom fram að stefnt yrði að því að finna kaupendur fyrir félagið Eignabjarg sem stofnað var um eignarhlutinn. Annars kæmi til greina fyrir bankann að ráðast í úrbætur á verksmiðjunni og selja félagið að þeim loknum.

– la, khn



Nýi Landsbankinn mun rísa við hlið Hörpunnar í Reykjavík.

## Framkvæmdir við nýjar höfuðstöðvar í gang 2019

**SKIPULAGSMÁL** Stefnt er að því að hefja framkvæmdir við nýjar höfuðstöðvar Landsbankans við Austurhöfn í Reykjavík í byrjun næsta árs. Húsnæðið verður 16.500 fermetrar en bankinn ætlar að nýta sér 10 þúsund fermetra og leigja hinn hlutann fyrir verslun eða þjónustu. Til samanburðar er tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa rétt tæpir 30 þúsund fermetrar.

Bygging hússins verður boðin út. Landsbankinn hefur ákveðið að ganga til samninga við Arkþing og C.F. Møller um hönnun og þróun á nýbyggingu bankans. Sjö arkitektateymi voru valin í október til að skila inn frumtillögum að hönnun hússins og í janúar bærust bankanum tillögur frá sex teyimum. Banka-

» Húsnæðið verður 16.500 fermetrar og mun bankinn nýta 10.000 fermetra.

stjóri og bankaráð nutu aðstoðar þriggja manna ráðgjafaráðs við ákvörðunina og mælti ráðgjafaráðið með þeirri tillögu sem varð fyrir valinu.

„Þegar samningar við tillöguhöfunda liggja fyrir mun vinna við fullnaðarhönnun hússins hefjast. Frumtillagan getur tekið breytingum á hönnunarstigi, þótt heildaryfirbragð hússins verði óbreytt,“ segir í tilkynningu bankans. – jhh

# Meira ljúfmeti

**Holka**

**Kjúklingabringur  
100%**

**1.759** kr/kg

Verð áður **2.199** kr/kg



**20%**  
afsláttur



**25%**  
afsláttur

**Ungnauta Ribeye**

**4.124** kr/kg  
Verð áður 5.499 kr/kg



**20%**  
afsláttur

**Úrbeinuð kjúklingalæri**

**1.839** kr/kg  
Verð áður 2.299 kr/kg

Tilboð gilda út 25. febrúar.



**NÝJUNG**

**Santa Maria**

Chapati brauð, Ginger & chilli spices og  
Lemon Chutney.



**NÝJUNG**

**Santa Maria**

Coconut & pepper tortilla, Jamaican Jerk  
spices og Mango sauce



**Calavo avocado frá Mexico**

Vinsælasta avocado í Mexico.  
2 stk í pk. 300 g

**599** kr/pk



Opið allan sólarhringinn  
Garðabæ og Skeifunni

**HAGKAUP**

*Meira  
svona  
alla daga*

ORKUSTOFNUN

## Eru deilibílar hluti af framtíðinni í samgöngum?

Kynning á fyrirbærinu „DEILIBÍLL“ á Orkustofnun, mánudaginn 26. febrúar kl. 11:45-13:00. Fyrsta erindi ársins í fyrirlestraröð Orkustofnunar og Grænu orkunnar um orkuskipti.

Árni Sigurjónsson hjá Zipcar heldur fyrirlestur á vegum Orkustofnunar, í samstarfi við Grænu orkuna - samstarfsvettvang um orkuskipti. Skráning hjá os.is

Orkustofnun - Grensásvegi 9 - 108 Reykjavík - Sími 569-6000 - www.os.is



## AUGLÝSING um sveitarstjórnarkosningar 2018.

Á grundvelli 1. mgr. 1. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, með síðari breytingum, fara almennar sveitarstjórnarkosningar fram 26. maí 2018.

Frestur til að skila framboðslistum til yfirkjörstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi er til kl. 12 á hádegislaugardaginn 5. maí 2018. Sveitarstjórnarmenn sem hyggjast skorast undan endurkjöri skulu tilkynna þá ákvörðun til yfirkjörstjórnar fyrir lok framboðsfrests.

Útankjörfundaratkvæðagreiðsla getur hafist 31. mars 2018.

Þetta auglýsing er með samkvæmt 2. mgr. 1. gr. framangreindra laga.

Dómsmálaráðuneytinu, 21. febrúar 2018.



## Sjóðurinn veitir tvennskona styrki

- Til rannsóknarverkefna sem tengjast vinnuumhverfi eða aðbúnaði félagsmanna VM og þróun námsefnis og kennsluáferða til menntunar þeirra.
- Til ýmiss konar brautryðjenda- og þróunarstarfs sem hefur samfélagslegt gildi, menningarstarfsemi eða listsköpunar.
- Einstaklingar, fyrirtæki, rannsókn- og menntastofnanir geta sótt um styrk úr sjóðnum.

Umsóknir berist Akki, Styrtar- og menningarsjóði VM, eigi síðar en 26. mars 2018.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu VM, [www.vm.is](http://www.vm.is), þar sem nálgast má umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar.



Landsfélag í vél- og málmæktæni

VM-Félag vélstjóra og málmæktæmanna · Stórhöfða 25 · 110 Reykjavík · 575 9800



Skortur er á menntuðum lögreglumönnum til starfa. Þingmaður segir ófremdarástand ríkja. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Vilja fjölga menntuðum lögreglumönnum á vakt

Formaður Landssambands lögreglumanna segir það ótækt að ómenntaðir lögreglumenn starfi einir við skyldustörf. Útlit er fyrir að það verði staðan í sumar. Þingmaður Miðflokksins segir sveltistefnu hafa ríkt í löggæslumálum.

**STJÓRNSÝSLA** Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, segir þá stöðu sem upp er komin varðandi skort á faglærðum lögreglumönnum og þá staðreynd að ófaglærðir lögreglumenn geti lent í því að vera einir á vakt í dreifbýli alvarlega. Því skipti miklu máli að bæta stöðuna og fjölga menntuðum lögreglumönnum í starfi.

„Þessi staða sem upp er komin er í einu orði sagt grafalvarleg,“ segir Snorri. „En þetta er hins vegar staða sem var viðbúið að kæmi upp þegar ákvörðun var tekin um að hefja háskólanám í lögreglufræðum við Háskólann á Akureyri og leggja niður lögregluskólann um leið. Þá myndast gat í útskrift menntaðra lögreglumanna.“

Fréttablaðið greindi frá því í gær að líklegt þykir að ómenntaðir lögreglumenn verði einsamir við skyldustörf á þjóðvegum landsins í sumar vegna fjárskorts lögregluembætta. Þeir lögreglumenn hafa ekki leyfi til að aka forgangsakstur sem eykur enn á viðbragðstíma lögreglunnar í dreifbýli.

Þorsteinn Sæmundsson, þing-

maður segir þá stöðu sem upp er komin er í einu orði sagt grafalvarleg.

Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna



Það er ófremdarástand í löggæslumálum hér á landi.

Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Miðflokksins



maður Miðflokksins, ræddi stöðu lögreglunnar á þingi í vikunni við dómsmálaráðherra. Hann segir fækkun í lögreglulíðinu gera lítið

annað en minnka þá þjónustu sem landsmenn fá. „Til að mynda hefur ekki verið lögreglumaður á vakt í Dalasýslu. Þegar eitthvað gerist þar þarf lögreglumaður að koma annars staðar að. Það er ófremdarástand í löggæslumálum hér á landi og sveltistefnan hefur varað nógu lengi. Nú er mál að linni. Verið er að gefa vogunarsjóðum banka á lítinn pening og því er greinilegt að nóg er til í kassanum til að veita inn í málaflökkinn,“ segir Þorsteinn.

Í síðustu fjárlagagerð var fjögur hundruð milljónum króna varið aukalega í lögregluna frá því sem var árið áður. Hins vegar var það mat Ríkislögreglustjóra að nauðsynlegt hefði verið að bæta við þremur milljörðum króna vegna fjölgunar ferðamanna, aukinnar umferðar á vegum úti og til að veita upp á móti þeirri fækkun sem orðið hefur í lögreglulíðinu síðustu ár. Álag á lögreglumenn í störfum hefur aukist mikið hin síðari ár sem birtist í auknum langtímaveikindum lögreglumanna og auknu brottfalli menntaðra lögreglumanna úr stéttinni. [sveinn@frettabladid.is](mailto:sveinn@frettabladid.is)

## Lofa að tilkynna óhöppin framvegis

**UMHVERFISMÁL** Forsvarsmenn fiskeldisfyrirtækisins Arnarlax viðurkenna að það hafi verið mistök að tilkynna Umhverfisstofnun ekki um tvö óhöpp sem urðu á búnaði fyrirtækisins í síðustu viku. Þeir segjast munu sjá til þess að það verði gert í framtíðinni.

„Í framtíðinni munum við tilkynna öllum þremur stofnunum, Matvælastofnun, Umhverfisstofnun og Fiskistofnu, bara til að vera alveg viss. Í þessu tilfelli máttum við það svo að við þyrftum ekki að tilkynna þetta til Umhverfisstofnunar. Það voru mistök, við báðumst afsökunar á því og munum gera það hér eftir,“ segir Víkingur Gunnarsson, framkvæmdastjóri Arnarlax.

Annað málið sem um er að ræða snýst um að 53.110 eldislaxar hafi drepist þegar reynt var að flytja laxinn úr sjókví í Tálknafirði sem



Víkingur Gunnarsson, framkvæmdastjóri Arnarlax. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

hafði bilað og yfir í bát fyrirtækisins. Hins vegar kom gat á sjókví fyrirtækisins í Arnarfirði um svipað leyti.

Eftirlit með fiskeldi hefur verið gagnrýnt að undanförunni í kjölfar þessara tveggja óhappa hjá Arnarlaxi. Matvælastofnun hefur enn

ekki, 11 dögum eftir að óhöppin voru tilkynnt, farið á staðinn og tekið út búnaðinn.

Kristian Matthíasson, forstjóri Arnarlax, er ekki á því að eftirliti sé ábótavant varðandi fiskeldi hér á landi. Þvert á móti hafi það batnað mikið undanfarið tvö ár. – **ai**



# Ford



## FIESTA ER FLOTT!

**Komdu, reynsluaktu og upplifðu geggjaðan Ford Fiesta!**

Ford Fiesta hefur verið endurhannaður frá grunni með gjörbreyttum framenda, rennilegum framljósum og straumlínulaga línunum eftir öllum bílunum.

Opnaðu dyrnar á Fiesta og þú heillast af vandaðri innréttingunni.

Einkenni Ford Fiesta eru ríkulegur staðalbúnaður, frábærir aksturseginnleikar, fimm stjörnu öryggi, hagstætt verð og lágur rekstrarkostnaður.

### FORD FIESTA FÆST Í FJÓRUM ÚTGÁFUM

**Fiesta Trend** frá 2.250.000 kr.

**Fiesta Titanium** beinskiptur frá 2.650.000 kr. | Sjálfskiptur frá 2.850.000 kr.

**Fiesta Trend Edition** frá 2.390.000 kr.

**Fiesta ST-Line** beinskiptur frá 2.890.000 kr. | Sjálfskiptur frá 2.990.000 kr.



[ford.is](http://ford.is)



Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6  
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:  
Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17  
og laugardaga kl. 12-16

## Húsmæðraorlof Gullbringu- og Kjósarsýslu 2018

Garðabær, Garður, Grindavík, Kjósarhreppur, Mosfellsbær, Reykjanesbær, Sandgerði, Seltjarnarnes, Vogar.

Rétt til þess að sækja um eftirfarandi ferðir, hefur sérhver kona sem veitir eða hefur veitt heimili forstöðu án launagreiðslu fyrir það starf.

Í ár verða eftirtaldar ferðir í boði:

Sumarævintýri í Alsace í Frakklandi.....27. maí – 3. júní  
Haustgledi í Prag í Tékklandi.....5. – 9. október  
Aðventuferð til Wiesbaden  
í Þýskalandi .....29. nóvember – 2. desember

Eftirtaldar konur veita nánari upplýsingar og taka á móti pöntunum í síma á milli kl. 17:00 og 19:00 á virkum dögum frá 26. febrúar - 7. mars.

Svanhvít Jónsdóttir .....565 3708  
Ína D. Jónsdóttir.....421 2876  
Guðrún Eyvindsdóttir ...422 7174  
Valdís Ólafsdóttir.....566 6635  
Sigrún Jörundsdóttir ....565 6551

## Auglýst eftir framboðum til kirkjuþings

Á grundvelli 11. gr. starfsreglna um kjör til kirkjuþings, nr. 1075/2017 auglýsir kjörstjórn þjóðkirkjunnar eftir framboðum til kirkjuþings.

Á kirkjuþingi eiga sæti 29 þjóðkirkjumenn kjörnir til fjögurra ára í senn. Eru 12 þeirra úr hópi vígðra manna, þ.e. presta og djákna og 17 leikmenn.

**Kjörgengur til kirkjuþings er:**

**a.** hver vígður maður sem á kosningarrétt skv. 3. gr. starfsreglna nr. 1075/2017 **b.** hver leikmaður sem hefur hlotið skírni í nafni heilagrar þrenningar, skráður er í íslensku þjóðkirkjunni, og hefur náð 18 ára aldri.

**Kjörgengisskilyrði skulu vera uppfyllt 1. apríl 2018.**

Þeir sem hyggjast bjóða sig fram til kirkjuþings skulu hafa tilkynnt kjörstjórn framboð sitt skriflega eigi síðar en 15. mars 2018. Tilkynningu um framboð skal senda til biskupsstofu, Laugavegi 31, 150 Reykjavík, eða í tölvupósti á netfangið kirkjan@kirkjan.is

Kjörstjórn getur óskað eftir að sá sem hyggst bjóða sig fram, framvísi staðfestingu er sýni kjörgengi hans.

Ef ekki berast nægilega mörg framboð, sbr. 11. gr. starfsreglan um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017, skal kjörstjórn svo fljótt sem auðið er gera uppstillingarnefnd kirkjunnar viðvart. Skal uppstillingarnefnd tilnefna þá frambjóðendur sem á vantar. Skal sú tilnefning hafa borist kjörstjórn eigi síðar en 31. mars nk., ásamt samþykki hlutaðeigandi.

Kosningarnar verða rafrænar og standa frá kl. 12:00 hinn 2. maí 2018 til kl. 12:00 hinn 7. maí s.á. Verða kosningarnar auglýstar sérstaklega síðar.

Fyrir hönd kjörstjórnar  
Hjördís Stefánsdóttir, formaður



GEÐHJÁLPA

## AÐALFUNDUR GEÐHJÁLPAR 2018

Aðalfundur Geðhjálpar verður haldinn að Borgartúni  
30, 2. hæð til hægri, laugardaginn 17. mars kl. 14.

Á dagskrá verða hefðbundin aðalfundarstörf, m.a. kjör nýrra stjórnarmanna, umfjöllun um ársskýrslu og ársreikning samtakanna.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta á fundinn.

Virðingarfyllst, stjórn Geðhjálpar.  
[www.gedhjalp.is](http://www.gedhjalp.is)



Rúmlega fjörutíu ára bygging sem lengi hýsti verslun Ellingsen norðan Alliance-hússins á að hverfa. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Bætur fyrir útsýni yfir hafið og Snæfellsjökul

Eigendur íbúða á Mýrargötu 26 mótmæla harðlega tillögu vegna nýrra bygginga vestan við húsið og boða skaðabótakröfur á hendur borginni. Skipulagsstofnun segir borgina gefa misvísandi myndir af hæð nýbyggingar í kynningargögnum.

**SKIPULAGSMÁL** „Þessar breytingar ganga þvert á þær forsendur sem urðu til þess að við völdum að kaupa íbúðina fyrir tveimur árum, þar sem umhverfið, lífsgæðin, birta íbúðarinnar og útsýnið til Snæfellsjökuls vógu þyngst,“ segir í mótmælubréfi vegna fyrirhugaðrar breytingar á skipulagi Alliance-reitsins við Reykjavíkurborg.

Fyrir liggur tillaga um að breyta skipulagi sem gert var fyrir Alliance-reitinn árið 2013. Leyfðar verða fjórar hæðir í stað þriggja við hlið Mýrargötu 26 og byggingarmagn ofanjarðar á lóðinni er meira en tvöfaldað; verður 6.700 fermetrar í stað 3.300 fermetra. Bílakjallari minnkar úr 1.500 í 1.400 fermetra. Þá er skilgreiningu reitsins breytt þannig að gert verði ráð fyrir hóteltarfémi.

Íbúar við Mýrargötu 26, og þá þeir sem eru vestan megin í húsinu, eru áberandi í hópi andstæðinga breytingarinnar. Er fyrrnefnd tilvitnun frá eigendum íbúðar þar, þeim Árna Möller og Signýju Pálsdóttur.

„Um það bil níu metrum frá stofu- og svefnherbergisgluggum okkar munu koma íbúðir með tilheyrandi gluggum og svölum. Þetta skerðir lífsgæði okkar mjög mikið og friðhelgi einkalífsins með öllu horfin nema dregið sé fyrir glugga,“ segir einnig í bréfi Árna og Signýjar. Þau áskilja sér rétt til að krefjast bóta af borginni.

Helga Bragadóttir og Jóhann Sigurjónsson segjast í sínu bréfi hafa keypt íbúð í húsinu í ágúst 2014 eftir að hafa kynnt sér nýtt aðalskipulag og gildandi deiliskipulagsáætlun.

„Vegna einstaks útsýnis frá íbúð 509 og með tilliti til nýrra deiliskipulagsákvæða í næsta nágrenni var ákveðið að verja umtalsverðum fjármunum umfram þá sem greiða þurfti fyrir samskonar íbúðir á hæðum neðar, enda tryggt að ekki yrði byggt vestan íbúða á 5. hæð, sem eru hæðinni hærrí en friðað Alliance hús,“ rekja Helga og Jóhann sínar aðstæður. Segja þau verðgildi eignar sinnar munu skerðast og þau áskilja sér einnig rétt til að sækja bætur.

Guðmundur Þorsteinsson bendir í sínu bréfi á að nýtingarhlutfall Alliance-lóðarinnar muni aukast um



Hér sést hvernig nýbyggingar eiga að rísa vestan Mýrargötu 26 og nánast umlykja Alliance-húsið á þrjá vegu. Eigendur Mýrargötu 26 mótmæla tillögunni.

Í svörum við athugasemdum er ýmist sagt að húsið sé þrjár hæðir eða þrjár hæðir séð frá Mýrargötu og aðeins sé verið að breyta formi þess.

Skipulagsstofnun

ríflega 77 prósent. „Það er því ljóst að um meiriháttar breytingar er að ræða á byggingarmagni á umræddum reit og ljóst að slíkt kallar á verulegan forsendubrest þeirra aðila sem fjárfestu í dýrum íbúðum að Mýrargötu 26,“ skrifar hann.

Í bókun meirihlutaflökkanna í borgarstjórn frá í október 2017 er bent á að byggingarmagnið á reitnum verði með þessari tillögu umtalsvert minna en samkvæmt skipulagi sem hafi verið í gildi er borgin keypti reitinn á árinu 2012.

Skipulagsstofnun gagnrýnir framgöngu borgarinnar. „Gögn eru misvísandi varðandi hæðafjölda nýbyggingar milli Alliance hússins og Mýrargötu 26 og viðbrögð við athugasemdum er ófullnægjandi,“ segir stofnunin í bréfi. Helstu athugasemdir sem borist hafi lúti að

umtalsverðri aukningu byggingarmagns og hæð nýbygginga. Einnig séu áhyggjur af hótelpbygggingu og fækkun bílastæða á lóð.

Þá segir Skipulagsstofnun að í greinargerð og svörum borgarinnar við athugasemdum komi fram að meginmarkmið með breytingunni sé að styrkja stöðu Alliance-hússins og skapa stað með sterkan heildarsvip. „Telur Skipulagsstofnun að rökstyðja þurfi betur hvernig þessi útfærsla styrkir stöðu Alliance hússins og uppfyllir önnur markmið breytingarinnar,“ segir stofnunin og bendir á að Minjastofnun telji áformin hafa neikvæð áhrif á Alliance-húsið.

Þá telur Skipulagsstofnun að svör borgarinnar við athugasemdum varðandi nýbygginguna milli Alliance-hússins og Mýrargötu 26 séu ekki rétt hvað varðar hæðafjölda. Húsið sé fjórar hæðir en ekki þrjár eins og komi fram í uppdætti. „Í svörum við athugasemdum er ýmist sagt að húsið sé þrjár hæðir eða þrjár hæðir séð frá Mýrargötu og aðeins sé verið að breyta formi þess.“

Eigendur fasteigna við Grandagarð 1-13 gagnrýna áformin harðlega af ýmsum ástæðum: „Leggjumst við allir sem einn gegn þeim tillögnum sem fyrir liggja um uppbyggingu Alliance reitsins.“ [gar@frettabladid.is](mailto:gar@frettabladid.is)

# FRUMSÝNUM NÝJAN KAROQ



ŠKODA



## ŠKODA KAROQ OPNAR ÞÉR NÝJAR LEIÐIR Í LÍFINU.

Við frumsýnum nýjan KAROQ í HEKLU í dag milli kl. 12 og 16. Þessi nýjasti jepplingur frá ŠKODA er vel búinn snjöllum lausnum og tækninýjungum sem gera aksturinn öruggari og skemmtilegri. Komdu og skoðaðu þennan margverðlaunaða jeppling yfir Krispy Kreme og rjúkandi heitu kaffi. Hlökkum til að sjá þig!

ŠKODA KAROQ frá:  
**3.890.000 kr.**



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · [hekla.is](http://hekla.is)  
Höldur Bílasala · Þórsstíg 2 · Akureyri · Sími 461 6020 · [holdur.is/bilasala](http://holdur.is/bilasala)

[www.skoda.is](http://www.skoda.is)

Fræ

## Styrkir til frumkvöðla

Umsóknarfrestur er til 4. apríl 2018



Fræ er fyrir frumkvöðla með hugmyndir og verkefni á frumstigi sem getur leitt af sér stærra þróunarverkefni.

Nánari upplýsingar eru á [tths.is](http://tths.is)



Tæknipróunarsjóður

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR

# MEÐ SKAPANDI HUGSUN BREYTTUM VIÐ...

**Bakkalárnám 9. apríl**

Arkitektúr  
Fatahönnun  
Grafísk hönnun  
Vöruhönnun  
Myndlist  
Sviðshöfundabraut  
Hljóðfæri / Söngur  
Hljóðfærakennaranám  
Rytmiðskt kennaranám  
Kirkjutónlist  
Skapandi tónlistarmiðlun  
Tónsmíðar / Nýmiðlar

Upplýsingar um  
umsóknar- og inntökufærli  
má finna á [lhi.is](http://lhi.is)

**Alþjóðlegt meistaranám  
30. apríl**

Meistaránám í sviðslistum  
Meistaránám í hönnun  
Meistaránám í myndlist  
Meistaránám í tónsmíðum  
Sköpun, miðlun og frum-  
kvöðlastarf (NAIP)

**Meistaránám 11. maí**

Meistaránám í listkennslu  
(diplóma og aðfaranám)  
Meistaránám í söng- og  
hljóðfærakennslu

**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Iceland University of the Arts



Börn fá aðhlyningu á bráðabirgðasjúkrahúsi í Austur-Ghouta eftir árásir Assad-liða. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Fær að minnsta kosti að borða í himnaríki

Linnulausar árásir Assad-liða á Austur-Ghouta halda áfram. Tala látinna hækkar. Öryggisráðið átti að greiða atkvæði um vopnahlé í gær. Atkvæðagreiðslunni frestað ítrekað. Rússar sakaðir um að tefja svo árásir á svæðið geti haldið áfram.

**SÝRLAND** „Ég er að bíða eftir að sonur minn deyi. Þá verður hann allavega laus við sársaukann. Ég var bara að reyna að baka brauð fyrir hann þegar þakið á húsinu okkar hrundi. Hann er að fara beint til himna. Það er að minnsta kosti matur á himnum.“ Þetta sagði móðir sjúklings í myndbandi sem BBC birti í gær en miðillinn fylgdist með störfum læknisins Amani Balour í Austur-Ghouta í Sýrlandi.

Árásir bandamanna Bashars al-Assad, forseta Sýrlands, á Austur-Ghouta héldu áfram í gær og hafa nú að minnsta kosti 462 farist eftir að Assad-liðar settu aukinn þunga í sókn sína á sunnudaginn. Stór hluti hinna látnu var á barnsaldri. Svæðið er síðasta stóra vígi uppreisnarmanna nærri höfuðborginni Damaskus og er umkringgt yfirráðasvæðum stjórnarliða. Eru því um 400.000 almennir borgarar innlykka í Austur-Ghouta þar sem hjálpar-samtök segja að matur, vatn, lyf og aðrar nauðsynjavörur séu á þrotum.

Á annan tug sjúkrahúsa hafa orðið fyrir sprengjum svo illa gengur að koma særðum undir læknis-

462

hið minnsta hafa farist í  
Austur-Ghouta frá því að  
sókn Assad-liða þyngdist  
á sunnudag.

hendur. Samtökin Læknar án landmæra sögðu í yfirlýsingu í gær að árásir stjórnarliða kæmu í veg fyrir að samtökin gætu aðstoðað íbúa. Blóðbankinn væri tómur, sýklalyf og deyfilyf ekki til.

Til stóð að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna gengi til atkvæðagreiðslu í gær um ályktun um vopnahlé í Sýrlandi en henni var frestað til dagsins í dag að því er Al Jazeera greinir frá.

Í drögnum, sem Kúveit og Svíþjóð lögðu fram, er kveðið á um þrjátíu daga vopnahlé í öllu Sýrlandi sem myndi hefjast þremur sólarhringum eftir samþykkt ályktunarinnar. Tveimur sólarhringum eftir það myndu hjálpar-samtök

flytja nauðsynjar til íbúa og flytja særða á brott. Enn fremur segir í drögnum að 5,6 milljónir Sýr-  
lendinga þurfi aðstoð.

Einnig er kveðið á um að vopnahléið nái ekki til hryðju-  
verkasamtakanna sem kenna sig við  
islamskt ríki og al-Nusra, fyrrverandi  
bandamanna al-Kaida.

Rússar, sem hafa neitunarvald í  
öryggisráðinu, vilja ganga lengra og  
sagði Sergei Lavrov, utanríkisráð-  
herra Rússlands, að útiloka þyrfti  
samtök sem ynnu með þeim fyrr-  
nefndum samtökum og þeim sem  
hefðu skotið á Damaskus. Fyrri  
vopnahlé hafa sjaldan borið mikinn  
árangur, að því er kemur fram í  
umfjöllun Reuters.

Víðræður Rússa við önnur ríki  
sem eiga sæti í ráðinu voru ástæða  
frestunarinnar. Sagði Mansour  
Ayyad al-Otaibi, sendiherra Kúveits,  
við Reuters í gær að unnið væri enn  
að nokkrum greinum.

Kröfu Rússa er hægt að túlka  
þannig að þeir vilji að tvær stærstu  
fylkingar uppreisnarmanna í Austur-  
Ghouta verði líka útilokaðar. Þær  
eru annars vegar Jaish al-Islam og  
andstæðingar þeirra í Faylaq al-  
Rahman. Síðarnefnda hreyfingin  
hefur áður barist við hlið öfgasam-  
takanna Hayat Tahrir al-Sham sem  
er undir forystu al-Nusra.

„Við höfum ekki fengið það  
tryggt að uppreisnarmenn haldi  
ekki áfram að skjóta á íbúabyggðir  
í Damaskus,“ sagði Lavrov í yfirlýs-  
ingu um víðræðurnar í gær. Sagði  
hann að Rússar væru tilbúnir  
að samþykkja drögin en ekki í  
óbreyttri mynd.

„Til þess að ályktunin beri  
árangur leggjum við til breytingar  
sem myndu tryggja raunverulegt  
vopnahlé. Tillögur okkar krefjast  
ákveðinna trygginga frá þeim sem  
eru innan Austur-Ghouta jafnt sem  
utan,“ sagði Lavrov.

Vesturveldunum í öryggisráðinu  
þótti lítið til um málflutning Rússa.  
Ef marka má frétt BBC grunar vestur-  
veldin að Rússar hafi einfaldlega  
verið að reyna að tefja ferlið svo  
stjórnarherinn gæti unnið fulln-  
aðarsigur og tekið Austur-Ghouta  
af uppreisnarmönnum. Kölluðu  
Bandaríkin, Bretland og Frakkland  
eftir því að ályktunin yrði samþykkt  
tafarlaust. [thorgnyr@frettabladid.is](mailto:thorgnyr@frettabladid.is)

### Orlofsnefnd húsmæðra í Reykjavík

Fundur verður haldinn til að kynna ferðir  
ársins 2018 á Hótel Natura (Loftleiðahótelinu)

Þriðjudaginn 27. febr. 2018 kl. 19:30

Kaffiveitingar, verð kr. 3.190,-

Upplýsingar um ferðir ársins 2018 er hægt að finna á  
<http://orlofrvk.123.is/> Hægt er að nálgast upplýsingar og  
bækling á skrifstofunni að Hverfisgötu 69, á mánudögum,  
þriðjudögum og miðvikudögum, milli klukkan 16:00 til 17:30, í  
mars og apríl 2018 og í síma 551-2617/864-2617 á sama tíma.

„Sérhver kona, sem veitir eða hefur veitt heimili  
forstöðu án launagreiðslu fyrir það starf,  
á rétt á að sækja um orlof.“

Nefndin

Vissir þú að...

þú eiga rétt á aðstoð

og hjálp ef þú ert í ofbeldi



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY



Innovation  
that excites

# EINN VINSÆLASTI SPORTJEPPI LANDSINS



## FÁÐU MEIRA MEÐ NÝJUM NISSAN QASHQAI

- Nýtt útlit
- Ný tækni
- Ný innrétting

Nú er Nissan Qashqai, einn vinsælasti sportjeppi landsins til margra ára, kominn í nýrri og breyttri útgáfu. Nýtt útlit, ný innrétting og nýjar skemmtilegar tæknilausnir sem auka ánægju og akstursöryggi.

Verið velkomin í reynsluakstur á nýjum og tæknilegum Qashqai.

VERÐ FRÁ:  
**3.550.000 KR.**

Verð á mánuði: 40.159 Kr.\*

\*Miðað við reiknivél Lykill.is á Lykilláni til 84 mánaða og 30% innborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar 9,33%. Nánari upplýsingar um lánakostnað á Lykill.is

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bilasalan Bilás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bilasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is





# BÍLAFJÖR BRIMBORGAR

LAUGARDAG FRÁ 12-16

Komdu í Bílafjör Brimborgar í dag.  
Brimborg býður upp á yfir 500 gerðir bíla,  
frábært verð og framúrskarandi þjónustu.  
– við eigum rétta bílinn fyrir þig!

GLÆSILEGIR  
NÝIR BÍLAR!

## ÚRVAL OG ÞJÓNUSTA

**CITROËN C3 AIRCROSS**  
TILNEFNDUR SEM BÍLL ÁRSINS 2018  
Í EVRÓPU

Verð frá: 2.990.000 kr.



**MAZDA CX-3**  
SÖLUHÆSTI BÍLLINN Í SÍNUM FLOKKI  
Á EINKABÍLAMARKAÐI

Verð frá: 2.920.000 kr.




**PEUGEOT 3008**  
BÍLL ÁRSINS  
Á ÍSLANDI 2018

Verð frá: 3.740.000 kr.



# BRIMBORG ÚRVAL, REYNSLA OG ÞJÓNUSTA

Brimborg hefur veitt vídtæka bílaþjónustu í yfir 50 ár og er í hópi stærstu bílaumboða landsins.



## ALLT Á EINUM STAÐ

### VOLVO XC60

JEPPI ÁRSINS Á ÍSLANDI 2018  
VALINN ÖRUGGASTI BÍLL Í HEIMI!

Verð frá: 6.790.000 kr.



### FORD FIESTA

MEST SELDI SMÁBÍLL  
Í EVRÓPU Í MÖRG ÁR!

Verð frá: 2.250.000 kr.

MEST SELDI  
SMÁBÍLL  
Í EVRÓPU



SKOÐAÐU ÚRVALIÐ FRÁ  
FORD, VOLVO, MAZDA, CITROËN OG PEUGEOT HJÁ BRIMBORG

Ekki missa af fjörinu!  
– Komdu í Brimborg í dag

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 8

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5

[brimborg.is](http://brimborg.is)

**brimborg**  
Öruggur staður til að vera á

# Ekki nóg



Kristín Þorsteinsdóttir  
kristin@frettabladid.is

**F**orseti Alþingis hefur tilkynnt að breytingar séu í vændum á reglum um þingfararkostnað. Héðan í frá verði akstur á eigin bíl bundinn við fimmtán þúsund kílómetra og reglur um bílaleigubíla skýrðar. Loks verði kröfur um staðfestingargögn vegna aksturs hertar.

Síðast en ekki sist var tilkynnt að þingmönnum bæri framvegis að skila mánaðarlegu yfirliti um þingfararkostnað og að slík yfirlit yrðu öllum aðgengileg á netinu. Birtingarskyldan skal vera afturvirk og gilda frá 1. janúar síðastliðnum.

Ástæða er til að hrósa þinginu fyrir skjót og fumlaus viðbrögð. Hins vegar hlýtur sú spurning að vakna hvers vegna miðað sé við 1. janúar 2018 en ekki farið lengra aftur í tímann. Er hugsunin að gefa þingmönnum tækifæri til að bæta ráð sitt og slá striki yfir fortíðina? Gömlum syndum eigi einfaldlega að gleyma?

Auðvitað er þetta ekki fullnægjandi. Komið hefur fram að Ásmundur Friðriksson rukkaði skattgreiðendur á síðasta ári um 2,5 milljónum króna hærrí upphæð en sem nemur áætluðum rekstrarkostnaði bíls hans á einu ári. Þótt Ásmundur hafi verið efstur á blaði voru allnokkrir með háar upphæðir.

Tíu akstursglöðustu þingmennirnir rukkuðu um 29 milljónir króna. Sömuleiðis hafa komið fram upplýsingar sem benda til þess að reglur um húsnæðis- og dvalarkostnað hafi verið misnotaðar, eða í besta falli togaðar og teygðar. Um risnu þingmanna og ráðherra er ekkert vitað.

Enn hefur ekki verið upplýst að fullu hverjir eiga í hlut. Slíkt er ólíðandi fyrir þann meirihluta þingmanna sem ekkert hefur að fela. Skilaboðin út í samfélagið eru afleit. Ráðamenn þurfa ekki að mæta afleiðingum gjörða sinna.

Björn Lévi Gunnarsson, þingmaður Pírata, hefur sent erindi til forsætisnefndar þess efnis að rannsakað verði hvort reglur þingsins hafi verið brotnar við endurgreiðslu á aksturspaningum. Hann vill sömuleiðis að upplýst verði hvort skrifstofa Alþingis og skrifstofustjóri hafi vanrækt að sinna eftirliti með endurgreiðslum til þingmanna. Hvort tveggja eru brýnar spurningar sem brýnt er að svara.

Þegar fólk fær sjálfðæmi í eigin málum gengur það oft á lagið. Því miður virðist sem lenska hafi verið meðal þingmanna að misnota tómlæti starfsmanna þingsins þegar kemur að eftirliti með endurgreiðslu á útlögðum kostnaði.

Við þekkjum það frá nágrannalöndum okkar að þingmenn hafa verið sóttir til saka vegna lægri fjárhæða en hér er teft um.

Jón Þór Ólafsson, sérfræðingur í refsirétti, hefur látið hafa það eftir sér að röng skráning í aksturfbók geti talist til fjársvika. Sama gildir væntanlega um annan kostnað sem fæst endurgreiddur á fölskum forsendum.

Þingið hefur nú sýnt vilja til að breyta verklagi sínu til batnaðar. Ef eyða á grunsemdum að fullu þarf að ganga enn lengra.

Ráðamenn eiga ekki að vera hafnir yfir lögin.



Því miður virðist sem lenska hafi verið meðal þingmanna að misnota tómlæti starfsmanna þingsins þegar kemur að eftirliti með endurgreiðslu á útlögðum kostnaði.

## Gunnar



## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



### Ef ég slæ Kára Stefánsson kinnhest...

**D**aginn eftir að ég flutti frá Íslandi til Bretlands stóð ég við mjólkurkæli í stórmarkaði með lamandi valkviða og snert af heimþrá. Mjólkurúrval verslunarinnar var svo mikið að mjólkurkælirinn var sjö metra langur. Úrvalið var þó ekki eina menningar-sjokkið sem beið mín í kælivörðunum.

Þar sem ég stóð full af söknuði eftir einfaldleika einokunarstöðu Mjólkursamsölunnar – var Nýmjólk, Léttmjólk og Fjormjólk ekki nóg? – heyrði ég ungan dreng biðja mömmu sína um að kaupa handa sér kókömjólk. Þegar móðirin neitaði rak drengur upp skaðræðisöskur. Útundan mér sá ég móðurina lyfta handleggnum. Ég taldi hana ætla að faðma drenginn að sér. Svo var þó ekki. Hvellur kvað við þegar móðirin rak syni sínum kinnhest.

#### Aldalöng hefð

Í Bretlandi eru líkamsmeiðingar bannaðar samkvæmt almennum hegningarlögum. Ein undantekning er þó þar á. Foreldrar mega enn refsa börnum sínu með líkamsmeiðingum sé það gert skynsamlega og barnið láti ekki á sjá.

Í lok síðasta árs tilkynnti ríkisstjórn Skotlands að hún hygðist banna síðinn. Upphófst umræða um hvort ekki væri ráð að enskum lögum yrði einnig breytt. Englendingar héldu nú ekki. Þeir báru því við að aldalöng hefð væri fyrir því að foreldrar döngluðu í óþekkt börn; virða þyrfti frelsi foreldra til að síða börn sín eins og þeim sýndist best – ríkinu kæmi það ekkert við.

#### Út fyrir tungarðinn

Frumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi um bann við umskurði drengja hefur vakið hörð viðbrögð. Þeir sem gagnrýnt hafa frumvarpið hafa einkum beint sjónum að tvennu: Trúfrelsi og virðingu fyrir menningu og hefðum annarra.

Hildur Eir Bolladóttir, prestur í Akureyrarkirkju, komst svo að orði á Facebook: „Elsku vinir þetta snýst ekki um hvort okkur geðjist að umskurn drengja, flest okkar óar við slíku inngrípi á börnum en það er bara ekki nóg að óa þegar kemur að umræðu um siðferðisviðmið og fjöl-

menningu við verðum að bita á jaxlinn og hugsa út fyrir tungarðinn heima hjá okkur.“

Ég ætla að hætta á að afhjúpa minn innri molbúa sem „sér ekki út fyrir tungarðinn“ og spyrja: Hvað með börnin? Er enginn að hugsa um börnin?

Einu sinni var hefð fyrir þrælalaldi. Enn eru konur grýttar í nafni trúarbragða. Fæstum okkar dytti í hug að réttlæta slíkt á þeim forsendum að um hefð eða trúarbrögð væri að ræða. Hvers vegna gilda önnur viðmið þegar um er að ræða börn en fulloröna?

#### Heilagur réttur

Pistlahöfundurinn knái, Kári Stefánsson, skrifaði opið bréf til Alþingis Íslendinga í Fréttablaðið í vikunni undir yfirskriftinni „Leyfið foreldrunum“. Þar gagnrýndi hann frumvarpið um umskurð drengja og sagði það vega „að rétti foreldra til þess að taka ákvarðanir fyrir hönd barna sinna sem hefur verið höndlaður sem allt að heilagur á Íslandi fram til þessa“. Nefndi hann sem dæmi að foreldrum sem tilheyrðu Vottum Jehóva leyfðist að meina læknum að gefa börnum sínum blóð þótt líf barnanna lægi við; foreldrum leyfðist að reykja og drekka áfengi kringum kornabörn sín þótt það skapaði þeim hættu.

Þótt ég sé að þessu sinni á öndverðri skoðun við Kára sýnist mér hann enn sem oftast hitta naglann á höfuðið.

Allt of víða er réttur foreldris til að vera fáviti dæmduar æðri rétti barns til mannréttinda. Af hverju trompa trúarbrögð foreldris rétt barns til eigin líkama? Af hverju er í lagi að reka barni kinnhest en ekki fullorönum? Þótt siður sé útbreiddur þýðir það ekki að hann sé liðandi. Þótt eitthvað hafi verið stundað lengi er það ekki endilega réttmætt.

Með sömu rökum og Kári ténir til í grein sinni vil ég biðla til Alþingis: „Leyfum foreldrum ekki“. Nær væri að kanna réttarstöðu barna sem eiga foreldra í Vottum Jehóva en að drekkja umskurðarfrumvarpinu í yfirlætisfullu orðagjálfrum frelsi, viðsýni og virðingu.

Kári Stefánsson lýkur grein sinni á að segja frumvarpið forræðishyggju. Væri ekki hægt, með sömu rökum, að segja það forræðishyggju að ríkið banni mér að ganga upp að Kára og slá hann kinnhest? Mér er spurn.



## Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf.

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf. verður haldinn á Goðalandi Fljótshlíð, föstudaginn 23. mars 2018 og hefst kl. 15:00.

#### Dagskrá:

1. Aðalfundarstjórn samkvæmt 24. gr. samþykkt félagsins.
2. Önnur mál.

Tillögur frá félagsaðilum sem bera á fram á aðalfundi þurfa að vera komnar skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund. Framboð til stjórnar og varastjórnar skal hafa borist skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en þremur vikum fyrir aðalfund í samræmi við 2. mgr. 27. gr. samþykkt félagsins.

Reykjavík, 22. febrúar 2018.

Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf.



Glæsilegur

# Hyundai Tucson

Fjór hjóladrifinn sjálfskiptur eða beinskíptur, bensín eða dísil



OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

Nýr Hyundai Tucson er einstaklega fallegur, með sjálfskiptingu, framhjóladrifinn eða fjór hjóladrifinn með sparneytna bensín- eða dísilvél. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai TUCSON með fimm ára ábyrgð.

Hyundai Tucson - 4wd, dísil, ssk. Verð frá 4.990.000 kr.

Hyundai | Kaupþúni 1 | Sími 575 1200 | [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)



Hyundai Tucson 2wd / Dísilvél 1,7 lítrar, 141 hestöfl, eldsneytisnotkun 4,9 l/100 km\* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,9 l/100 km\*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.



Íslenska karlalandsliðið í körfubolta hafði betur gegn Finnum í gærkvöld. Næsti leikur Íslands er gegn Tékklandi á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

# Óaðfinnanleg frammistaða Íslands í fjórða leikhluta

Íslenska karlalandsliðið í körfubolta vann sinn fyrsta sigur í undankeppni HM þegar það bar sigurorð af Finnum, 81-76, í Laugardalshöllinni í gær. Íslendingar spiluðu frábærlega í 4. leikhluta sem þeir unnu 26-13.

**KÖRFUBOLTI** Íslendingar eru komnir á blað í undankeppni HM 2019 í körfubolta eftir frábæran 81-76 sigur á Finnum í Laugardalshöllinni í gær. Eftir jafnan fyrri hálfleik lenti íslenska liðið í ógöngum í upphafi seinni hálfleiks.

Finnar náðu mest 11 stiga forskoti en íslensku strákarnir sýndu þá úr hverju þeir eru gerðir og léku óaðfinnanlega síðustu 14 mínútur leiksins. Íslenska liðið endaði 3. leikhluta vel og kom á fljúgandi siglingu inn í þann fjórða sem liðið vann 26-13.

„Ég skemmti mér ótrúlega vel í dag. Ég hef rosalega gaman af að keppa með þessum strákum. Það er eitthvað sérstakt að spila hérna og fyrir landið sitt,“ sagði Hlynur Bæringssson eftir leikinn í gær. Fyrirliðinn átti stórleik; skoraði 14 stig, tók 12 fráköst og gaf fjórar stoðsendingar.

Líkt og í fyrstu tveimur leikunum í undankeppninni var Martin Hermannsson stigahæstur í íslenska liðinu í gær. Hann skoraði 26 stig og Finnarnir réðu ekkert við hann þegar hann keyrði á körfuna. Pavel Ermolinskij byrjaði áhlaup íslenska liðsins um miðjan 3. leikhluta og Haukur Helgi Pálsson steig upp í þeim fjórða.

Ísland leiddi með einu stigi í hálfleik, 39-38. Íslenska liðið átti góða kafla í fyrri hálfleik og spilaði heilt yfir vel.

Hlynur gaf tóninn og var kominn með fjögur fráköst eftir tvær mínútur. Martin fór fyrir íslenska sóknarleiknum í 1. leikhluta þar sem hann skoraði 11 stig í honum, þ. á m. þriggja stiga körfu undir blálok leikhlutans.

Það var eins gott að Martin var í stuði því lykilmenn á borð við Hauk Helga, Jón Arnór og Jakob Örn Sigurðarson skoruðu aðeins samtals sex stig í fyrri hálfleik.

Sóknarleikur Íslendinga var stírdur í upphafi seinni hálfleiks auk þess sem það mynduðust glufur í varnarleiknum. Það nýttu Finnarnir sér vel. Þeir skoruðu 12 af fyrstu 16 stigum seinni hálfleiks og náðu sjö stiga forskoti, 43-50.

„Við settum hausinn niður og hættum í smástund að vera ákveðnir og árásgjarnir. Við fórum inn í einhverja skel,“ sagði Hlynur um þennan erfða kafla. Finnsla liðið komst mest 11



ÍSLAND

81  
39



FINNLAND

76  
38

**Stig Íslands:** Martin Hermannsson 26/6 stoðs., Hlynur Bæringssson 14/12 fráköst, Haukur Helgi Pálsson 11, Pavel Ermonlinskij 8, Jón Arnór Stefánsson 7, Kristófer Acos 6, Hörður Axel Vilhjálmsson 5, Logi Gunnarsson 2, Jakob Örn Sigurðarson 2.

stigum yfir, 44-55, en tveir þristar frá Pavel komu Íslendingum aftur inn í leikinn. Þegar 3. leikhluta lauk var munurinn átta stig, 55-63.

Ísland byrjaði 4. leikhlutann af krafti, skoraði fyrstu átta stig hans og jafnaði í 63-63. Þegar fjórar og hálf mínúta var eftir stal Haukur Helgi boltanum og kom Íslandi yfir, 69-67. Jón Arnór setti svo niður sinn fyrsta og eina þrist í leiknum og kom Íslendingum fimm stigum yfir, 72-67. Þá forystu lét íslenska liðið ekki af hendi, spilaði af skynsemi undir lokin og vann að lokum frábæran fimm stiga sigur, 81-76.

Næsti leikur Íslands, og síðasti heimaleikurinn í riðlinum, er gegn Tékklandi á morgun. „Við töpuðum með 20 stigum úti en getum alveg unnið þá. Vonandi fáum við alveg fulla höll. Þótt líkurnar á að komast í lokakeppni HM séu ekki miklar er mjög mikilvægt fyrir okkur að ná árangri í þessari undankeppni, bara fyrir alla framtíð landsliðsins.“  
ingvithor@frettabladid.is

## Valdís áfram í toppbaráttunni

**GOLF** Valdís Þóra Jónsdóttir, kylfingur úr GL, var í fjórða sæti eftir tvo hringi á Australian Ladies Classic-mótinu í Bonville, Ástralíu, þegar blaðið fór í prentun en þriðji hringurinn fór fram í nótt. Mótið er hluti af LET-mótaröðinni, þeirri næststerkustu í heiminum. Valdís fylgdi eftir góðum fyrsta hring með því að spila á tveimur höggum undir pari á öðrum hring. Fékk hún þrjá fugla og tapaði aðeins einu höggi en í viðtali eftir hringinn sagðist hún hafa átt í smá vandræðum með að lesa hvaða

kylfu þurfti vegna veðurs.

Valdís er þremur höggum á eftir Holly Clyburn sem er átta höggum undir pari. Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, GR, náði

á komast í gegnum niðurskurðinn með því að koma í hús á tveimur höggum yfir pari en

hún er á sjö höggum yfir pari eftir tvo hringi eftir slakan fyrsta hring. – kpt



## 15 ára vann fyrsta gull Rússa

**OLYMPIULEIKARNIR** Alina Zagitova varð í gær næstýngsti keppandi í sögu Vetrarólympíuleikanna til að vinna gull þegar hún tók gullverðlaunin í listskautum aðeins 15 ára gömul. Hafði hún betur með 1,31 stigi gegn löndu sinni, Evgeniu Medvedevu, en hún er fyrsti rússneski keppandinn sem vinnur gullverðlaun í PyeonChang. Er hún næstýngsti keppandi Ólympíuleikanna frá upphafi sem vinnur gull á leikunum, Tara Lipinski frá Bandaríkjunum var 28 dögum yngri er hún vann gull í sömu grein á Ólympíuleikumum í Nagano 1998. – kpt

## Kærður vegna klæðaburðar

**FÓTBOLTI** Enska knattspyrnusambandið sendi frá sér í gær tilkynningu um að Pep Guardiola, knattspyrnustjóri Manchester City, hefði verið kærður fyrir ólöglegan klæðaburð á meðan á leik stóð en málið verður tekið fyrir í byrjun mars. Guardiola sem lék um árábil með og stýrði síðar Barcelona hefur verið með gula slaufu til stuðnings sjálfstæðisbaráttu Katalóníu á leikjum í vetur en hann er fæddur og uppallinn í héraðinu. Sambandið bannar leikmönnum og þjálfurum liða að koma fram pólitískum skilaboðum meðan á leikjum stendur en þegar Guardiola var spurður út í hvort þetta gæti haft einhverjar afleiðingar í för með

sér í desember sagðist hann ekki ætla að gefast upp. Hann væri að sýna stjórnmálamönnum sem voru settir í steininn stuðning og það væri mikilvægara. – kpt



Pep Guardiola með slaufuna.



### AUGLÝSING um listabókstafi stjórnmalasamtaka.

Við alþingiskosningarnar 28. október 2017 buðu eftirtalin stjórnmalasamtök fram lista og voru þeir merktir sem hér segir:


- A - listi Björt framtíð
- B - listi Framsóknarflokkur
- C - listi Viðreisn
- D - listi Sjálfstæðisflokkur
- F - listi Flokkur fólksins
- M - listi Miðflokkurinn
- P - listi Píratar
- R - listi Alþýðufylkingin
- S - listi Samfylkingin - jafnaðarmannaflokkur Íslands
- T - listi Dögun - stjórnmalasamtök um réttlæti, sanngirni og lýðræði
- V - listi Vintrihreyfingin - grænt framboð

Þetta auglýsist hér með skv. 38. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.

Dómsmálaráðuneytinu, 21. febrúar 2018.

# Smáhundakynning

20% AFSLÁTTUR AF GÆLUDÝRAVÖRUM OG FÓÐRI




FRÁ 13:00 TIL 16:00 | LAUGARDAG OG SUNNUDAG

KOMIÐ OG KYNNIST FJÖLDA TEGUNDA AF SKEMMTILEGUM SMÁHUNDUM  
SPENNANDI DÝRAVÖRUKYNNINGAR ★ LUKKUPOTTAR ★ DÝRALÆKNIR  
HUNDAÞJÁLFUNARRÁÐGJÖF ★ RAUÐAKROSSHUNDUR OG MARGT FLEIRA



NordicGold



TILBOÐ  
FRÆ & MOLD  
20% AFSLÁTTUR

FYRSTU VORLAUKARNIR KOMNIR



FULL BÚÐ AF  
FERSKUM  
POTTAPLÖNTUM

BRUNCH HLAÐBORÐ  
Á SPÍRUNNI  
FRÁ 11 TIL 15  
UM HELGAR



GARÐHEIMAR

Stekkjarkrakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

**HÚSGAGNA  
HÖLLIN**

# ÞÆGINDI Á TILBOÐI AMERÍSKIR DAGAR

frá 17. til 28. febrúar



# TAXFREE

afsláttur\* af La-Z-Boy og Broyhill

L A Z B O Y®

\* Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti. Gildir ekki af sérpöntunum. Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður viðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

Reykjavík 10 – 18 virka daga  
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga  
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður  
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is  
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 28. febrúar eða á meðan birgðir endast.

## EMPIRE

La-z-boy hægindastóll.  
Svart eða brúnt  
leður. Stærð:  
80 x 70 x 102 cm

L A B O Y | Live life comfortably



**120.960 kr.** ~~149.990 kr.~~

## PARKER

La-z-boy hægindastóll.  
Grátt, svart blátt  
og ljóst áklæði.  
Stærð: 82 x 86 x 104 cm

L A B O Y | Live life comfortably



**80.637 kr.** ~~99.990 kr.~~

## PARKER

La-z-boy hægindastóll.  
Svart, dökkbrúnt eða  
vínrautt leður.  
Stærð: 82 x 86 x 104 cm

L A B O Y | Live life comfortably



**129.024 kr.** ~~159.990 kr.~~

## GRAND CANYON

Þetta er stóll fyrir hávaxna.  
Klæddur leðri á slitflötum.  
Fæst í brúnu, gráu, vínrauðu  
og svörtu.  
Stærð: 95 x 100 x 110 cm

L A B O Y | Live life comfortably



**153.218 kr.** ~~189.990 kr.~~



## WARREN

Sófasett frá Broyhill. Ljósbrúnt slitsterkt áklæði eða hágæða brúnt leður.

2ja sæta áklæði: 170 x 95 x 92 cm

**137.089 kr.** ~~169.990 kr.~~

3ja sæta áklæði: 225 x 95 x 92 cm

**153.218 kr.** ~~189.990 kr.~~

Stóll í áklæði: 116 x 95 x 92 cm

**116.927 kr.** ~~144.990 kr.~~

2ja sæta leður: 170 x 95 x 92 cm

**322.573 kr.** ~~399.990 kr.~~

3ja sæta leður: 225 x 95 x 92 cm

**346.766 kr.** ~~429.990 kr.~~

Stóll í leðri: 116 x 95 x 92 cm

**258.056 kr.** ~~319.990 kr.~~



## LARAMIE

Þessir sívinsælu amerísku sófar frá  
Broyhill aftur komnir í eka leðri.  
Tveggja og þriggja sæta sófar og  
stóll. Hágæða, brúnt leður.

Stóll

**217.734 kr.** ~~269.990 kr.~~

2ja sæta, stærð: 170 x 95 x 95 cm

**266.121 kr.** ~~329.990 kr.~~



3ja sæta, stærð: 220 x 95 x 95 cm

**282.250 kr.** ~~349.990 kr.~~

## LARAMIE

Hornsófi með  
sígildu sniði.  
Þeir gerast  
einfaldlega ekki  
glæsilegri. Brúnt eða  
rauðbrúnt microfiber  
áklæði. Stærð:  
260 x 260 x 95 cm



Rauðbrúnt microfiber

**298.379 kr.** ~~369.990 kr.~~

Brúnt microfiber

**370.960 kr.** ~~459.990 kr.~~

## PINNACLE

3ja sæta La-Z-Boy  
sjónvarpssófi. Fæst í dökkgráu eða  
brúnu slitsterku áklæði og  
svörtu eða brúnu leðri.  
Stærð:  
210 x 95 x 105 cm



Áklæði

**225.798 kr.** ~~279.990 kr.~~

Leður

**322.573 kr.** ~~399.990 kr.~~

## Einu sinni var



Steingrímur J. Sigfússon tekur á móti blaðamönnum á sjúkrahæði eftir bílslys við Húnaver árið 2006. Hann braut 13 rifbein og viðbein. FRÉTTABLAÐID/GVA

## Um helgina, af hverju ekki að...

## LESA

bók Merete Pryds Helle í þýðingu Magneu Matthíasdóttur, Það sem að baki býr. Um líf Marie á dönsku eynni Langeland.



## HORFA

á kvikmyndir á Norrænni kvikmyndahátíð í Norræna húsinu. Til að mynda Sami Blood á sunnudag eða mánudag.



## Stytttri stundir í lægðunum



Hver lægðin á fætur annarri rúllar yfir landið. Fréttablaðið fékk nokkra til að segja hvernig þeir létta sér lífið í mestu óveðrunum.

## Ingileif Friðriksdóttir

tónlistarkona

„Í lægð sem þessari verð ég alltaf ótrúlega þreytt og vil helst liggja undir sæng allan daginn. Ég styttri mér því aðallega stundir með því að horfa á lélegt sjónvarp uppi í rúmi. Við unnusta mín erum að vinna með Bachelor Winter Games þessa dagana. Svo hittumst við líka með vinkonum okkar vikulega til að horfa á Bachelor. Ég ætti kannski ekki að vera að segja frá því í blöðunum, enda ekki beint tímamótasjónvarpsefni. En það styttri okkur svo sannarlega stundir!“



## Steinunn Camilla Stones

athafnakona

„Ég er hrifin af því að elda eitthvað spennandi. Finnst það hrikalega gaman, hugleiða eða detta í heilalausa bíómynd.“



## Kristín Ýr

tónlistarkona

„Ég er alltaf með fullpakkaða dagskrá frá morgni til kvölds og þekki ekki vel hugtakið að stytta sér stundir. Ég lét ekki veður hafa áhrif á dagskrána mína. Það þyrfti sennilega að vera útgöngubann til að stoppa það að ég sleppi því til dæmis að fara á æfingu sem ég geri oftast eftir vinnu.“



Ef það væri sett útgöngubann þá tæki ég líklega heimaæfingar en eftir það er ég til alls líkleg. Ætli ég myndi ekki nota tímann í að tækla verkefni sem mig langar að klára á heimilinu.“

## Yesmine Olsson

athafnakona

„Ég hlusta yfirleitt á góða tónlist sem fær mann til að slaka á, djass, soul eða eitthvað sem tekur stressið burt og kveiki jafnvel á kertum. Ég gerði þetta um daginn og litli guttinn spurði hvort við ættum ekki að baka piparkökur, því honum fannst jólin vera komin.“



Það þarf að vera ansi slæmt veður til að ég fari bara að hangsa. Ég kann ekki að þrjóna en finnst gott að lesa eða horfa á myndir. Geri samt allt of lítið af því. Þegar það er svona slæmt veður finnst mér upplagt að liggja í sófanum með fjölskyldunni innpakkaðri í teppi með góða mynd.“

## Diljá Ámundadóttir

verkefnastjóri Hörpunnar

„Hópsálin innra með mér fílar þegar allt landið er í einhvers konar sameiginlegu ástandi. Á sama tíma hellis yfir mig húsmóðir þegar illa viðrar. Ég set upp svuntuna og baka döðlubrauð eða eitthvað sem gefur góðan ilm. Svo skoða ég síðurnar Pinterest og IKEA hackers og endurinnrétta svefnherbergjið í hugarum.“



## Magnús Már Einarsson

ritstjóri fót-bolti.net

„Þegar veðrið er þreytt og leiðinlegt eins og undanfarnar vikur, þá þykir mér gaman að fara í ræktina, svitna og lyfta lóðum. Þegar rokið dynur á gluggunum á kvöldin er gott að gleyma sér í fæðmi kærustunnar, horfa á íþróttir í sjónvarpinu eða lesa góða bók.“



## Gunnar Birgisson

íþróttafréttamaður

Í lægðum, svo sem miklum vindi og jafnvel þeim mun meiri ofankomu, þá er gott að Ólympíuleikarnir skuli standa yfir núna. Þeir geta styttri manni stundir. Ég reyni að koma mér sem oftast á skiði – svo lengi sem það snjóar ekki lárétt. Hins vegar þegar svo mikið sem fer að glitta í slabb á götum Mosfellsbæjar þá fer ég út. Fyrir mér er fátt sem jafnast á við ökkla-hátt slabb sem spýttist í allar áttir í hverju skrefi.“



benediktboas@frettabladid.is

# NILFISK VINNUR VERKIÐ Á METHRAÐA

NILFISK háprýstidælur og gólfþvottavélar eru til í ýmsum stærðum og styrkleikum jafnt fyrir heimili sem til iðnaðar- og fyrirtækjanota. Með NILFISK vinnur þú verk á svipstundu sem annars tæki mun lengri tíma.



Nilfisk fæst í verslun Rekstrarlands, Vatnagörðum 10 og hjá útibúum Olís um land allt.

Frjáls framlög



enginn kostnaður!

## VILTU GLEÐJA FORELDRA LANGVEIKRA BARNA EÐA FJÖLSKYLDUR ÞAR SEM FORELDRI ER AÐ GLÍMA VIÐ LÍFSÓGNANDI SJÚKDÓM?

Hjá okkur í Samferða er enginn kostnaður og allt rennur óskert til þeirra sem þurfa svo sannarlega á að halda.

Þú getur hringt í eftirtalin númer:

907 1081 – 1.000 kr.

907 1083 – 3.000 kr.

907 1085 – 5.000 kr.

907 1090 – 10.000 kr.



Þú finnur okkur á Facebook – ekki hika við að fylgja okkur þar, við gerum góðverk í hverjum mánuði fyrir íslensku þjóðina.

[www.facebook.com/samferdafoundation](http://www.facebook.com/samferdafoundation)

# Ráðherra með hússtjórnarpróf

Það vakti athygli þegar nýr umhverfisráðherra sagði aðstoðarmanni sínum upp störfum og nú eru sérfræðingar í ráðuneytinu að skoða hvort hann sé hæfur til að fjalla um friðun jarðar í eigu þess sama aðstoðarmanns. **Guðmundur Ingi** er bæði menntaður í Yale-háskólanum í Bandaríkjunum og Hússtjórnarskólunum í Reykjavík.

Kristjana Björg  
Guðbrandsdóttir  
kristjana@frettabladid.is



**G**uðmundur Ingi Guðbrandsson ráðherra er mættur til vinnu eldsnemma að morgni í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Klukkan er ekki orðin átta. Hann fær far í vinnuna með Skúla bílstjóra þennan morguninn enda geisar ofsaveður í borginni en alla jafna gengur hann heim úr vinnu. Hann hefur ekki átt bíl í ellefu ár og er því óvanur þeim lúxus að hafa einkabílstjóra. Það þarf ekki að hafa áhyggjur af vafasömu akstursbókhaldi þessa ráðherra.

Hann borðar morgunmatinn á skrifstofunni. Að eigin sögn notar hann morgna og kvöld til að koma sér inn í málefni ráðuneytisins. Hann er þó vel inni í mörgum málum þess. Síðustu ár hefur Guðmundur Ingi sem alla jafna er kallaður Mummi nefnilega starfað sem framkvæmdastjóri náttúruverndarsamtakanna Landverndar. Ráðning hans í starf umhverfis- og auðlindaráðherra var því umdeild.

Hann hefur talað gegn vegarlagningu um Teigsskóg á sunnanverðum Vestfjörðum og viljað líta til fleiri valkosta í þeim efnunum. Hið sama gildir um Hvalárvirkjun á Ströndum og hann hefur varað við því að farið verði of geyst í laxeldi. Svo fáein málefni séu talin upp sem hann þarf nú að glíma við á ráðherrastól.

Mummi er líffræðingur með meistaragráðu í umhverfisstjórnun frá Yale-háskóla í Bandaríkjunum og er einnig með hússtjórnarpróf frá Húsmæðraskólanum í Reykjavík.

„Í mínu fyrra starfi var tempóið hratt og krefjandi. En á allt annan hátt. Nú sit ég ofsalega marga fundi. Morgnarnir og kvöldin eru minn tími til að setja mig inn í mál. Þetta er mikil vinna en svo kannski róast þetta þegar maður er kominn inn í starfið. En þetta er það sem brennur á mér, það er því engin undankomu-leið,“ segir Mummi.

## Á heimavist frá unga aldri

Mummi er sveitatrakur í grunninn. Hann er fæddur og uppalinn á Brúarlandi á Mýrum fyrir vestan Borgarnes. „Ég ólst þar upp til sextán ára aldurs. Ég var í skóla á Varmalandi í Borgarfirði og var á heimavist öll mín grunnskólaár. Þegar ég var sex ára var ég kannski



Mummi hefur ekki átt bíl í ellefu ár og er óvanur þeim lúxus að hafa einkabílstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



## ÉG FER Á KLÓSETTIÐ

## OG EIGINLEGA STURTA

## NIÐUR ÞESSUM KAFLA Í

## LÍFI MÍNU. ÉG SEGI BARA

## VIÐ SJÁLFA MÍG: NÚ ER

## ÉG BARA HÆTTUR ÞESSU

## VÆLI. ÉG ÆTLA ALDREI

## AFTUR AÐ GRÁTA Í SKÓL-

## ANUM EÐA LÁTA MÉR LÍÐA

## ILLA Í HONUM.

eina nótt í viku á heimavistinni. Þegar ég var orðinn sjö ára var það ein vika í mánuði. Svona lengdist tíminn og þegar ég var orðinn tíu, ellefu ára gamall, þá var ég á heimavistinni allan veturinn, nema um helgar,“ segir Mummi.

Aðskilnaðurinn frá fjölskyldunni fór ekki vel í hann. „Ég held að flestir geti sett sig í þessi spor. Það er erfitt að vera skilinn frá foreldrum sínum sjö ára gamall. Og vera þá fjórar nætur að heiman. Mér leið illa í skóla þar til ég varð um tíu ára. Ég var með mikla heimþrá og grét oft. En fólkíð þarna var gott og skólinn líka,“ segir Mummi og rifjar það upp þegar hann tók að eigin sögn eina stærstu ákvörðun lífs síns.

## Ákvað að hætta að gráta

„Ég á sterka minningu frá því ég er tíu ára gamall. Ég fer á klósettið og eiginlega sturta niður þessum kafla í lífi mínu. Ég segi bara við sjálfan mig: Nú er ég bara hættur þessu væli. Ég ætla aldrei aftur að gráta í skólanum eða láta mér líða illa í honum. Ef það gerist, þá finn ég einhverjar leiðir til að bæta það. Mér tókst að standa við þetta og þetta er

stærsta ákvörðun sem ég hef tekið. Að stendja þessa vanlíðan eftir. Og ég stend staðfastlega við það,“ segir Mummi.

Leið Mumma lá í Menntaskólann á Akureyri. „Ég var í síðustu viku í MA að afhenda þeim Grænfánann, sem er viðurkenning fyrir vel unnin störf í umhverfismálum. Það fannst mér gaman. Skólameistarinn sagði af mér sögu sem ég var búinn að steinglyma. Þegar ég var í fjórða bekk var ég í umhverfisfræðiafanga og því tengt komum við nokkur upp á svið og vildum hvetja nemendur til að reyna að draga úr pappírnotkun. Ég kem með bala af vatni og sýni fólki hvernig það gæti þvegið sér um hendurnar og notað eina þurrku en ekki tíu. Ég bleytti á mér hendurnar og hristi af þeim tólf snum og tók svo eina þurrku til að þerra hendurnar. Þetta rifjaði skólameistarinn upp,“ segir Mummi.

## Með hússtjórnarpróf

Nokkru eftir útskrift ákvað Mummi að mennta sig í Hússtjórnarskólanum í Reykjavík. „Ég lauk þaðan hússtjórnarprófi. Og var góður í bóklegum greinum,“ segir hann og brosir

út í annað. Hann er reyndar ekki eini ráðherrann sem hefur tekið hússtjórnarpróf en Sigrún Magnúsdóttir, fyrrverandi umhverfisráðherra, er líka með hússtjórnarpróf.

„Þetta var skemmtilegt, maður lærði að þrifa. Lærði að vefa, svo saumaði maður allan andskotann og svo eitthvað að elda. Mér fannst vefnaðurinn skemmtilegastur. Það er svo mikil sköpun í honum. Ragnar Kjartansson var fyrsti karlmaðurinn sem fór í Hússtjórnarskólann í Reykjavík og ég var annar í röðinni, ásamt einum öðrum. Mamma mín er vefnaðarkennari og kenndi vefnað í Húsmæðraskólanum á Varmalandi,“ segir Mummi sem hefur vefnað eftir hana á veggjum heimilis síns í Vesturbænum.

## Gekk í klaustur

Úr Hússtjórnarskólanum lá leið Mumma á nokkuð ævintýralegru stað. Í munkaklaustur. „Ég er með einhvers konar miðaldablæti. En það var nú reyndar mikill misskilningur, því þetta var mjög nútímalegt klaustur. Þeir ráku gullsmíðju, járnsmíðju, bakari og menntaskóla. Það sem hefur ekki breyst er náttúrulega tilbeiðslan. Sem margir myndu líta á sem nokkurs konar hugleiðslu. Hún var sérstaklega góð á morgnana klukkan fimm. Það var upphaldstíminn minn. Ég var þar í tvo mánuði og ég ihugaði að gerast munkur en komst að því að ég trúði ekki nóg á guð,“ segir Mummi frá.

Hann fór heim til Íslands og nam líffræði við Háskóla Íslands. Eftir útskrift fór hann í nám til Bandaríkjanna í umhverfisstjórnun í Yale-háskóla. Hann hefur komið víða við í vinnu, og hefur meðal annars starfað á Veidimálastofnun, hjá Háskóla Íslands og við landvörslu í Þjóðgördum. Hann hóf störf hjá Landvernd 2011 og sinnti þar starfi framkvæmdastjóra þar til hann settist á ráðherrastól.

## Hæfið metið í ráðuneytinu

Mummi tók nýverið þá ákvörðun að segja Sif Konráðsdóttur, aðstoðarmanni sínum, upp störfum. Það vill svo til að á sama tíma hefur hann til meðferðar mál um friðun jarðar í eigu Sifjar og eiginmanns hennar. Friðunin gæti haft áhrif á lagningu Blöndulínu 3 en Sif hefur lengi barist gegn lagningu loftlínu í þessu sambandi. Um er að ræða jörðina Hóla í Öxnadal.

Ætlar hann að friða jörðina? „Nú eru sérfræðingar í ráðuneytinu að skoða hvort þeir telji mig hæfan eða ekki til að fjalla um málið. Ég get ekki tjáð mig um málið þess vegna og verð því eiginlega að vísa þessari spurningu frá. En ég mun taka afstöðu til þess þegar það er komin niðurstaða í það mál,“ segir Mummi.

En hvað með hæfi í málum sem þú hefur áður kært fyrir hönd Landverndar? Sem eru mörg, linulagnir, virkjanaleyfi og fleira? „Það er þannig að í langflestum tilvikum geta málsaðilar skotið málum og varða umhverfi og skipulag til óháðrar úrskurðarnefndar séu þeir ósáttir við ákvarðanir sem stjórnvöld hafa tekið. Fjöldi stjórnámalanna hefur tjáð sig um alls konar mál og orðið svo ráðherra en það þýðir ekki sjálfkrafa að þeir verði vanhæfir í viðkomandi máli.

Umræðan um mögulegt vanhæfi á hins vegar fyllilega rétt á sér. Lögin kveða á um að ráðherra meti sjálfir sitt eigið hæfi en áður en þeir gera það fá þeir leiðbeiningar sérfræðinga í viðkomandi ráðuneyti. Þetta snýst um að vanda sig og það ætla ég að gera, bæði þegar kemur að friðlýsingu Hóláhóla sem og í öðrum málum.“

**Efasemdir um veg um Teigsskóg**  
Sem fyrr segir hefur Mummi einnig lýst yfir efasemdum um fram- ➔



# GAMAN Á TENERIFE!

Hjá Gaman Ferðum leggjum við áherslu á að vera með góðar íbúðagistingar, fyrsta flokks hótél og gott verð. Komdu með því sólin skín hjá Gaman Ferðum.

## GREEN GARDEN RESORT & SUITE

★★★★

Verð frá: **84.200 kr.** 7 NÆTUR

Verð miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-12 ára)  
Ferðatímabil: 1.-8. maí 2018.  
Verð frá 115.200 kr. miðað við 2 fullorðna.

## BEST JACARANDA

★★★★

Verð frá: **107.500 kr.** 11 NÆTUR

Verð miðað við 2 fullorðna og 1 barn. Morgunverður innifalinn. Ferðatímabil: 17.-28. apríl 2018.  
Verð frá 138.500 kr. miðað við 2 fullorðna.

## CORAL COMPOSTELA BEACH

★★★★

Verð frá: **77.700 kr.** 11 NÆTUR

Verð miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-12 ára)  
Ferðatímabil: 10.-21. apríl 2018.  
Verð frá 107.500 kr. miðað við 2 fullorðna.

## BITACORA

★★★★

Verð frá: **87.500 kr.** 7 NÆTUR

Verð miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-12 ára)  
Ferðatímabil: 28. apríl.-5. maí 2018. Hálf fæði innifalið.  
Verð frá 116.700 kr. miðað við 2 fullorðna.

## TIGOTAN

★★★★

Verð frá: **113.900 kr.** 7 NÆTUR

Verð miðað við 2 fullorðna. Hálf fæði innifalið.  
Ferðatímabil: 7.-14. apríl 2018. Aðeins fyrir fullorðna.

## MARYLANZA

★★★★

Verð frá: **68.500 kr.** 9 NÆTUR

Verð miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-12 ára)  
Ferðatímabil: 8.-17. maí 2018.  
Verð frá 95.200 kr. miðað við 2 fullorðna.

## GRAN OASIS RESORT

★★★★

Verð frá: **72.900 kr.** 7 NÆTUR

Verð miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-12 ára)  
Ferðatímabil: 10.-19. maí 2018.  
Verð frá 105.900 kr. miðað við 2 fullorðna.

## GALA

★★★★

Verð frá: **86.700 kr.** 9 NÆTUR

Verð miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-12 ára)  
Ferðatímabil: 8.-17. maí 2018. Morgunverður innifalinn.  
Verð frá 102.500 kr. miðað við 2 fullorðna.

\*Innfalið í verði er flug, skattar, 20 kg taska, handfarangur samkvæmt WOW air og gisting.

Bæjarhraun 14, sími 560 2000 / gaman.is / gaman@gaman.is / Gaman Ferðir fljúga með WOW air



**Gaman**  
Ferðir

➔ kvæmdina sem Vegagerðin leggur til með vegi í gegnum Teigs-skóg. Nýlega lét Vegagerðin gera umhverfismat á ólíkum valkostum og telur eftir það mat að vegur um Teigsskóg sé besti kosturinn.

„Þessi leið sem Vegagerðin leggur til að verði farin veldur meiri umhverfisáhrifum samkvæmt umhverfismati en svokölluð jarðgangaleið. Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar, byggt á umhverfismatinu, að umhverfisáhrifin af jarðgangaleiðinni séu minnst. Þau eru samt mikil. Það má kannski segja að í stöðunni sé enginn frábær kostur. Nú er boltinn hjá sveitarstjórninni sem þarf að gera breytingar á skipulagi svæðisins.“

Ég held að það sé mjög mikilvægt að það náist niðurstaða í þetta mál. Svo þarf Skipulagsstofnun að grípa boltann með yfirferð á skipulaginu. Ég held það þurfi bara að bíða eftir því. Út frá umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiðum skiptir mestu máli að horfa til vistkerfa sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum, svo sem sjávarfítja og leira. Og hið sama gildir um birkiskógana.“

#### Laxeldið komið til að vera

Og þá að laxeldi sem þú hefur haft efasemdir um? „Laxeldi er komið til að vera og er mikilvægur atvinnuvegur fyrir Vest- og Austfirðinga. Við þurfum hins vegar að passa mjög vel upp á villta laxastofna sem eru mjög mikilvægir lífræðilega og þróunarfræðilega séð og ólíkir norska eldislaxinum. Þetta er spurning um langtímaáhrif á erfðafræði íslenska laxins og við megum ekki gleyma að laxveiði er gríðarlega efnahagslega mikilvæg víða um land.“

Þarna þurfum við að vera með kerfi sem tryggir til framtíðar að sem allra, allra minnst og helst engin erfðablöndun verði. Það er stóra málið í þessu. Það er spurning hvort það sé hægt og þá hvernig, það er alvöru verkefni. Fiskeldi heyrir ekki undir mig, en mengunin af því gerir það.“

#### Sóknarfæri í samgöngumálum

Íslendingar þurfa að standa við skuldbindingar Parísarsamkomulagsins árið 2030. Þrátt fyrir það hafa Íslendingar verið að auka losun á meðan aðrar þjóðir hafa minnkað hana. Fyrri ríkisstjórn lagði til að hækka kolefnisgjald um 100%. Þessi ríkisstjórn lækkaði það hlutfall um helming.

Af hverju? Hvernig ætlar þú að ná markmiðum Parísarsamkomulagsins? „Við erum í fyrsta lagi að horfa á markmið Parísarsamkomulagsins um 40% minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2030 – það er eitt. Hitt er svo þetta kolefnishlutleysi árið 2040 sem talað er um í sáttmála ríkisstjórnarinnar. Auðvitað vinnur þetta saman.“

Við í ráðuneytinu erum þessa dagana að vinna að aðgerðaáætlun sem miðar að því að ná þessum 40% samdrætti fyrir árið 2030 með fjölbættum aðgerðum, sem munu koma við flesta ef ekki alla geira samfélagsins. Eins verður sett á stofn loftslagsráð í samræmi við þingsályktunartillögu sem Katrín Jakobsdóttir fékk samþykka fyrir nokkrum misserum. Fyrsta verkefni loftslagsráðsins verður að búa til vegvísi um kolefnishlutleysi,“ segir Mummi og bætir við að helstu sóknarfæri séu í samgöngum. Þar megi draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda. Það þurfi því áfram að stuðla að rafbilavæðingu Íslendinga.

#### Styðja áfram rafbilavæðingu

„Ríkisstjórnin beitti sér fyrir því að um áramótin voru framlengdar ívilnanir fyrir rafbíla, metanbíla og aðrar slíkar bifreiðar sem losa minna en hefðbundnir bílar. Það þarf líka að halda áfram að byggja upp net hraðhleðslustöðva um allt land og um leið tryggja að einstaklingar geti hlaðið bílana með einföldum hætti heima hjá sér. Þá eru fjölmörg sóknarfæri í sjávarútvegi, landbúnaði og ferðaþjónustu. Í úrgangsmálum er brýnast að



Stærsta verkefnið er stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. „Þjóðgarðar skapa störf og þjónustu.“ bendir Mummi á. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR.

hverfa frá urðun á lífrænu sorpi þar sem það losar mikið magn öflugra gróðurhúsalofttegunda. Núna erum við að teikna upp aðgerðir í þessa veru, sem byggja að hluta á vinnu fyrri ríkisstjórnar. Næsta skref er svo að tímasetja þær og kostnaðargreina og meta hversu miklu hver aðgerð mun skila,“ segir Mummi.

„Fljótlega hefst samningaviðræður okkar við Evrópusambandið um hlutfeld Íslands í þessu heildarmarkmiði um 40% samdrátt. Og við munum þurfa að endurskoða aðgerðaáætlunina þegar það liggur fyrir hvað kemur út úr því. Við munum leggja hana fram í ár og svo endurskoða hana þegar viðræðum er lokið.“

#### Kolefnisgjaldið málamiðlun

Um síðastliðin áramót var kolefnisgjaldið, sem lagt er á bensín og díselolíu, hækkað um 50%. „Það var fyrirhuguð hærri hækking en þar sem kolefnisgjaldið bitnar meira á þeim sem þurfa að fara um lengri veg var ákveðin málamiðlun að byrja þarna. Hins vegar er í stjórnarsáttmálanum ákvæði um að skoða þessa græna skatta og sjá hvernig má koma þeim fyrir til framtíðar. Sú vinna er í gangi í fjármálaráðuneytinu.“

Mummi nefnir einnig fleiri nauðsynleg verkefni sem koma við loftslagsmálin, svo sem landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis. „Það er ekki ljóst hversu mikið við getum talið slíkar aðgerðir fram gagnvart Parísarsamkomulaginu. Hins vegar er alveg ljóst að við þurfum ekki að bíða eftir þeim. Við getum gert okkar plön, varðandi landgræðslu og endurheimt votlendis, og slíkt er nauðsynlegt ef við ætlum að ná markmiðum okkar um kolefnishlutleysi. Þá verðum við að ganga rösklega til verks.“

Hann bendir á að hann vilji einnig ná góðu samtali við atvinnugreinar landsins. Stóriðjuna og flugið. „Það verða allir að vera með í þessu verkefni.“

#### Ekki beittur þrýstingur

Er staða þín við ríkisstjórnarborðið veik? Þar sem þú ert sá eini sem ekki er kjörinn alþingismaður? Máttu borða í mötuneytinu? „Já! Og maturinn þar er mjög góður. En grínlaust, þá hef ég öll sömu réttindi og þingmenn nema að ég má ekki greiða atkvæði. Ég starfa náttúrulega bara í umboði míns formanns við ríkisstjórnarborðið. Ég held að staða mín sé ekkert veikari en annarra. Ég er bara að reyna að vinna vinnuna

mína og hef ekki leitt hugann að þessu.“

Finnur þú fyrir miklum þrýstingi frá vinum og félögum úr landverndarbransanum? „Nei, ekki ennþá, nema bara jákvæðni og stuðning. Ég held að fólk sé að gefa mér tækifæri til að sanna mig.“

Hver er mesta náttúruþerfan? „Það er tvímælalaust hálandi Íslands og þá margir staðir þar.“

#### Vill meiri sátt

Hver eru brýnustu verkefni þín hér? „Það eru fjórir þættir sem ég vil leggja áherslu á. Það eru loftslagsmálin, náttúruvernd, málefni sem tengjast neytlusamfélaginu og að finna leiðir til að auka þátttöku almennings í ákvarðanatöku um umhverfismál. Ekki síst með það að leiðarljósi að skapa meiri sátt um það sem við gerum í samfélaginu,“ segir Mummi og segist tala af reynslu.

„Það hafa verið stór deilumál í samfélaginu sem tengjast náttúruvernd og auðvitað er fólk oft ósamála í grundvallaratriðum. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að ef fólk talar saman og ef almenningur tekur þátt í ferlinu strax frá byrjun þegar verið er að móta hugmyndir og tillögur þá megi forðast deilur sem koma upp á seinni stigum. Þá eru meiri líkur á að hægt sé að ná sátt í málum.“

#### Matarsóun og plastnotkun

Hvað varðar neysluna, þá eru umhverfisvænni samgöngur, matarsóun og plastnotkun gríðarlega mikilvæg mál að takast á við að mati ráðherra.

„Þá er ég ekki síst að horfa til þess hvað einstaklingar, samfélög, fyrirtæki og stofnanir geta gert. Það er stórt hagsmunamál fyrir okkur öll að tekist sé á við matarsóun og plastnotkun sem ógnar heimshöfunum. Sömuleiðis þurfum við að endurskoða samgöngurnar okkar – hvernig við komum okkur í og úr vinnu. Úrgangsmál eru svo stórt umhverfismál en þar er auðvitað bara á ferðinni hin hliðin á neyslunni því allt það sem við kaupum og neytum endar fyrr eða síðar sem úrgangur sem við þurfum að losa okkur við með einum eða öðrum hætti eða nýta áfram í takti við hringrásarhagkerfið.“

#### Þjóðgarðurinn stærsta verkefnið

Náttúruverndin er honum kærust. „Þar er náttúrulega stærsta verkefnið stofnun þjóðgarðs á miðhálandi



## ÞANNIG ÞJÓÐGARÐUR

### MYNDI LÍKA SKAPA

### ÓTRÚLEGA SPENNANDI

### TÆKIFÆRI FYRIR NÆR-

### LIGGJANDI BYGGÐIR OG ÞÁ

### ER ÉG AÐ TALA UM EFNA-

### HAGSLEG TÆKIFÆRI.

### ÞETTA ER HVORT

### TVEGGJA, BYGGÐAMÁL OG

### NÁTTÚRUVERNDARMÁL.

Íslands. Þetta er okkar stærsta framlag í náttúruvernd til heimsbyggðarinnar. Þarna erum við að tala um stórt, óbyggt svæði þótt fólk heim-sæki það allan ársins hring. Það er viðkvæmt og verðmætt og geymir miklar andstæður, hvort heldur er í landslagi, gróðri eða í jarðfræði.

Þetta er undraveröld enda verður fólk agndofa við að kynnst því. Í þessum hraða heimi er ómetanlegt að eiga staði þar sem hægt er að upplifa kyrrð og komast í tengsl við náttúruna. Það er því eitt af okkar mikilvægustu verkefnum að halda utan um það og setja leikreglur um það hvernig við förum með þessa auðlind,“ segir Mummi.

#### Efnahagsleg tækifæri

„Hugmyndin er að stofna þjóðgarð og skipta honum upp í svæði. Á sumum svæðum eru kannski bara stundaðar rannsóknir. Á öðrum svæðum er mögulega sauðfjarrækt, á öðrum skotveiði, svo eru svæði sem eru fyrst og fremst fyrir fólk og úti-vist. Þannig þjóðgarður myndi líka skapa ótrúlega spennandi tækifæri fyrir nærliggjandi byggðir og þá er ég að tala um efnahagsleg tækifæri.“

Þetta er hvort tveggja, byggðamál og náttúruverndarmál. Í því sambandi má benda á nýja rannsókn sem sýnir að Snæfellsjökulsþjóðgarður er árlega að skila 3,9 milljörðum í þjóðarþróun og 1,8 milljarðar verða eftir á Snæfellsnesinu. Þetta skiptir líka máli, því þjóðgarðar skapa störf og þjónustu. Þetta er stóra verkefni mitt.“

#### Friðlýst svæði hafa aðdráttarafl

Hann nefnir líka friðlýsingar og segir að þar sé verk að vinna.

„Þar vil ég einmitt líta til þessara fjölbreyttu þátta og skapa störf í kringum friðlýsingar. Tengja þetta tvennt saman. Friðlýst svæði hafa aðdráttarafl en það er auðvitað mikilvægt að ferðaþjónustan okkar þróist í sátt við náttúruna og samfélagið. Í því sambandi þarf að byggja upp innviði á mörgum ferðamannastöðum. Þar er líka heilmikil vinna fram undan við að afla og miðla þekkingu um það hvernig við byggjum þessa innviði upp. Við hljótum að vilja að þeir falli sem best að náttúrunni. Og það er fyrirhugað að setja fjármagn í þessa þætti,“ segir Mummi og nefnir að hann hafi skoðað verklag Skota og Íra í þessum efnum.

„Svo þurfum við að gera upp við okkur hvort við viljum að alls staðar verði byggðir upp innviðir. Eða viljum við eiga einhver svæði með litlum eða engum innviðum og beita þá frekar fjöldatakmörkunum á þau svæði. Ég er þeirrar skoðunar að það gæti verið góð leið.“

#### ... og lúpinan!

Hann nefnir einnig landgræðsluna og að þar sé mikið verk fram undan. Blaðamaður stenst ekki mátið og spyr hann út í lúpinuna.

Þú elskar að hata lúpinu? Er það ekki? Nei! segir Mummi. „Ég vil ekki nálgast eina plöntutegund út frá því hvort ég elski eða hati. Ég vil líta á þetta út frá því hvort viðkomandi plöntutegund sem í þessu tilviki er gríðarlega sterk landgræðslujurt sé að ógna náttúrulegum búsvæðum. Hún hefur gert það víða. Þarna verðum við að horfa til þess að hún á til dæmis ekki heima á friðlýstum svæðum þar sem við ætlum að vernda náttúruna og viljum að hún þróist á eigin forsendum, eða á hálandinu og reyndar víðar. Þetta eru svæði sem ég held að við getum verið sammála um að við eigum að halda henni frá. Þetta er fjöreggið okkar sem við verðum að passa að varðveita.“



**wineo**



**DON**  
FLOORING

## MÚRBÚÐARVERÐ

### Hágæða gólfefni

<b>Harðparket:</b>	8 mm verð frá	1.390 kr. m <sup>2</sup>
	12 mm verð frá	2.290 kr. m <sup>2</sup>
<b>Víniparket:</b>	5 mm verð	4.990 kr. m <sup>2</sup>
<b>Undirlag:</b>	Verð frá	120 kr. m <sup>2</sup>

**Reykjavík** Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16  
**Reykjanesbær** Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14  
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

 **Netgíró**  
Betri leið til að versla

**MÚRBÚÐIN**  
Gott verð fyrir alla, alltaf!

## Venjulegt fólk

# Ég er brúða, þú getur sagt mér allt!

Starf grunnskóla-kennara Barnaspítala Hringins er metnaðarfullt og þar er lögð áhersla á að mæta barninu þar sem það er statt. Guðrún Þórðardóttir grunnskólakennari er annar viðmælandi Fréttablaðsins í vefþáttaröðinni Venjulegt fólk.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir  
kristjana@frettabladid.is



Á Barnaspítala Hringins er starfræktur grunnskóli og leikstofa fyrir börn sem liggja inni á spítalanum. Grunnskólinn er vel búinn námsgögnum og þar fá börn kennslu eftir því sem heilsan leyfir. Kennarar fara einnig stundum á sjúkrahússtofur barnanna ef að þau komast ekki í skólaflokkun.

„Það er mikilvægt að vera jákvæður og gláður í þessari vinnu hér því hér ganga börn í gegnum erfiðleika og oft alvarleg veikindi,“ segir Guðrún og bendir á að það sé nauðsynlegt þrátt fyrir veikindi að reyna að stunda námið eins og hægt er. Það gefst yfirleitt vel,“ segir Guðrún. „Þau gleyma frekar veikindum þegar þau koma í skólann og eru á leikstofunni.“

Það sem hún tekur eftir og segir áhugavert er að börn sem hafa gengið í gegnum mikla erfiðleika muni frekar eftir því sem gekk vel og veitti þeim gleði. „Þar kemur leikstofan og skólinn svo sterkt inn,“ segir Guðrún.

Guðrún segist finna fyrir þakklæti bæði frá börnunum og foreldrum þeirra. „Hér er verið að gera allt sem hægt er fyrir börnin. Það er mikið álag fyrir fjölskyldur þegar barn veikt. Og breytir oft miklu hjá fólki. Ef um mjög alvarleg veikindi er að ræða þá fer bara lífið hreinlega á hvolf,“ segir Guðrún.

„Við höfum að sjálfsögðu alltaf samband við heimaskóla barnanna. Sérstaklega ef börnin eru lengi hjá okkur. Vinnum í samræmi við það sem kennararnir leggja upp með. Stundum eru krakkarnir í sambandi við bekkinn sinn í gegnum Skype eða Messenger. Við leggjum mikið upp úr því að mæta barninu þar sem það er statt af skilningi og kærleika.

Starfið er mjög gefandi og oft kenna börnin okkur fullorðna fólkinu því að þau eru alveg ótrúlega vitur mörg og skynsöm. Sérstaklega þegar þau eru að ganga í gegnum svona veikindi.

Við leggjum áherslu á að vinna með gildin. Einnig reynum við að hafa leikinn og gleðina í forgangi. Spilum og málum. Vinnum skemmtileg verkefni. Eins og til dæmis verkefni um Barnasáttmálann. Þar hafa þau teiknað myndir af sjálfum sér, hvert barn segir eitthvað viturlegt sem í því býr um réttindi barna. Til dæmis, öll börn hafa rétt á að vera í skóla. Öll börn eiga að eiga fjölskyldu og fá að fara í bíó.

Eitt barn sagði við mig um daginn að það væri ekki nógu góður nemandi. Ég spurði hvað það meinti með því, þá sagði það að það væri ekki nógu gott í stærðfræði. Ég sagði að ég teldi að það væri góður nemandi. Af því það hefði mjög góða samskiptahæfileika, það væri samviskusamt, kærleiksrikt og gott. Það væri að vera góður nemandi. Ekki endilega að fá tíu í stærðfræði.“

Guðrúnu vill leggja áherslu á að börnin hafi góða sjálfsmynd. „Ég vil leggja áherslu á sjálfsmyndina, sjálfsvirðinguna, sköpunina og samvinnu. Og að leggja áherslu á styrkleikana og að vinna með hæfileika barnanna. Öll börn eru stútfull af hæfileikum og það er mikilvægt að rækta þá. Það er þetta viðhorf að horfa á styrkleikana sína og góð gildi,“ segir Guðrún.

Guðrún notar stundum brúður í starfi sínu með afar góðum árangri. Brúðan Emma hefur komið sterk inn hjá yngstu nemendum. „Börnin tala öðruvísi við brúðurnar heldur en okkur kennarana. Þau tala yfirleitt aldrei um sjúkdóma sína við okkur kennarana. En við brúðurnar geta þau sagt allt. Brúðurnar hafa gengið í gegnum ýmislegt, til dæmis hún Emma sem er með sykursýki. Einn nemandi hjá okkur tók til dæmis að sér að kenna Emmu mannsiði. Það er alveg merkilegt að sjá hvernig tengingin verður sterk á milli barnsins og brúðunnar. Það var barn sem sagði einu sinni við mig; þetta er bara brúða! Þá svaraði ég, já. En þegar ég fer inn í brúðuna með hendurnar þá verður þetta lifandi brúða. Stundum segir brúðan: Ég er bara brúða, þú getur sagt mér allt.“

Brúðumeðferðir eru mjög vel þekktar á sjúkrahúsum, til dæmis í Bandaríkjunum og Bretlandi og reynast til dæmis mjög vel þar sem börn hafa glímt við tilfinningalega erfiðleika og orðið fyrir áföllum. Hér í skólaflokkunni nota ég brúðurnar meira í gegnum leikinn.“

Guðrúnu veitist þetta létt, hún er leikkona og kannski muna einhverjir eftir henni frá niunda áratugnum þegar hún sá um barnatíma Stöðvar 2.

**frettabladid.is** Horfa má á viðtalið í nýjum vefþætti, sem kallast Venjulegt fólk, á vefnum.



Guðrún notar stundum brúður í starfi sínu. Þetta er brúðan Emma sem hefur komið sterk inn hjá yngstu nemendum.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



ÉG VIL

LEGGJA

ÁHERSLU

Á SJÁLFS-

MYNDINA,

SJÁLFSVIRÐ-

INGUNA,

SKÖPUNINA

OG SAM-

VINNU.




Guðrún með Emmu og einum nemanda sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



**2.998**  
kr. kg


Íslandsnaut Piparsteik  
Ungnautasteik, fersk

Fullmeyrnað  
**ÍSLENSKT**  
Ungnautakjöt



**398**  
kr. 250 ml

Íslandsnaut Bernaíssósa  
250 ml



BEINT  
FRÁ  
BÓNDA

**4.598**  
kr. kg

Íslandsnaut  
Ungnauta Ribeye



**4.598**  
kr. kg

Íslandsnaut Fillet  
Ungnautakjöt



**119**  
kr. 2 stk.

Smash Style Hamborgarbrauð  
2 stk. í pakka

**100%**  
**ÍSLENSKT**  
ungnautakjöt



**459**  
kr. 2x100 g

Íslandsnaut Smash Style Hamborgarar  
2x100 g, 2x120 g og 2x140 g

**498**  
kr. 2x120 g

**598**  
kr. 2x140 g



**298**  
kr. 250 ml

Smash Style Hamborgarasósa  
250 ml

**BONUS** **EKKERT BRUÐL**



# Á um sjötíu ferðir í Selárdal

Unnið hefur verið að endurreisn Listasafns Samúels í Selárdal í 20 ár. Margir hafa komið að því verki en enginn á þar viðlíka mörg handtök og myndhöggvarinn Gerhard König sem hefur lagt sál sína í listagarð á hjara veraldar.

Gunnþóra Gunnarsdóttir  
gun@frettabladid.is



Verkefnið í Selárdal hefur verið mér ástríða,“ segir Gerhard König myndhöggvari um endurbæturnar á listaverkum og byggingum Samúels Jónssonar í Selárdal í Arnarfirði, þar sem hann hefur verið óteljandi stundum síðustu tvo áratuginna.

Enn vantar lokahnykkinn til að hægt sé að opna íbúðarhús Samúels, Brautarholt, þannig að þar verði aðstaða fyrir gesti, veitingar og verslun. Nú hefur verið hafin söfnun á Karolina Fund til að fjármagna lokahnykkinn.

Gerhard kveðst fyrst hafa komið í Selárdal sem ferðamaður árið 1997.

Hvernig skyldi sú upplifun hafa verið? „Það fyrsta sem ég sá voru mikil listaverk kollega míns. Ég lofaði sjálfum mér því þennan dag að gera eitthvað fyrir hann og laga verkin því þau voru í mjög slæmu ástandi.“

Fyrsta skrefið segir hann hafa verið stigið árið 1998 þegar hann gerðist stofnfélagi Félags Listasafns Samúels Jónssonar ásamt öðrum. Svo hóf hann viðgerðirnar sama ár. „Ég byrjaði á fyrsta ljóninu við gosbrunninn,“ rifjar hann upp.

Yfirleitt var Gerhard einn á staðnum fyrstu árin, að eigin sögn, oft þrjár vikur í senn. Eftir 2006 kveðst hann líka hafa unnið þar með hópum, til dæmis erlendum námsmönnum.

En hversu margar ferðir telur hann að hann hafi farið vestur? „Líklega um 70,“ er svarið.

Inntur eftir aðbúnaðinum upplýsir Gerhard að fyrstu tvö árin hafi hann sofnað í hjólhýsi en síðan inni í listahúsinu hans Samúels sem er lítið, óeinangrað hús á tveimur hæðum. „Ég útbjó þar einfalda svefn- og eldunaraðstöðu handa mér. Þegar ég vann með hópum, fundum við betri aðstöðu, til dæmis sumarbústaði að láni eða í gamla skólanum á Bildudal.“


Ekki vill Gerhard giska á hversu mikið fé hann hafi lagt í verkefnið, ferðir og fæði, né tímann sem hann hefur varið í það. „Félagið hefur greitt mér útlagðan kostnað og sanngjarna þóknun,“ byrjar hann en bætir svo við: „Því miður hafði það ekki nægan pening síðustu tvö árin til þess að greiða mér jafn sanngjarna þóknun og áður. Auðvitað hef ég eytt hundruðum klukkustunda í þetta verkefni, mjög miklum tíma og er afar ánægður með það!“

Góðu fréttirnar segir Gerhard að öllum listaverkum Samúels hafi verið bjargað, bæði öllum styttnum og sjálfu listasafninu. „Það sem við erum að vinna að núna er íbúðarhúsið og kirkjan. Þeim verkum er ekki lokið. Mikilvægast var að forða listaverkunum frá skemmdum,“ lýsir hann og heldur áfram:

„Ég sé fyrir mér að í framtíðinni getið verið þarna menningarmíðstöð og vil vinna þeirri hugmynd brautargengi. Er mjög spenntur fyrir því. Það krefst margra fúsra vinnuhandna! Svo það verður að vera hópur á bak við slíkt og auðvitað þarf fjármagn. Þannig er þetta bara.“

þau fyrir reiðskjóta og hvöttum þau áfram. En þegar félagið um Listasafn Samúels var stofnað fyrir 20 árum höfðu náttúruöflin leikið þessar gersemar grátt. Ljónin voru mörg fallin niður og miklar steypuskemmdir voru í öllum húsunum,“ segir Sólveig sem nú er stjórnarmaður í félaginu.

Hún segir Gerhard König eiga langstærsta þáttinn í endurbótunum. „Gerhard þurfti að steypa nýjar undirstöður og fann mót sem Samúel hafði notað en sumt varð hann samt að gera frá grunni og gætti þess að hafa allt eins upprunalegt og mögulegt var, eins og gert er í forvörslu í minjavernd. Hann ver þarna öllum sínum frítíma og lætur ekki óupphituð hús aftra sér frá því að dvelja. Þegar ég var fyrir vestan í lok október síðast var hann þar að ganga frá hlutum.“



Gerhard hefur unnið ótaldir vinnustundir í Selárdal og sér ekki eftir því. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Búið er að endurbæta íbúðarhúsið að utan en fé vantar til innanhússframkvæmda.



Hér er Gerhard að mála kirkjuna.



Gerhard fræðir gesti í kirkjunni hans Samúels.

## Alþýðuminjar sem eiga enga sína líka

Þegar byggð var sem blómlegust í Selárdal voru þar yfir 30 bæir og um 200 íbúar. Síðasti ábúandinn lést 2010 en ýmsir sem eiga rætur í dalnum leita þangað yfir sumarið. Meðal þeirra er Sólveig Ólafsdóttir, fyrrverandi fréttamaður. Afi hennar, Hannibal Valdimarsson ráðherra, tók jörðina Selárdal á leigu um það leyti sem hún fæddist og hún fór þangað fyrst níu mánaða gömul. „Ég var fyrir vestan á hverju sumri þar til ég var rúmlega tvítug, því pabbi tók við jörðinni þegar ég var 12 ára. Við vorum átta frændsystkinin, þar af fjögur á sama aldri, og dalurinn allur var leikvöllur okkar, þar á meðal Brautarholt, bærin hans Samúels, kirkjan, listahúsið og höggmyndagarðurinn sem var eins og ævintýraveröld. Við eignuðum okkur ljónin, höfðum

þau fyrir reiðskjóta og hvöttum þau áfram. En þegar félagið um Listasafn Samúels var stofnað fyrir 20 árum höfðu náttúruöflin leikið þessar gersemar grátt. Ljónin voru mörg fallin niður og miklar steypuskemmdir voru í öllum húsunum,“ segir Sólveig sem nú er stjórnarmaður í félaginu.

Hún segir Gerhard König eiga langstærsta þáttinn í endurbótunum. „Gerhard þurfti að steypa nýjar undirstöður og fann mót sem Samúel hafði notað en sumt varð hann samt að gera frá grunni og gætti þess að hafa allt eins upprunalegt og mögulegt var, eins og gert er í forvörslu í minjavernd. Hann ver þarna öllum sínum frítíma og lætur ekki óupphituð hús aftra sér frá því að dvelja. Þegar ég var fyrir vestan í lok október síðast var hann þar að ganga frá hlutum.“



Systurnar Kristín og Sólveig Ólafsdóttir þeysa um á ljónunum.

Sólveig segir mikið liggja eftir Samúel af málverkum og öðrum listmunum. Sýnishorn af þeim hafi verið í kirkjunni síðustu ár en þar sé um eftirprentanir og -líkingar að ræða. „Kirkjan heldur varla vatni og vindum og ekki er ráðlegt að vera þar með frumverkin en það verður möguleiki í listahúsinu þegar hægt verður að hita það upp.“

Hingað til hafa endurbætur á staðnum verið unnar í sjálfbodavinnu að langmestu leyti, að sögn Sólveigar. „Við sem erum í endurreisnarfélaginu ákváðum að nota tvítugsafmæli þess til að hrinda af stað söfnun svo hægt sé að ljúka verkinu. Það er upplifun fyrir ferðamenn, bæði íslenska og erlenda, að koma í Selárdal, þar eru alþýðuminjar sem eiga enga sína líka á landinu.“



Gleðilega páska



Sjálfbærni og samfélagsábyrgð  
Nóa Sírius súkkulaði er hluti af Cocoa Horizons verkefninu, sem gerir kakóræktendum kleift að framleiða kakó á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Verkefnið stuðlar að betri lífsskilyrðum í kakóræktarsamfélögum og bættum aðbúnaði starfsfólks.

## Nú mega páskarnir koma

Nóa páskaegginn eru tilbúin. Við vonduðum okkur alveg sérstaklega, því við vitum að þið viljið hafa þau fullkomin. Það á bæði við um gómsæta skelina sem bráðnar í munni og allt góðgætið sem leynist þar fyrir innan.

Gjörið þið svo vel – það er nóg til fyrir alla.



Silja Dögg Baldursdóttir hætti eftir eitt kjörtímabil sem bæjarfulltrúi á Akureyri. „Maður hefur alveg lent í ótrúlegustu hrútskýringum,“ segir hún um reynslu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Konur í sveitarstjórnnum: Karlaheimur og hrútskýringar

Kosið er til sveitarstjórna í lok maí. Ný rannsókn sýnir að konur séu líklegri en karlar til að hætta sjálfviljugar eftir tiltölulega stutta setu í sveitarstjórnnum. Þrjár konur, Silja Dögg, Esther Ösp og Margrét Gauja lýsa menningunni innan sveitarstjórna landsins.

Sveinn Arnarsson  
sveinn@frettabladid.is



Íslendingar ganga að kjörborðinu þann 26. maí næstkomandi. Verður þetta í tólfta sinn sem kosið verður í landinu á innan við áratug. Á kjördag velja íbúar hinna 74 sveitarfélaga einstaklinga til að stjórna bæjarfélögum sínum næstu fjögur árin. Nýir frambjóðendur í bland við reyndari munu bjóða sig fram til starfa og óska eftir stuðningi samborgara sinna.

Eva Marín Hlynisdóttir, lektor við stjórnfræðideild HÍ, segir í ritrýndri grein í ritinu Stjórnarmál og stjórnsýsla sem kom út í desember síðastliðnum, að sex af hverjum tíu sveitarstjórnarfulltrúum hafi komið nýir inn eftir hverjar kosningar til sveitarstjórna í síðustu þrennum sveitarstjórnarkosningum og líkur á því að konur hætti eftir fyrsta kjör-

tímabilið séu meiri en að karlar geri slíkt hið sama.

En hvernig er að vera kona í sveitarstjórn og af hverju virðist það vera svo að konur hætti fyrir í pólitík en karlmenn? Af hverju hafa kjörnar konur aldrei orðið fleiri en karlar í sveitarstjórnnum landsins og hvenær er von á að það breytist? Viðgengst einhver óútskýrður karlakúltúr í sveitarstjórnnum landsins sem heillar ekki konur eða gerir starfið á vettvangi sveitarstjórna minna heillandi fyrir konur en karla?

Til þess að reyna að öðlast dýpri skilning á því settumst við niður með þremur ungum og öflugum konum vítt og breitt um landið sem eru að hætta eftir tiltölulega skamma stund í pólitík og hafa tekið ákvörðun um að leggja skóna á hilluna, í bili að minnsta kosti. Af hverju eru þær að hætta? eru sveitarstjórnir karlægar heimur? eru þær ekki metnar að verðleikum eða eru það allt aðrir hlutir sem hafa áhrif á það af hverju konurnar ákveða að stíga til hliðar núna.

## Silja Dögg Baldursdóttir

Fæðingarár 1982.

L – listi, Akureyri. Hættir eftir eitt kjörtímabil sem bæjarfulltrúi.

„Staðan er núna þannig hjá okkur fjölskyldunni að við ætlum að elta annað núna sem við settum á ís fyrir fjórum árum þegar ég náði kjöri,“ segir Silja Dögg. „Það er virkilega erfitt ákvörðun að kveðja þetta verk efni núna. Eftir því sem maður kemst betur inn í málin verður rödd manns sterkari og maður getur haft meiri áhrif á samfélagið.“

Silja Dögg hefur setið í meirihluta L-lista, lista Framsóknarflokks og Samfylkingar, síðustu fjögur ár á Akureyri. Hún segist hafa þurft að hafa mikið fyrir hlutunum til að byrja með sem tengist því að þar fari ung kona. „Ég myndi segja að það sé erfðara fyrir ungar konur en karla að taka þátt í þessu að mörgu leyti,“ segir Silja. „Maður þarf að sanna sig meira en strákarnir. Þróskuldurinn er hærri og maður hefur alveg lent í ótrúlegustu hrútskýringum. Maður hefur þurft að sitja undir því að það sé talað við mann eins og maður sé of ungur til að skilja hlutina.“

Ein af ástæðum þess að Silja hættir nú eru starfsaðstæður bæjarfulltrúa á Akureyri. „Þetta starf er ekki

alltaf auðvelt. Þar sem þetta er ekki full vinna er mikið unnið eftir venjubundinn vinnutíma. Margir fundir eru því á tíma sem er tekinn af fjölskyldunni. Því segi ég að þú verðir að vera vel giftur til að fara í pólitík. Þetta er tími sem hefur að miklu leyti farið í vinnu fyrir bæinn og nú er komið að því að setja fjölskyldu aftur frammar í forgangs röðina,“ segir Silja.

Silja Dögg segir þennan hugsunarhátt að einhverju leyti ósýnilegan. „Þeir karlmenn sem ég hef unnið hvað nánast með hafa unnið með mér sem jafningja. Það hefur hins vegar komið upp gagnvart öðrum. Þegar ég er ekki sammála er skýrt fyrir mér að það sé út af vankunnáttu minni eða að ég sé að misskilja viðkomandi. Að því leyti



ÞÁ VAR ÉG

UPPNEFND

HEIMSK

MELLA SEM

VISSI EKKI

NEITT. KARL-

MAÐUR HEFÐI

EKKI LENT Í

SLÍKU UMTALI.

er þetta karlaheimur. Það skiptir öllu máli að ungt fjölskyldufólk, og þá sérstaklega ungar konur, taki þátt í stjórnmálum. Við fáum alltaf besta samfélagið þegar fjölbreyttasti hópurinn vinnur saman.“

Silja nefnir eitt mál sem tók nokkuð á hana. Íþróttafélag í bænum hafi óskað eftir bættri aðstöðu og unnið hafi verið að því að koma til móts við þarfir félagsins. Það hafi hins vegar endað í persónulegri árás á hana eina. „Ég tel það mál hafa farið á þann hátt vegna þess að ég var ung kona. Þá var ég uppnefnd heimsk mella sem vissi ekki neitt. Karlmaður hefði ekki lent í slíku umtali.“



## Esther Ösp Gunnarsdóttir

Fæðingarár 1984.

Fjarðalistinn, Fjarðabyggð. Hættir eftir tvö kjörtímabil.

Esther Ösp hefur setið í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags Fjarðabyggðar frá árinu 2010. Á þeim tíma hafa tvö börn komið í heiminn, þau hjónin stofnað fyrirtæki saman og því hefur verið í mörg horn að líta undanfarin misseri. Hún segir konur þurfa frekar að sanna sig strákar.

„Fyrsta árið í sveitarstjórn fer í að læra á strúktúrinn og hvernig kerfið virkar. Hér í Fjarðabyggð fer svo annað ár í að komast inn í málin sjálf í því fjölkjarnasveitarfélagi sem við búum í. Hér er fimm eða sex af öllu. Það er því margt sem þarf að skoða og kynna og læra inn á,“ segir Esther.

Að hennar mati er ekkert eitt sem réð því að hún hættir í vor. Áhuginn fyrir málefnum sveitarfélagsins hefur síður en svo dvinnað en þar sem



## Margrét Gauja Magnúsdóttir

Fæðingarár 1976.  
Samfylking, Hafnarfirði.  
Hættir eftir þrjú kjörtímabil.

„Reynsla er völd og til að öðlast völd þarftu reynslu. Þess vegna er sorglegt að konur hætta þegar þær loksins eru komnar með reynslu sem getur svo fært þeim völdin,“ segir Margrét Gauja sem hefur setið í þrjú kjörtímabil með hléum í bæjarstjórn Hafnarfjarðar sem og að hafa verið varapingmaður í þrjú ár.

Margrét Gauja segir konur þurfa að sanna sig tvöfalt meira en strákar.

á vettvangi stjórnmálanna áður en það sé yfirleitt hlustað á þær. „Við þurfum líka að láta alls konar skit yfir okkur ganga sem karlmaður myndi aldrei láta bjóða sér eða yfir höfuð þurfa að velta því fyrir sér,“ segir Margrét Gauja. „Og hvað þá ef þú ert kona sem fer ekki eftir formúlunni. Ert áberandi, ert með kjaft, fyndin,



klæðir þig ekki í dragtina og setur þig ekki í hlutverkið sem þú ert dukkan.“

Þegar ég spyr Margréti Gauju um hrútskýringar karla í hennar garð í stjórnmálum tengir hún það ekkert sérstaklega við stjórnmálin. „Nei, það er meira bara svona saga lífs míns. Hins vegar hef ég ekki lent í því innan stjórnmálanna í einhverjum ári. Kannski

af því að ég er reynslumesti bæjarfulltrúinn í bænum mínum. Menn eru þá hættir þessu. En það var þannig að ég fékk yfir mig alls konar hrútskýringar og áreitni og viðbjóð þegar ég byrjaði.“ Hún bætir við að það sé að einhverju leyti synd að hætta í pólitík á þeim tímum sem menn eru hættir að hrútskýra fyrir henni.

Hún bendir á að margt hafi færst til betri vegar á síðustu árum og að byltingar kvenna hafi breytt miklu. „Þegar ég varð stjórnarformaður Sorpu, þá vandaði ég mig brjálæðis-

lega vel og vann það verk vel. Samt sem áður vvoru allir að fara á taugum út af því að það væri kona komin í stólinn. Ég fékk fylgd inn á fundina af samflokksfólki til að halda í höndina á mér og passa upp á mig.“

„Þegar ég var formaður framkvæmdaráðs hringdi einhver karl í mig brjálæður klukkan sex um morguninn einn veturinn af því að það var ekki búð að moka hlaupaleiðina hans. Tel ekki líklegt að hann hefði hringt í karlmann á þeim tíma til að ausa úr skálum reiði sinnar.“



ÞEGAR ÉG BYRJAÐI HÉLT

ÉG AÐ ÉG MYNDI HELST

FINNA FYRIR FORDÓMUM

HJÁ ELDRI KÖRLUM.

aðstæður hafi breyst, stækkun fjölskyldu og fyrirtækjarekstur, sé lítið um svigrúm. Og, rétt eins og Silja Dögg á Akureyri, nefnir hún vinnutímamann. „Eins og þetta er skipulagt núna þá er þetta hlutastarf með öðru fullu starfi. Bæjarfulltrúar vinna því í frítíma sínum með öllu öðru sem þarf að gera eftir að vinnutíma lýkur. Því er ekki á færi allra að að sinna þessu lengi, nema vilja förna öðru í staðinn,“ segir Esther Ösp. „Ég hef gert það í átta ár. Á þeim tíma hef ég förnað öðru og verið sátt við það en nú er kominn tími til breytinga.“

„Ég hef verið afar lánsöm. Ég á mann sem hefur stutt mig 110 prósent og verkum á heimilinu skipt bróðurlega á milli okkar, hvort sem það er uppeldi eða heimilisstörf. En vinnan í sveitarstjórn er að taka tímann eftir að vinnu lýkur og fram á kvöld. Það er tíminn með fjölskyldunni. Ég er til í að förna þeim tíma endrum og eins og nú eru liðin átta ár,“ segir Esther. „Börnin verða ekki svona lítil lengi og ef áhugi er fyrir hendi áfram get ég vel skoðað að koma aftur inn seinna þegar frítími eykst aftur.“

Esther segir sveitarstjórnarvettvanginn vera karllægan en að það hafi að einhverju leyti færst til betri vegar síðan hún byrjaði í sveitarstjórn. „Þegar ég byrjaði hélt ég að ég myndi helst finna fyrir fordómum hjá eldri körlum. Það er hins vegar ekki sambandi milli aldurs og fordóma. Ég hef unnið með sextugum mönnum sem líta á mig sem jafningja en svo hef ég líka unnið með strákum á mínum aldri sem uppfyllir eru af karlrembu,“ segir hún en bætir við að stutt sé í fordóma. „Ég hef alveg ætlað að bóka gegn máli í nefnd sem ég var andsnúnin og fengið spurningu hvort ég gerði mér grein fyrir því hvernig þetta líti út og hvort ég skildi yfirhöfuð málið. Þar fann ég hvað það var lítið niður á mig.“

Esther nefnir það að hún hafi unnið á stórum karlavinnustöðum í gegnum tíðina og aldrei fundið fyrir jafn karllægum viðhorfum líkt og hún finni fyrir í sveitarstjórnarpólitíkinni. Hafði hún áður til að mynda unnið hjá Bechtel og Skógrækt ríkisins. „Ég er viss um að þegar menn settu sig í stellingar og töluðu við mig í föðurlegum umvöndunartón hefði raddblær þeirra verið annar ef þeir hefðu verið að tala við karlmann,“ segir Esther.



## Krefjandi störf á góðum vinnustað

Ríkisskattstjóri er í fararbroddi innleiðingar rafrænnar stjórnsýslu. Helstu verkefni embættisins eru álagning opinberra gjalda, skatteftirlit og að halda lögbundnar skrár en að auki er embættinu falið að sinna ýmsum sérverkefnum til lengri eða skemmri tíma, nú síðast verkefni tengdu ráðstöfun séreignarsparnaðar til kaupa á fyrstu íbúð.

Vinnustaðurinn er fjölmennur og dreifist starfsemin á átta starfsstöðvar um landið. Meginstefna ríkisskattstjóra í mannauðsmálum byggir á gagnkvæmu trausti, tillitssemi og virðingu á milli stofnunar og starfsmanna og starfsmanna sín í milli. Gildi ríkisskattstjóra eru fagmennska, jákvæðni og samvinna. Ríkisskattstjóri er þátttakandi í tilraunaverkefni á vegum Velferðaráráðuneytisins um styttingu vinnuvikunnar í 36 stundir.

### ■ Þjónustuver - Akureyri

#### Helstu verkefni og ábyrgð

Nú býðst öflugum og jákvæðum einstaklingi tækifæri til að ganga til liðs við þjónustuver ríkisskattstjóra sem er á starfsstöðinni á Akureyri. Helstu verkefni eru upplýsingagjöf um skattamál, símaþjónusta og afgreiðsla ýmissa gagna sem viðskiptavinir óska eftir.

#### Hæfnikröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli
- Frumkvæði og metnaður
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Fáguð framkoma og lipurð í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og þjónustulund
- Geta til að vinna undir álagi
- Góð almenn tölvukunnátta

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert. Umsóknir skulu fylltar út á vefsíðu embættisins eða á Starfatorgi. Ferilskrá sem inniheldur ítarlegar upplýsingar m.a. um menntun, fyrri störf, umsagnaraðila og annað er máli skiptir þarf að fylgja með svo umsókn teljist fullnægjandi.

Umsóknarfrestur er til og með 26.02.2018

Upplýsingar um störf veitir Birgitta Arngrímsdóttir í síma 442 1000 og birgitta.arngrimsdottir@rsk.is

**RSK** RÍKISSKATTSTJÓRI



rsk@rsk.is

442 1000

Þjónustuver opið:  
Mán.-fim. 9:00-15:30  
Fös. 9:00-14:00



# Berast áfram á öðrum vettvangi

**Birgir Jakobsson** segist ekki hafa áorkað miklu í starfi sínu sem landlæknir. Hann er þó enn ákveðinn í því að koma því til leiðar að heilbrigðisþjónustu verði betur skipt á milli fólks í landinu. Aðgengi að sérfræðiþjónustu þurfi að bæta. Hann segist brenna fyrir málefniinu og breytir um baráttuaðferð með því að gerast aðstoðarmaður ráðherra.

Kristjana Björg  
Guðbrandsdóttir  
kristjana@frettabladid.is



Þegar Birgir Jakobsson hitti blaðamann síðast fyrir þremur árum hafði hann setið nokkrar vikur í embætti. Allan þann tíma hafði heilbrigðis-kerfið verið háflamað vegna verkfalla.

Áður en Birgir tók við starfi landlæknis bjó hann og starfaði í Svíþjóð um langt árabíl þar sem hann gegndi ýmsum stjórnunarstöðum við sjúkrahús þar í landi. Sérgrein Birgis er barnalækningur og árið 1988 lauk hann doktorsprófi frá Karolinska Institutet. Hann gegndi yfirlæknisstöðu á barnadeild Huddinge sjúkrahússins í Stokkhólmi, árið 2003 tók hann við starfi sjúkrahússtjóra við Capio St. Görans sjúkrahúsið í Stokkhólmi og frá árinu 2007 var hann forstjóri Karolinska sjúkrahússins í Stokkhólmi þar til hann var skipaður landlæknir.

Birgir kom einbeittur til starfa og fullur baráttuvilja og vildi bæta þjónustu og aðgengi að heilbrigðisþjónustu.

## Skoðar kvörtun frá Ólafsvík

Fréttablaðið.is fjallaði á dögunum um mál Gunnhildar Lindu Vigfúsdóttur sem lést þann 30. janúar síðastliðinn. Heiðar Friðriksson, eiginmaður hennar, hefur mánuðum saman barist fyrir því að Embætti landlæknis fari ofan í saumana á framkomu lækna í Ólafsvík við Gunnhildi Lindu. Og að sjúkrasaga hennar verði skoðuð. Heiðar sagði í viðtali við Fréttablaðið.is að læknir hefði neitað að koma og búa hana undir flutning í sjúkrahús eftir að hún datt heima hjá sér. Hún hafði verið mikið veik og greinst með heilaæxli.

Birgir segir að að venju geti embættið ekki rætt um einstök mál í fjölmöldum. „Við erum að skoða þessi mál og vöndum okkur í þeirri vinnu.“

Spurður um fjölda kvartana sem berast embættinu vegna þjónustu á landsbyggðinni og alvarleika þeirra segir Birgir að þær séu ekki fleiri en á höfuðborgarsvæðinu.

„Mistök gerast í heilbrigðisþjónustu. Það er staðreynd. Ég hef hins vegar ekki tölur um að þau séu fleiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Það sem ég hef hins



Birgir hefur brátt störf sem aðstoðarmaður ráðherra og mun mæta einbeittur til verks. Hann segir mikilvægt að gefast ekki upp í því verkefni að bæta aðgengi Íslendinga að heilbrigðisþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

vegar sagt frá byrjun er að sérfræðiþjónustu úti á landi er misskipt miðað við höfuðborgarsvæðið. Aðgengi fólks á landsbyggðinni að sérfræðiþjónustu er ekki nægilega gott og það er ekki vel skipulagt. Það er hlutur sem ég er búinn að segja í þrjú ár. Ég stend við það. Það þarf að gera ákveðna breytingu á þessu,“ segir Birgir ákveðinn.

Hann segist telja að Landspítalinn sem háskólasjúkrahús allra landsmanna þurfi að fá mjög skýrt hlutverk í samvinnu við heilbrigðisstofnanir úti á landi.

„En til þess að þetta sé mögulegt þarf náttúrulega Landspítalinn að hafa burði til að geta veitt þessa þjónustu og nægilega marga sérfræðinga þannig að þeir geti verið í samskiptum við stofnanir úti á landi og sinnt þeirri þjónustu á forsendum heimamanna. Og ekki eins og hefur verið, á forsendum sérfræðinga sem hafa tíma til að fara út á land. Ég var ákveðinn í að koma þessu til leiðar þegar ég hóf störf hjá embættinu fyrir þremur árum og er enn ákveðinn í því.“

Hvers vegna gengur illa að hreyfa við kerfinu? „Landspítalinn hefur

ad mínu mati ekki burði til að veita þessa þjónustu vegna þess að sérfræðingar Landspítalans hafa nóg að gera í öðrum verkefnum. Þeir eru heldur ekki nógu margir. Helmingur af sérfræðingum Landspítalans er líka þegar í hlutavinnu og sinnir sérfræðisstörfum á stofum á höfuðborgarsvæðinu. Og er raunverulega ekki að sinna landsbyggðinni. Nema þá að fólk komi frá landsbyggðinni á stofur sérfræðings hér í borginni,“ segir Birgir.

## Fara í manngreinarálit

Hefur þú heyrt dæmi um það að læknar fari í manngreinarálit? „Það hafa komið upp mörg dæmi um þetta. Að læknar telji sig ekki geta sinnt manneskju af einhverjum ástæðum. En þá er það oftast þannig að þeir tryggja að annar læknir tekur við meðferð.“

Hvaða viðhorf hefur þú til þess að læknar fari í manngreinarálit? Hvernig er tekið hjá því hjá embættinu? „Það er mjög alvarlegt. Það má ekki fara í manngreinarálit. Góðir starfshættir lækna kveða á um það að læknir geti ekki neitað manneskju um læknisþjónustu nema að tryggja

það að viðkomandi fái þjónustu einhvers staðar annars staðar. En að því sögðu þá getur þú komist að þeirri niðurstöðu að þú getir ekki veitt viðkomandi manneskju nauðsynlega meðferð. Þá er algjört skilyrði að þú tryggir að það sé einhver annar sem gerir það.“

Hvaða ástæður geta verið fyrir því að læknir neiti að veita þjónustu? „Það geta verið margar ástæður. Þær geta verið trúarlegar, siðferðilegar. Þær geta líka verið þannig að traust á milli læknis og sjúklings hefur skadast og þá er betra fyrir báða að einhver annar sinni sjúklingnum.“

En ef það er enginn annar? „Ef það er enginn annar til staðar þá verður læknir að sinna sjúklingi. Það er grundvallarregla okkar en það er samt ekki hægt að þvinga heilbrigðisstarfsfólk til að gera hluti sem eru á móti gildismati þess. Þetta er ákveðið mat sem þarf að fara fram. En það getur hins vegar ekki gengið upp að læknar fari í manngreinarálit. Þín fyrsta skylda sem læknir er að hjálpa sjúklingnum. Ef þú getur það ekki þá ber þér að senda sjúklinginn annað og tryggja bestu mögulegu þjónustu.“

Það er mjög djúp tilfinning og ábyrgð sem fylgir þessari starfsreglu lækna-stéttar,“ segir Birgir.

„Hvernig finnst þér þú skilja við embættið? „Mér finnst ég ekki hafa áorkað miklu á þessum tíma. Þetta eru þrjú ár og auðvitað er það ekki langur tími, en það er mín aðalregla að ef þú ert ekki búinn að koma því til leiðar á þremur til fimm árum sem þú ætlar að koma til leiðar, þá muntu líklega ekki koma því til leiðar. Þá er betra að fara að gera eitthvað annað,“ segir Birgir.

## Breytt baráttuaðferð

„Mér finnst áhugavert að breyta um baráttuaðferð. Sjá hvað ég get gert með öðru fólki. Fólki sem er nær því að koma einhverju til leiðar en við getum hjá þessu embætti. Ég ætla að gefa því tækifæri.“

Hvernig kom það til að þér var boðið þetta starf? „Það var nýlega sem ég var spurður að því hvort þetta gæti verið eitthvað sem ég gæti hugsað mér. Þó að ég hafi nýlega náð þessum háeru-verðuga aldri þá finnst mér gaman að vinna. Ég brenn fyrir þessum mállefnum. Ég er búinn að brenna fyrir því í áratugi hvað er hægt að gera til að bæta heilbrigðisþjónustuna og koma góðu til leiðar fyrir stóran hluta sjúklinga.“

Ég myndi vilja sjá það að aðgenginu að þjónustunni væri betur skipt á milli fólks. Og að þetta opinbera kerfi sem er fjármagnað af skattfé almennings sé burðugra til að sinna þörfum fólksins í landinu. Við erum ekki fleiri en það að við eigum að geta gert það.

Við erum á mörgum sviðum góð en það vantar mikið upp á að kerfið virki betur. Við vorum eitt sinn á góðri leið. Ef við hefðum byrjað árið 1990 og upp úr því að fylgjast með því hvað er að gerast erlendis og gera eins, þá værum við ekki stödd þar sem við erum í dag. Við förum aðra leið og förum eiginlega í nokkurs konar kerfisleysi sem hefur eiginlega stýrt sér sjálfst meira og minna síðustu tuttugu ár.

## Við getum gert betur.

Ég er alla vega enn með baráttuprek. Ég vona að mér og ráðherra komi vel saman. Við höfum rætt saman og það lofar góðu,“ segir Birgir.

kristjanabjorg@frettabladid.is

Fréttablaðið.is Lengri útgáfa af greininni er á frettabladid.is

## LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

í besta sætinu



VERIÐ VELKOMIN Í HEIMSÓKN

SUDURLANDSBRAUT 24, 108 REYKJAVÍK  
Opið alla virka daga 10-18. Lau. 11-16

554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR  
BETRI HVÍLD

# HELDU

LAUGARDAGUR 24. FEBRÚAR 2018

## Helgin



Helga Björg Kjerúlf og Halla Hákonardóttir verða með tiskuvinnustofu fyrir ungmenni í dag þar sem endurvinnsla og endurnýting á fötum er í brenni-depli. ➔4



## Erum allar gullfallegar

Sunneva Eir Einarsdóttir er meðal snoppufriðustu glæsikvenda landsins, með tugþúsundir fylgjenda á samfélagsmiðlum. Hún segir lífið vera betra þegar stelpur standi saman. ➔2

Sunneva Eir Einarsdóttir er einn af allra vinsælustu áhrifavöldum lýðveldisins. Henni liggur mest á hjarta að hafa góð áhrif á ungar konur. MYND/ERNIR



H Ö N N U N

G Æ Ð I

Þ Æ G I N D I

TILBOÐSVERÐ 176.000,-

habitat



TEKK  
COMPANY

TEKK COMPANY OG HABITAT | SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 |  
OPIÐ MÁN-FÓS 10-18 | LAU 11-17 OG SUN 13-17 | VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS



Sunnevu þykir vænt um fylgjendur sína en vænst um þegar fólk hrósar henni fyrir kinnigáfuna. Hún segist bráðfyndin, þótt ekki viti allir af því. MYND/ERNIR

**Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**  
thordisg@365.is



Ég er mjög ánægð með sjálfa mig og held að við höfum öll útlit með okkur. Það er mikilvægt að samþykkja sjálfan sig eins og maður er til að geta blómstrað sem einstaklingur," segir Sunneva Eir Einarsdóttir, einn af vinsælustu áhrifavöldum lýðveldisins. Nýverið var látið í veðri vaka að það væri ógjörningur að gera lista yfir heitustu konur landsins án þess að Sunneva væri á honum.

„Fjöldinn sem fylgdist með mér truflar mig ekki; ég hef gaman af mínum fylgjendahóp. Ég vel það sem ég deili með þeim. Ég er enn sú sama og ég hef alltaf verið og hef sjálf ekkert breyst, en ég hef fengið fullt af frábærum tækifærum og kynnst ógrynni af góðu fólki.“

#### Drottningar hjálpast að

Sunneva er með ríflega 26 þúsund fylgjendur á Instagram og hátt í sextán þúsund á Snapchat.

„Ég ætlaði mér aldrei að gera lífi mínu skil á samfélagsmiðlum; það bara gerðist og vatt hratt upp á sig. Það kom á óvart en ég nýt þess. Ég á æðislegan fylgjendahóp sem hefur vonandi gaman af efninu sem ég pósta og er þakklát fyrir alla sem fylgja mér eftir,“ segir Sunneva.

Hún hafi aldrei átt sér drauma um frægð og frama.

„Sem krakki dreymdi mig jú um að verða fræg söngkona en sá ferill hefði aldrei gengið upp þar sem ég er með skelfilega söngródd,“ segir Sunneva og hlær.

Hún segist meðvituð um

ábyrgðina sem fylgi því að vera áhrifavaldur.

„Að deila sínu daglega lífi með þúsundum áhorfenda fylgir sannarlega ábyrgð og ég reyni að hafa góð áhrif á alla. Ég sendi frá mér jákvæða orku og vona að fólk taki við henni. Ég vil hafa jákvæð áhrif á alla, en sérstaklega ungar stelpur. Ég vil að þær læri að elska hver aðra, en sér í lagi sjálfar sig. Lífið er mun betra þegar við stelpurnar stöndum saman. „Queens fix each others crowns.““

#### Dreymir um að ferðast meira

Sunneva fæddist í Reykjavík 7. ágúst 1996 og verður því 22 ára í sumar.

„Móðir mín vildi velja mér nafn sem væri bjart og fagurt. Sunneva þýðir gjöf sólar og henni fannst nafnið hæfa mér vel en á þeim tíma vorum við fáar sem hétum Sunneva,“ segir sólskinsbarnið Sunneva um fyrirmynd sína og móður, Guðrúnu Helgu Harðardóttur.

„Ég hef líka alltaf lítið upp til stóru systur minnar, Rebekku Einarsdóttur, því hún er svo ótrúlega dugleg, metnaðarfull, falleg, flott og yndisleg manneskja.“

Á samfélagsmiðlum er helsta fyrirmynd Sunnevu Tammy Hembrow sem hún segir virðast vera með allt á hreinu og lífa draumalífi.

„Að halda úti snappi getur verið annasamt en ég er ekkert of föst í því og snappa bara þegar ég vil. Ég starfa hins vegar við að sjá um samfélagsmiðla en framtíðarplönin eru að klára að mennta mig og fá mér vinnu sem ég er góð í og hef virkilega gaman af. Þegar ég var yngri dreymdi mig um að verða flugfreyja eða dýralæknir,

og jafnvel hvort tveggja í einu, en í dag vonast ég til að finna mér vinnu sem tengist ferðalögum því ég elska að ferðast. Ef ég mætti breyta einhverju úr fortíðinni vildi ég óska að ég hefði ferðast miklu meira en ég hef þegar gert,“ segir Sunneva.

#### Ekkert fegurri en aðrar konur

Sunneva vekur hvarvetna athygli fyrir glæsileik, fegurð og flottan líkamsvöxt.

„Ég hef gaman af því að stunda líkamsrækt og fer í ræktina fimm til sex sinnum í viku. Ég hef líka mikinn áhuga á fördum og tísku og fylgdist vel með því nýjasta. Ég hef lítið fyrir því sem viðkemur útlitinu því ég hef gaman af öllu sem ég geri.“

Besta fegurarráð Sunnevu er að hugsa vel um húðina, drekka mikið vatn og ástunda hreyfingu.

„Mér líður alltaf best þegar ég hugsa vel um húðina og líkamann. Það er staðreynd að þegar manni líður vel og er í sátt við sjálfan sig er maður hvað falletgur,“ segir Sunneva sem er ekki síður vel af Guði gerð þegar kemur að innri manni.

„Ég hef skemmtilegt og jákvætt viðhorf til lífsins, er góð við alla og er mikill dýravínur.“

Sunneva kveðst ekki finna fyrir fordómum eða ófund annarra kvenna vegna útlits síns.

„Nei, enda finnst mér ég ekki líta betur út en aðrar konur. Að mínu mati eiga konur ekki að bera sig saman við aðrar konur; við erum allar gullfallegar, hver á sinn hátt.“

Engin pressa sé að fara út úr húsi upp á sitt besta þótt hún sé rómuð fyrir glæsileika.

„Alls ekki. Oftast fer ég ómáluð

„Ég vil hafa jákvæð áhrif á alla, en sérstaklega ungar stelpur. Ég vil að þær læri að elska aðra, en sér í lagi sjálfar sig. Lífið er mun betra þegar við stelpurnar stöndum saman. „Queens fix each others crowns.““

Sunneva Eir Einarsdóttir

og í æfingafötunum út. En ég hef vissulega gaman af því að farða mig flott og klæða mig upp á, svo það er engin pressa. Mér þykir þó vænst um þegar fólk segir mig fyndna frekar en fallega, því ég er heilmikið fyndin. Það bara vita það ekki allir,“ segir hún og hlær.

#### Snakkgrís og Star Wars-nörd

Það er nammidagur hjá þorra landsmanna í dag en hjá Sunnevu eru allir dagar nammidagar.

„Ég hef aldrei neitað mér um eitt né neitt þótt ég reyni að halda mínu striki á virkum dögum og fá mér snakk og gvakamóle um helgar. Ég er því meiri snakkgrís en nammigrís og dæmigert kósíkvöld hjá mér snýst um góða bímynd, snakk og kúr,“ segir Sunneva sem er reglusöm að eðlisfari og þykir gott að fara snemma í bólið og taka daginn snemma.

„Mér finnst mjög gott að byrja helgina á spinning, borða svo eitt-hvað mjög óhollt og hafa það kósí. Af og til kíkji ég út á lífið og hef það

skemmtilegt með vinkonunum, og þannig verður það um þessa helgi.“

Vísindaskáldskapur er eitt af helstu áhugamálum Sunnevu sem er mikill aðdáandi Star Wars, Lord of the Rings, Harrys Potter, Star Trek, Marvel, DC og Doctor Who.

„Það gæti komið einhverjum á óvart að mamma kallaði mig nörd þegar ég var á mínu mesta Sci-Fi-tímabili en ég hef verið nörd síðan ég man eftir mér og finnst áhugamálið bara mjög eðlilegt,“ segir Sunneva og kímir.

#### Best að vera maður sjálfur

Sunneva á flesta fylgjendur sína á Instagram þar sem hún byrjaði að miðla myndum úr lífi sínu löngu áður en hún opnaði á Snapchat.

„Ef ég mætti gefa ungum konum ráð, sem vilja feta sömu braut og ég á samfélagsmiðlum, væri það að vera alltaf þær sjálfar. Það skiptir öllu máli, og svo auðvitað góð lýsing!“ segir hún og skellir upp úr.

„Þó að ég deili miklu úr eigin lífi gæti ég þess líka að eiga mitt eigið persónulega líf. Mín trú er sú að enginn sé alveg 100 prósent opinber á allt sitt. Maður verður að eiga sitt einkalíf,“ segir Sunneva og er reynslunni ríkari eftir að vera orðin einn af vinsælustu áhrifavöldum Íslands.

„Áður var ég óskaplega feimin en samfélagsmiðlarnir hafa kennt mér að skriða út úr skelinni. Fyrir hálfu öðru ári hefði mér aldrei dottið í hug að ég yrði komin á þann stað sem ég er á í dag og ég er í raun og sann þakklát fyrir allt.“

Fylgstu með Sunnevu Eir á Instagram undir sunnevaeinarsd og á Snapchat undir sunnevaeinars.

# Femarelle dregur úr beinþynningu og bætir geð


Femarelle vörurnar eru náttúruleg lausn fyrir konur sem finna fyrir einkennum breytingaskeiðs. Rannsóknir sýna að þær vinna einnig gegn beinþynningu og hafa góð áhrif á geðslagið.

**B**reytingaskeiðið er eitthvað sem engin kona sleppur við. Einkennin geta verið afar mismunandi og þó svo að sumar konur sleppi nokkuð vel og finni lítið fyrir breytingunum eru samt ákveðin atriði eins og beinþynning sem nauðsynlegt er að huga að.


## Hvað er breytingaskeið

Breytingaskeiðið hefst þegar eggjastokkar konunnar draga úr framleiðslu á kvenhormónum og að lokum hættu. Þetta hefst oftast þegar konur eru á bilinu 45-52 ára en þó eru mörg dæmi þess að þetta ferli byrji fyrr og jafnvel síðar. Á þessu skeiði kemst ójafnvægi á hormónana sem getur lýst sér á margvíslegan máta en þetta eru einkenni eins og:

- Fyrirtíðaspenna
- Óreglulegar blæðingar
- Hitakóf og nætursviti
- Svefntruflanir
- Skapsveiflur
- Þurr húð og minni teygjanleiki
- Minni orka, þreyta og slen
- Pirringur
- Aukinn hjartsláttur
- Höfuðverkur
- Minni kynlöngun
- Kviði og sorgartilfinning



» Prófessor Andrea Genazzani, forseti Evrópuráðs í kvensjúkdómafræðum, mælir með Femarelle sem fyrstu meðferð við einkennum breytingaskeiðs en það hefur færst gríðarlega í aukana að konum sé bent á náttúrulegar leiðir frekar en að taka inn hormóna.



## Beinbrot vegna beinþynningar

Beinþynning í tengslum við tíðahvörf leiðir í mörgum tilfellum af sér beinbrot og er það talin alvarleg ógn í vestrænum þjóðfélögum þar sem meðalaldur fer sífellt hækkandi. Fyrstu tvo áratugi ævinnar byggjum við upp beinin okkar og upp úr 30 ára aldri fer smám saman að draga úr beinþéttunni. Vegna minnkandi estrógenframleiðslu hjá konum eru þær mun útsettari fyrir beinþynningu heldur en karlar. Á Íslandi má árlega rekja 1.600 til 1.800 beinbrot til beinþynningar og ætla má að önnur hver kona um fimmtugt og fimmti hver karl á Íslandi, megi eiga von á broti síðar á lífsleiðinni.

## Eykur beinþéttni án aukaverkana

Ýmis lyf hafa verið framleidd til að draga úr beinþynningu og það með ágætis árangri en þó eru flest þeirra

„Inntaka á Femarelle gæti verið ágætis forvörn fyrir einkenni breytingaskeiðsins ásamt því að minnka verulega líkur á beinþynningu.“

Hrönn Hjálmaradóttir, heilsu- og næringar- markþjálfari



ekki án aukaverkana. Nú er hins vegar komið fram nýtt efni sem hægt er að taka til lengri tíma án allra aukaverkana, það kallast DT56a og er helsta innihaldsefnið í Femarelle. Þetta er efna-

samband unnið úr óerfðabreyttu soja og viðurkenndar rannsóknir sýna að það örvar estrógenema í staðbundnum vef, slær á einkenni tíðahvarfa og eykur beinþéttni, án þess að hafa nokkur neikvæð áhrif á vef í móðurlífi eða brjóstum.

## Fyrir konur frá 30 ára aldri

Femarelle vörurnar eru fáanlegar í þremur gerðum sem henta konum á mismunandi stigum tíðarhvarfa en þau hefjast yfirleitt upp úr þriðtugu þó svo að einkenna verði ekki vart strax. Femarelle getur slegið á þau einkenni sem talin eru upp hér fyrst í greininni og í ljósi þess að beinþéttni fer minnkandi um svipað leyti og hormónabreytingar hefjast, getur inntaka á Femarelle verið ágætis forvörn fyrir einkenni breytingaskeiðsins ásamt því að minnka líkur á beinþynningu.

## Hin fullkomna þrenna fyrir alla fjölskylduna



**Grænn og vænn smoothie daglega!**  
Vel samsett boost getur verið uppfyllt af næringarefnum sem auka orkuna, jafna blóðsykurinn og örvar meltinguna.



**ENZYMEDICA®**  
Digest Basic – Gegn vægum meltingarvandamálum

- Bætir meltingu og frásog næringarefna.
- Gegn ónotum, lofti og uppþembu.
- Henta einnig fyrir börn (lítill hylki).
- Tekið rétt fyrir máltíð.



**Bio-Kult®**

Öflugur gerlar sem styrkja meltinguna  
7 gerlastofnar sem hjálpa við að byggja upp og koma jafnvægi á þarmaflóruna, bakteríudrepandi hvítlaukur sem er einnig öflugur fyrir ónæmiskerfið og þykkni úr fræjum greipaldins sem vinnur gegn fjölmörgum bakteríutegundum, veirum og sveppum.

# Klippa, mála og lita föt

Helga Björg Kjerúlf og Halla Hákonardóttir verða með tiskuvinnustofu fyrir ungmenni í dag þar sem endurvinnsla og endurnýting á fötum er í brenni-depli. Afraksturinn verður til sýnis á Reykjavík Dance Festival 11. mars.

Sigríður Inga Sigurðardóttir  
sigriduringa@frettabladid.is



Endurvinnsla og endurnýting á fötum er Helgu Björgu Kjerúlf og Höllu Hákonardóttur hugleikin en þær reka saman lista- og hönnunarstúdíóið USEE STUDIO. „Á tiskuvinnustofunni í dag ætlum við að mála föt, tússa á föt, klippa þau í sundur og setja saman aftur, taka t.d. tvo jakka og búa til nýjan jakka úr þeim. Þetta er leikur en líka leið til að vekja fólk til umhugsunar um hvaðan fötin sem við kaupum koma, hvað verður um þau þegar við erum hætt að nota þau og hver býr til fötin okkar. Svo má líka hugleiða hvort við þurfum öll að eiga eins mikið af fötum og raun ber vitni,“ segir Helga Björg sem er arkitekt að mennt. Halla er fatahönnuður og þær hafa starfað saman við hönnun í þrjú ár. Tiskuvinnustofan er samstarfsverkefni þeirra, Reykjavík Dans Festival og Listasafns Reykjavíkur.

## Sængurföt verða að skyrtu

„Í dag ætlum við að hanna fatalínu í samstarfi við Sorpu sem heitir ON BRAND og er skírskotun í merkja-fatnað. Hver kannast ekki við að einn bolur með einhverri áletrun kemst í tisku svo úr verður hálfgerð mógæsing og allir vilja eiga þennan bol? Okkur finnst áhuga-vert að velta því upp hvað það er sem skapar svona spennu fyrir ákveðinni flik,“ segir Helga Björg en þær ætla einnig að skoða hvað hægt er að gera við gömul sængurföt. „Margir setja sængurfatnað beint í endurvinnslu en oft er um að ræða vandaðan textíl sem nota má á nýjan hátt. Við Halla höfum t.d. oft saumað finustu skyrtur og buxur úr gömlum sængurfötum með góðum árangri.“

ON BRAND línan verður svo sýnd á viðburði sem Reykjavík Dans Festival stendur fyrir 11. mars.

Þetta er leikur en líka leið til að vekja fólk til umhugsunar um hvaðan fötin sem við kaupum koma, hvað verður um þau þegar við erum hætt að nota þau og hver býr til fötin okkar.

## Vaknaði fyrir þremur árum

Þegar Helga Björg er spurð hvort fólk spái almennt meira í hvaðan föt sem það kaupir koma og hvað verður úr þeim segist hún vera viss um að svo sé. „Sjálf vaknaði ég fyrir um þremur árum þegar við Halla fórum að skiptast á hugmyndum. Þá var ég að vísu ekki eins róttæk í þessum efnum og ég er núna. Eftir að ég skoðaði upplýsingar um hversu margir fatagámar frá Sorpu eru sendir til útlanda á degi hverjum og hversu mikið af fötum er notað í landfyllingar get ég ekki snúið til baka. Það má heldur ekki gleyma fólkinu sem býr til fötin okkar en það vinnur oftast ekki við hræðilegar aðstæður og svo enda þessi föt kannski bara á rusla-haug. Tíðarandinn hefur líka breyst og við lifum á tímum þar sem fólk hugsar meira um umhverfið og um leið náungann. Við sjáum þetta líka í stefnum eins og „slow living“ og „slow cooking“. Eg kaupi mér heldur vönduð föt sem nýtast lengi og versla við búðir með notaðan fatnað. Þar má finna alls konar gimsteina,“ segir Helga Björg.

Fylgjast má með Helgu Björgu og Höllu á heimasíðunni usee.is og á instagram @useestudio.



Eftir að Helga Björg skoðaði upplýsingar um hversu margir fatagámar frá Sorpu eru sendir til útlanda á degi hverjum og hversu mikið af fötum er notað í landfyllingar ákvað hún að leggja sitt af mörkum til umhverfismála. MYND/EYÞÓR

## Samfélagsábyrgð fyrirtækja

sérblað Fréttablaðsins kemur út miðvikudaginn 7. mars nk. Unnið að hluta í samvinnu við Festu - miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja. Fyrirtækjum og stofnunum gefst færi á kynna sína stefnu og aðgerðir þegar kemur að samfélagsábyrgð. Svo sem á sviði loftslags og umhverfismála, samfélagsþátttöku, jafnréttismál, starfsumhverfis, vinnuvernd og stjórnunar og viðskiptahátta.

Tryggðu þínu fyrirtæki gott pláss í langmest lesna dagblaði landsins. Kynningarumfjöllun, viðtal eða hefbundin auglýsing í boði.

Upplýsingar veitir Ólafur H. Hákonarson markaðsfulltrúi.

Sími: 512 5433. Netfang: olafurh@frettabladid.is.



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



**PEYSA**  
ÁÐUR 6.990  
**NU 2.990**  
st.S-XXXL



**BOLUR**  
ÁÐUR 5.990  
**NU 1.990**  
st.S-XXXL



**BLÚSSA**  
ÁÐUR 5.990  
**NU 2.990**  
st.42-56



**TÚNIKA**  
ÁÐUR 6.990  
**NU 3.990**  
st.38-52

**ZIKZAK**  
TÍSKUHÚS

## AFMÆLISHÁTÍÐ

Við fögnum 17 ára afmæli Zik Zak, það verða léttar veitingar og **frábær afmælistilboð!**

### 30-50% afsláttur

af völdum vörum **dagana 22-26. febrúar** í Kringlunni og á Glerártorgi.



**KJÓLL**  
ÁÐUR 5.990  
**NU 2.990**  
st.S-XXXL



**TÚNIKA**  
ÁÐUR 6.990  
**NU 2.990**  
st.38-52



**KJÓLL**  
ÁÐUR 5.990  
**NU 2.990**  
st.36-56



**BOLUR**  
ÁÐUR 4.990  
**NU 1.990**  
st.S-XXXL

**Nýtt**

Höfum opnað **glæsilega netverlun**

Skoðaðu úrvalið á [www.zikzakverslun.is](http://www.zikzakverslun.is)



**TÚNIKA**  
ÁÐUR 6.990  
**NU 3.990**  
st.38-52



**BLÚSSA**  
ÁÐUR 6.490  
**NU 2.990**  
st.42-56

# Stökkvið táfýlunni á brott!

Táfýla er hvítleiður gestur sem þrífst best á blautum fótum. Þegar táfýlan hefur sest að getur verið þrautin þyngrri að ná henni burt en sítrushýði, matarsódi og kattasandur geta gert kraftaverk.

Táfýla kemur vegna samspils raka á fótum og baktería og þess vegna er mikilvægt að halda fótum þurrum. Þegar vatnselgurinn gengur berserksgang um göturnar er hætt við að margir verði blautir í fætunna. Þegar svo gefst ekkert endilega alltaf tími til að þurrka skó og sokka verða til kjöraðstæður fyrir táfýlu. Sokkana er einfalt að setja í þvottavél en ekki eru allir skór til þess fallnir að snúast í hringi rennblautir í lokuðu rými. Hér fylgja nokkur handhæg húsráð til að losna við óþef úr skóm og fylla þá aftur hunangsætri angan hreinna fóta.

Vefjið skóna inn í plastpoka og stingið í frystinn yfir nótt. Látið þiðna í sólskini næsta morguns. Langlíklegast er að bakteríurnar sem valda lyktinni leggist í dvala en spurning hvort þær vakna aftur þegar hlýnar í kringum þær. Sakar samt ekki að prófa.

Bleytið tuskur í mýkingarefni og setjið í skóna eftir notkun og hafið yfir nótt. Anganin ætti að sitja eftir þegar tuskurnar eru fjarlægðar.

Afhýðið appelsínu, greip, sítrónu eða límónu og setjið hýðið í skóna. Sítrusávaxtahýði er bæði bakteríudrepani og gefur góða angan.

Setjið nokkra dropa af ilmoliu í skóna. Einn tveir dropar á sólann



Táfýlu hefur verið lýst sem samblandi af lykt af gömlum osti, ammoniakí eða einhverju þaðan af verra.

ættu að duga til að fæla fýluna burt.

Þúður eða úða sem nota má gegn fótisveppi er einnig kjörið að setja í skó til að gera út af við óþef.

Matarsódi er til margs nyttsamlegur og meðal þess er að losna við vondu lykt. Látið væna skeið í hvorn skó og látið setjast í sólann yfir nótt. Hristið skóinn næsta

morgun og notið svo eins og vandi er til.

Ekki er hægt að tala um matarsóða án þess að minnst á edik. Ediki og vatni blandað til helm-

Þegar vatnselgurinn gengur berserksgang um göturnar er hætt við að margir verði blautir í fætunna og þá er táfýlan ekki langt undan.

inga er úað inn í skóinn og látið þorna í hálf tíma. Ef þú ert að flýta þér væri ráð að nota hárburrku til að þurrka skóinn. Til að gulltryggja niðurstöður er svo hægt að nota matarsóða-yfir-nótt trikkið.

Kattasandur er sérhannaður til að draga í sig lykt og oft er ljómandi góð lykt af hreinum kattasandi. Setjið slatta af hreinum kattasandi í sokk, bindið fyrir og leggið í skóinn yfir nótt.

Svifið svo á angandi skýi inn í næsta dag en forðastu ketti sem gætu haldið að skórnir þínir væru til þess gerðir að skilja eftir enn verri lykt en þá sem þú varst að reyna að ná úr í byrjun.

Best er þó að reyna að forðast að verða blaut í fætunna og ganga í stígvélum þegar slabbíð hylur göturnar. Ef hégómínn er skynseminni yfirsterkari má líka vera með plastpoka um fætunna í skónum.

## VELDU GÆÐI!

### 3 TEGUNDIR AF SÚRDEIGSBRAUÐUM




PRENTUNUS



www.bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30  
laugardaga 8.00 - 16.00  
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35  
Fálkagata 18



Ítalskur kjúklingaréttur sem upplagt er að prófa um helgina.

## Ítalskur kjúklingaréttur

Góður kjúklingaréttur sem frábært er að bera fram þegar kalt er í veðri. Þetta er ítalskur réttur sem auðvelt er að gera. Uppskriftnin miðast við fjóra.

**8 kjúklingalæri**  
**1 dl hveiti**  
**4 msk. ólífuoía**  
**2 laukar**  
**6 hvítlauksrif**  
**1 gul og ein rauð paprika**  
**300 g sveppir**  
**1 stór gulrót**  
**2 dl rauðvín**  
**10 kvistir timían**  
**1 tsk. óreganó**  
**Smávegis salt**  
**400 g kirsuberjatómatar**

**1 dl svartar ólífur, steinlausar**  
**Fersk steinselja**

Veltið kjúklingalærunum upp úr hveiti. Skerið lauk, papriku, sveppi, gulrót og hvítlauk smátt.

Steikið lauk, hvítlauk og kjúklingalærin saman. Kjúklingurinn á að vera gullinbrúnn. Bætið papriku og gulrót út í pottinn. Steikið stutta stund en bætið þá rauðvíni saman við, sveppunum, timían og óreganó. Látið malla í nokkrar mínútur. Blandið þá tómötum og ólífum út í. Allt látið malla í 30 mínútur undir loki. Hrærið af og til í blöndunni. Stráðið steinselju yfir í lokin og berið réttinn fram með pasta.



## Starf við sölu og framleiðslu ferða: Ferðaráðgjafi

### Hæfniskröfur:

- Talar og skrifar mjög góða ensku
- Góð tölvukunnátta
- Hefur reynslu úr ferðaþjónustu
- Getur unnið mikið yfir sumartímann
- Hefur gaman af því að skipuleggja
- Með ríka þjónustulund

### Helstu verkefni:

- Tilboðsgerð og skipulagning ferða
- Samskipti við erlenda viðskiptavinum
- Samskipti við innlenda birgja

Áhugasamir sendi inn umsókn á  
daniel@adtravel.is



AD Travel er ferðaskipuleggjandi sem sérhæfir sig í ferðum fyrir erlenda ferðamenn. Við erum að leita að hressum og skipulögðum starfskrafti sem vill vinna í litlu en skemmtilegu fjölskyldufyrirtæki þar sem unnið er náið með erlendum samstarfsaðilum að skapa ógleymanlega lífsreynslu fyrir viðskiptavininn.



## VILTU GANGA LENGRA?



## Útivera í hjarta miðborgarinnar

Óskum eftir jákvæðum og  
liprum einstaklingum til  
starfa við rafrænt eftirlit.



Nánari upplýsingar um laus störf stöðuvarða á  
[www.reykjavik.is/laus-storf](http://www.reykjavik.is/laus-storf)  
Bílastæðasjóður tekur þátt í tilraunaverkefni  
um styttingu vinnuvikunnar.



[www.bilastaedasjodur.is](http://www.bilastaedasjodur.is)



SKÓGASAFN  
Skógar Museum

Byggðasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga,  
**Skógasafn**, var stofnað 1. desember 1949.

Hlutverk safnsins er söfnun, varðveisla og sýning  
á menningarminjum úr sýslunum tveimur og  
varpa þannig ljósi á líf og starf íbúa þeirra.  
Megin hlutverk safnsins er að kynna íslenskan  
menningararf með sýningarhaldi.

Skógasafni tilheyrir Byggðasafni með 4 deildum,  
umfangsmikið Húsasafn á stóru útisýningarsvæði  
og Samgöngusafn ásamt minjagripaverslun og  
veitingastað. Héraðsskjalasafn er einnig í umsjá  
Skógasafns. Gestafjöldi 2017 var um 75.000.

Nánari upplýsingar um starfsemi safnsins  
má finna á [www.skogasafn.is](http://www.skogasafn.is)

## Forstöðumaður Skógasafns

Safnstjórn Byggðasafns Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga óskar eftir að ráða forstöðumann. Leitað er að öflugum aðila sem getur leitt starfsemi safnsins og þróað það enn frekar. Safnið er fjárhagslega og faglega sjálfstæð stofnun undir stjórn forstöðumanns. Um er að ræða fullt starf og þarf forstöðumaður að búa á svæðinu. Góð kjör eru í boði.

### Megin verkefni og ábyrgð:

- Daglegur rekstur Skógasafns
- Áætlanagerð fyrir rekstur og innkaup
- Umsjón með starfsmannamálum
- Skipulagning markaðs- og kynningarstarfs
- Samningagerð við birgja, verktaka og þjónustuaðila
- Umsjón með skipulagningu framkvæmda og viðhaldsverkefna
- Umsjón með Héraðsskjalasafni Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Árangursrík starfsreynsla af stjórnun, rekstri og markaðsstarfi er mikilvæg
- Þekking á safnastarfi er æskileg
- Góðir samskiptahæfileikar eru mikilvægir
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði
- Góð kunnátta í íslensku og ensku er mikilvæg
- Kunnátta í Norðurlandamáli og þýsku er kostur
- Staðarþekking er æskileg

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg ([ari@intellecta.is](mailto:ari@intellecta.is)) og Þórður S. Óskarsson ([thordur@intellecta.is](mailto:thordur@intellecta.is)), í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 5. mars 2018. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is) og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



Lyfjaver er leiðandi í vélskömmun lyfja  
á Íslandi og skammtar lyf fyrir fólk um  
allt land, bæði heilbrigðisstofnanir og  
einstaklinga í heimahúsum.

Fyrirtækið rekur einnig apótek á  
Suðurlandsbraut 22 ásamt Heilsuveri og  
heildsölu.

Hjá fyrirtækinu starfa um 50 manns.

Nánari upplýsingar um Lyfjaver má finna á  
[www.lyfjaver.is](http://www.lyfjaver.is)

## Framkvæmdastjóri

Lyfjaver óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til að stýra og bera ábyrgð á daglegum rekstri fyrirtækisins. Leitað er að öflugum stjórnanda sem hefur reynslu af lyfjamarkaði, þekkingu á mannauðsmálum og góða samskiptahæfni.

### Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri
- Stefnumótun og áætlanagerð
- Mannauðsmál
- Þátttaka í markaðsmálum
- Samskipti við opinbera aðila
- Eftirfylgni með þróun tæknilausna

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðisvísinda
- Reynsla af lyfjamarkaði
- Stjórnunarreynsla
- Reynsla af mannauðsmálum
- Reynsla eða þekking á markaðsmálum
- Samskiptahæfni
- Góð innsýn í tæknilausnir við meðhöndlun lyfja sem nýtast við sölu og markaðssetningu

Nánari upplýsingar veita Þórður S. Óskarsson ([thordur@intellecta.is](mailto:thordur@intellecta.is)) og Bylgja Björk Pálsdóttir ([bylgja@intellecta.is](mailto:bylgja@intellecta.is)) í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 5. mars 2018. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is) og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Intellecta, Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511-1225

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

## EXCITING GLOBAL OPPORTUNITIES



### PRODUCT MARKETING MANAGER

Marel seeks an experienced product marketing professional to join the corporate and product marketing teams in the role of Product Marketing Manager. In this role, you will be responsible for the development and execution of the cross-industry marketing strategy from beginning to end, working with cross-functional teams based in Iceland, Denmark, England and the US.

The ideal candidate is creative, business-oriented and impact-driven; a marketer with strong management skills, great business acumen and solid budgeting experience. We offer opportunities for growth in an international high-tech company with an open spirit and a great working environment.

#### Responsibilities:

- Develop, maintain and execute a comprehensive marketing strategy
- Create a marketing budget in collaboration with industry and product managers
- Manage product launches, core positioning and messaging
- Gather market intelligence and conduct competitor analysis
- Work effectively with large product teams in multiple geographies

#### Requirements:

- Effective marketing strategy skills: segmentation, positioning, messaging
- Strong marketing know-how in a competitive environment especially online
- Good intrapersonal skills for effective team building and communication
- University degree in Business, Marketing, Communication or equivalent
- Minimum 5 years of marketing experience
- Experience in an international B2B environment preferred
- Advanced written and spoken English and the ability to travel extensively

For more information please contact Ingólfur Örn Guðmundsson, Corporate Director of Marketing, [ingolfur.gudmundsson@marel.com](mailto:ingolfur.gudmundsson@marel.com), tel. 563-8118. Please submit your application no later than February 28, 2018, through [marel.com/34661](http://marel.com/34661)

Marel is an international technology company with about 5,400 employees, 600 of which are located in Iceland. Marel is the leading global provider of advanced processing systems and services to the Poultry, Meat and Fish industries. We place a rich emphasis on innovation and advancement in everything we do. That is why we want to employ strong people that are driven by new challenges every day. We offer a great working environment, effective training, flexible work hours, a fantastic canteen, facilities for exercise and good employee morale.



# Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.



## Tæknimaður

Eik fasteignafélag auglýsir starf tæknimanns laust til umsóknar. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf fyrir dugmikinn og þjónustulipran einstakling sem hefur áhuga á tæknimálum og fasteignatengdum verkefnum.

### Starfssvið:

- Umsjón með tæknimálum félagsins
- Stuðningur við húsumsjón og framkvæmdasvið
- Eftirlit með tæknitengdum verkefnum
- Önnur verkefni í samráði við yfirmann

### Hæfniskröfur:

- Rafvirkjun, rafeindavirkjun, - framhaldsmenntun í iðnfræði er kostur
- Reynsla af sambærilegum verkefnum
- Góð tækni- og tölvukunnátta
- Sjálfstæði í starfi
- Jákvætt viðmót, þjónustulund og góðir samskiptahæfileikar

Umsóknarfrestur er til og með 4. mars nk.

Sækja skal um starfið á vef Capacent, [www.capacent.is](http://www.capacent.is). Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita Ásdís Hannesdóttir ([asdis.hannesdottir@capacent.is](mailto:asdis.hannesdottir@capacent.is)) og Auður Bjarnadóttir ([audur.bjarnadottir@capacent.is](mailto:audur.bjarnadottir@capacent.is))

Eik fasteignafélag sérhæfir sig í eignarhaldi og útleigu á atvinnuhúsnæði. Félagið býður upp á framúrskarandi starfsaðstöðu og góðan starfsanda. Það er meðal stærstu fasteignafélaga landsins með tæplega 293 þúsund fermetra í yfir 100 fasteignum. Um 84% af eignasafni þess er á helstu viðskiptakjörnum höfuðborgarsvæðisins og eru leigutakar félagsins yfir 441 talsins. Hlutabréf félagsins eru skráð á aðallista kauphallarinnar Nasdaq.



# Ráðgjafi á sviði starfsendurhæfingar

**VIRK Starfsendurhæfingarsjóður í samvinnu við Eflingu leitar að ráðgjafa í 100% starf með starfsstöð í Reykjavík. Um er að ræða mjög krefjandi og fjölbreytt starf og einstakt tækifæri til þátttöku í þróun og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar á vinnumarkaði.**

### Helstu verkefni

- Ráðgjöf, stuðningur og hvatning við einstaklinga með skerta starfsgetu
- Upplýsingaöflun, skráning og mat samkvæmt gildandi verkferlum
- Umsjón og eftirfylgd með einstaklingsbundnum áætlunum sem gerðar eru í samvinnu við þverfagleg teymi VIRK
- Vinnur í nánu samstarfi við sérfræðinga VIRK, fagaðila í starfsendurhæfingu og vinnustaði
- Samskipti við stéttarfélög og atvinnurekendur

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis- eða félagsvísinda, s.s. á sviði félagsráðgjafar, hjúkrunar, iðjuþjálfunar, sálfræði eða sjúkráþjálfunar
- Viðtæk reynsla og þekking á sviði einstaklingsráðgjafar og/eða starfsendurhæfingar
- Framúrskarandi samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Sveigjanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfni og kostnaðarvitund
- Góð þekking á vinnumarkaði
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti



Ráðgjafar VIRK starfa hjá stéttarfélögum samkvæmt samningi við VIRK. Að VIRK standa öll helstu samtök launamanna og atvinnurekenda á vinnumarkaði. Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingaráþjónustu.

VIRK hefur í samstarfi við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir skilað samfélagslegum ávinningi með aukinni þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði og er leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar.

Nánari upplýsingar um Eflingu er að finna á [efling.is](http://efling.is) og um VIRK á [virk.is](http://virk.is).

### Upplýsingar veita:

Ragnheiður Dagsdóttir  
[ragnheidur.dagsdottir@capacent.is](mailto:ragnheidur.dagsdottir@capacent.is)

Auður Bjarnadóttir  
[audur.bjarnadottir@capacent.is](mailto:audur.bjarnadottir@capacent.is)

Umsóknir óskast fylltar út á [capacent.is](http://capacent.is).  
Umsóknarfrestur er til og með 5. mars 2018.

Umsókn þarf að fylgja starfsferilsskrá og einnar blaðsíðu kynningarbréf þar sem á kerfisbundinn hátt er gerð grein fyrir því hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur starfsins.





## ICELANDAIR CARGO

óskar eftir deildarstjóra í tónadeild fyrirtækisins í Reykjavík

### Deildarstjóri í tónadeild Icelandair Cargo

#### STARFSSVIÐ:

- Umsjón með tjonamálum og afgreiðslu þeirra.
- Samskipti við vöruhúsaafgreiðslur, erlendis og í Keflavík, vegna frávíka.
- Mótun og útfærsla mælikvarða, markmiða og eftirfylgni þjónustu Icelandair Cargo.

Umsækjendur eru beðnir um að senda ferilskrá ásamt kynningarbréfi til **Ingunnar Guðmundsdóttur** | [ing@icelandaircargo.is](mailto:ing@icelandaircargo.is)

Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum 5. mars.

#### HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg.
- Reynsla af vöruflutningakeðjunni „Supply Chain Management“ er æskileg.
- Frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæði, vönduð vinnubrögð og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Reynsla af upplýsingakerfum og greiningu gagna er nauðsynleg.
- Reynsla af vinnu með verkferla og hönnun þeirra er æskileg.



# Framkvæmdastjóri

Allianz Ísland hf. óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra fyrir félagið.

Allianz opnaði skrifstofu á Íslandi í desember 1994 og býður Íslendingum persónutryggingar, þ.e. líf- og lífeyrstryggingar, slysatryggingar og heilsu- og sjúkdómatryggingar í gegnum Allianz Lebensversicherung AG og Allianz Versicherung AG í Þýskalandi. Frá árinu 2002 hefur félagið haft heimild fjármálaráðherra til að bjóða hérlendis upp á samninga um viðbótarlífeyrissparnað, í samræmi við ákvæði laga. Hjá félaginu starfa 13 starfsmenn auk sex sjálfstætt starfandi ráðgjafa og þriggja tryggingamiðlana.

#### Starfssvið

- Ábyrgð á daglegum rekstri
- Stjórnun starfsmanna og uppbygging fyrirtækjamennningar
- Samræming verkferla, vinnubragða og stjórnun breytinga
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit
- Samskipti við viðskiptavinum, eftirlitsaðila og hagaðila
- Virk þátttaka í mótun framtíðarsýnar og stefnu fyrirtækisins
- Fylgja eftir stefnu og ákvörðunum stjórnar
- Framkvæmdastjóri heyrir undir stjórn

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun og rekstri æskileg
- Reynsla af sölumennsku æskileg
- Leiðtogahæfni og færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og lausnamiðuð hugsun
- Góð enskukunnátta nauðsynleg

Umsóknir óskast fylltar út á [hagvangur.is](http://hagvangur.is). Umsóknarfrestur er til og með 18. mars n.k. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Upplýsingar veita:

Katrín S. Óladóttir - [katrin@hagvangur.is](mailto:katrin@hagvangur.is)  
Sverrir Briem - [sverrir@hagvangur.is](mailto:sverrir@hagvangur.is)

Allianz Ísland hf.



## Verkefnastjóri á sviði markaðs- og sölumála

Endurmenntun Háskóla Íslands leitar að verkefnastjóra á sviði markaðs- og sölumála. Starfið felur í sér fjölbreytt verkefni á sviði markaðs- og sölumála, s.s. markpóstagerð, vinnslu og viðhald ýmissa gagna o.fl. Einnig þátttöku í teymisvinnu og framþróun sölu- og markaðsmála.

Viðkomandi þarf að vera tilbúinn til að takast á við fjölbreytt verkefni í mótun og geta hafið störf sem fyrst.

### Kröfur um hæfni og reynslu

- Háskólamenntun
- Frumkvæði, þjónustulund og framúrskarandi samskiptahæfni
- Skipulagshæfni og nákvæmni
- Lausnamiðuð og skapandi hugsun
- Mjög góð ensku- og íslenskukunnátta í ræðu og riti – reynsla af textagerð er kostur
- Reynsla af markaðsstarfi á vef og samfélagsmiðlum er kostur
- Reynsla af vinnu í MailChimp og úrvinnslu tölfraðilegra markaðsgagna er kostur



Upplýsingar veitir:

**Geirlaug Jóhannsdóttir**  
geirlaug@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á**  
**www.hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með**  
**11. mars nk.**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun liggur fyrir.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

## LAUS STÖRF HJÁ IGS

Farþegaafgreiðsla og farangursþjónusta



IGS leitar að öflugum einstaklingum í fjölbreytt og skemmtileg störf. Fyrirtækið þjónustar flugvélar og sér um afgreiðslu farþega á Keflavíkflugvelli.

### Farþegaafgreiðsla

Starfið felst m.a. í innritun farþega og annarri tengdri þjónustu við þá.

### Farangursþjónusta

Almenn þjónusta við komufarþega, skýrslugerð vegna farangurs og símaþjónusta.

Mikil áhersla er lögð á þjónustulund, hæfni í mannlegum samskiptum, reglusemi, stundvísi, sveigjanleika og árvekni. Unnið er á vöktum.

Gerð er krafa um almenn ökuréttindi og góða tungumála- og tölvukunnáttu. Stúdentspróf er æskilegt en ekki skilyrði. Lágmarksaldur er 20 ár. Umsækjendur þurfa að vera tilbúnir til þess að sækja undirbúningsnámskeið.

+ Umsóknum er skilað inn rafrænt á heimasíðu IGS, sjá [www.igs.is](http://www.igs.is), fyrir 10. mars 2018.

ICELANDAIR 



Umhverfis- og  
tæknisvið Uppsveita

## Skipulagsfulltrúi óskast til starfa

Laus er til umsóknar staða skipulagsfulltrúa hjá Umhverfis- og tæknisviði uppsveita. Að embættinu standa sveitarfélögin Grímsnes og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Flóahreppur og Ásahreppur. Aðsetur skipulagsfulltrúa er að Dalbraut 12 á Laugarvatni.

Skipulagsfulltrúi starfar með sameiginlegri skipulagsnefnd áður nefndra sveitarfélaga. Hann hefur umsjón með skipulagsgerð á svæðinu og hefur eftirlit með að framkvæmdir séu í samræmi við skipulag og útgefin leyfi. Skipulagsfulltrúi skal uppfylla kröfur um menntun og starfsreynslu samkvæmt 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. og 2.5. kafla skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

### Starfssvið:

- Yfirumsjón skipulagsmála í sveitarfélögum.
- Útgáfa framkvæmdaleyfa.
- Leiðbeiningar til sveitarfélaganna um skipulagsmál.
- Undirbúningur funda skipulagsnefndar, lögformleg afgreiðsla erinda og eftirfylgni mála.

### Menntun og hæfniskröfur:

- Framhaldsmenntun á háskólastigi sem nýtist í starfi.
- Umsækjandi skal uppfylla menntunar og hæfniskröfur samkvæmt 7. grein skipulagslaga nr. 123/2010 og 2.5. kafla skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.
- Reynsla af starfi tengdu skipulagsmálum er skilyrði.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu æskileg.
- Metnaður og frumkvæði til að ná árangri í starfi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni í ræðu og riti.
- Góð almenn tölvukunnátta.

Á starfsvæði embættisins er mikil fjölbreytni, þéttbýli, landbúnaður, sumarhús, dreifbýli og virkjanir. Íbúafjöldi svæðisins er um 3.950. Heildar flatarmál u.þ.b. 11.000 ferkílómetrar. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er framlengdur til 11. mars og eiga umsóknir að berast á netfangið umsokn@gogg.is

Frekari upplýsingar veitir formaður skipulagsnefndar Gunnar Þorgeirsson í síma 892-7309 eða á netfangið gunnar@gogg.is



### Rafvirki óskast

Óskum eftir að ráða rafvirkja til starfa eða mann vanan raflagnavinnu til starfa á starfstöð Tengils ehf í Reykjavík. Tengill ehf er öflugt rafverktakafyrirtæki með starfstöðvar í Reykjavík, Akureyri, Sauðárkróki, Blönduósi og Hvammstanga.

Vinsamlega sendið fyrirspurn eða umsókn á netfangið gisli@tengillehf.is fyrir 15. mars.



## ÍSAFJARÐARBÆR

### Sumarstörf hjá Ísafjarðarbæ 2018

#### Íþróttamannvirki Ísafjarðarbæjar - Sundlaugarverðir og vallarstarfsmaður

Íþróttamannvirki Ísafjarðarbæjar auglýsa eftir sundlaugarvörðum í sumarstörf við sundlaugararnar á Ísafirði, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Jafnframt er auglýst eftir öflugum starfsmanni á vallarsvæðið á Ísafirði. Æskilegast er að sundlaugarverðir geti hafið störf í lok maí 2018 eða eftir nánara samkomulagi. Um er að ræða 100% störf í vaktavinnu. Vallarstarfsmaður hefur störf 1. maí 2018 eða eftir nánara samkomulagi. Starfstími er til loka ágúst mánaðar 2018.

#### Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar – Yfirflokkstjóri

Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar auglýsir eftir yfirflokkstjóra. Vinnuskólinn er útiskóli sem í sumar hefur aðsetur í Fjarðarstræti og Sundhöllinni, Austurvegi 9. Æskilegast er að viðkomandi geti hafið störf í lok maí 2018 eða eftir nánara samkomulagi. Um er að ræða 100% starf til þriggja mánaða.

#### Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar - Almennur flokkstjóri

Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar er útiskóli þar sem starfið gefur einstaka möguleika á að njóta útivistar og eiga þátt í að þróa umhverfið í Ísafjarðarbæ. Óskað er eftir ábyrgðarfullum flokkstjórum til starfa á Ísafirði og Þingeyri. Æskilegast er að viðkomandi geti hafið störf í lok maí 2018 eða eftir nánara samkomulagi. Um er að ræða 100% störf til þriggja mánaða.

#### Starfsmenn í garðyrkjudeild Ísafjarðarbæjar

Þjónustumiðstöð Ísafjarðarbæjar auglýsir eftir starfsmönnum til sumarstarfa í garðyrkjudeild. Um er að ræða 100% störf við skemmtilega útivinnu á tímabilinu 14. maí til 17. ágúst eða eftir nánara samkomulagi.

#### Þjónustumiðstöð Ísafjarðarbæjar

##### - Sumarstarfsmenn

Auglýst er eftir fjórum sumarstarfsmönnum við hin ýmsu störf hjá Þjónustumiðstöð Ísafjarðarbæjar (áhalda húsi). Leitað er eftir starfsmönnum 18 ára og eldra sem hefur áhuga á útivinnu. Starfstímabil er 14. maí til 17. ágúst og er vinnutími milli kl. 07.20 - 17.00 virka daga, nema til hádegis á föstudögum.

#### Velferðarsvið Ísafjarðarbæjar - Sumarstarfsmenn

Velferðarsvið Ísafjarðarbæjar óskar eftir sumarstarfsmönnum í blönduð störf við málefni fatlaðra og aldraðra. Störfin sem um ræðir eru störf við heimaþjónustu (frekari liðveisla, félagsleg heimaþjónusta), hæfingu, sólarhringsþjónustu og sumarþjónustu við fötlud börn. Um er að ræða vaktavinnu þar sem starfshlutfall er 40-100%. Starfstímabil er frá 20. maí til loka ágúst.

Launakjör eru samkvæmt samningum launaneftar sveitarfélaga við VerkVest/FOSVest. Umsóknarfrestur um ofangreind störf er til og með 11. mars 2018.

Frekari upplýsingar um störfin má nálgast á vef Ísafjarðarbæjar ([www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is)) undir „Laus störf“. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störfin.

-Við þjónum með gleði til gagns-



RÚV starfar í almannabágu og hefur það hlutverk að vekja, virkja og efla. Öflugt og samhent starfsfólk RÚV skoðar samfélagið með gagnrýnum hætti, segir mikilvægar sögur og þróar nýjar leiðir til miðlunar.



## Við leitum að liðsauka

### Fréttamenn í sumarstörf

#### Fréttastofa

Fréttastofa RÚV leitar að öflugum sumararflýsingafólki í 100% störf á vöktum. Störfin felast í að afla fréttu á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni, í útvarp, sjónvarp og á rúv.is. Við leitum að metnaðarfullu og sjálfstæðu fólki með fjölbreyttan bakgrunn sem á auðvelt með að vinna í hópi, hefur góða framsögn og er vel ritfært.

Umsóknarfrestur er til 6. mars.

Umsóknum ásamt ferilskrá er skilað rafrænt á [www.ruv.is/laus-storf](http://www.ruv.is/laus-storf).

### Verkefnastjóri þjónustu fyrir útlendinga

#### Málfar og aðgengi

Við auglýsum eftir verkefnastjóra í fullt starf við að leiða nýja þjónustu við landsmenn með annað móturmál en íslensku þvert á miðla. Jafnframt hefur verkefnastjórinn umsjón með miðlun efnis á ensku á vef og auknu aðgengi að efni í dagskrá RÚV. Þjónustan er í samræmi við stefnu RÚV til 2021.

Umsóknarfrestur er til 12. mars.

[www.ruv.is](http://www.ruv.is)



Jafnlaunadéttir  
PwC 2017

# Hagstofa Íslands

leitar að metnaðarfullu og áhugasömu starfsfólki



## Sérfræðingur í rannsóknum

Hagstofa Íslands leitar að sérfræðingi til að leiða starfsemi rannsóknabjónustu sinnar. Rannsóknabjónusta Hagstofu Íslands sér um að bjónusta vísindasamfélagið og styður við hagnýtingu á gögnum Hagstofunnar til vísinda.

Starfið felst í að veita umsækjendum stuðning við gerð umsókna um rannsóknnaðgang að gögnum í vísindalegu tilgangi, leiðbeina þeim varðandi gagnabætur og hafa umsjón með lðunni, rannsóknaumhverfi Hagstofunnar. Þá fylgi starfinu að kynna rannsóknabjónustu Hagstofunnar fyrir notendum og hafa umsjón með rannsóknasamstarfi Hagstofunnar á innlendum og alþjóðlegum vettvangi.

### HÆFNISKRÖFUR

- Mastersgráða með aðferðafræðilegu inntaki. Doktorsgráða er kostur.
- Mjög mikilvægt er að hafa reynslu og þekkingu á akademískum rannsóknum
- Góð bjónustulund
- Mikil samskiptafærni
- Mikil skipulagsfærni
- Góð kunnátta á tölfræðiforritum (s.s. R og SPSS) er kostur
- Reynsla af gagnagrunnsvinnslu (t.d. SQL) er kostur
- Þekking á gæðastarfi er kostur
- Sjálfstæði í starfi, drifkraftur og áreiðanleiki
- Mjög góð enskukunnátta og ritfærni á fræðilegum texta

Umsóknarfrestur er til 26. febrúar 2018

Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags. Umsóknir skulu berast í pósti á: Starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík eða rafrænt á netfangið starfsumsokn@hagstofa.is.

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Helga Hauksdóttir í síma 5281000.

Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk Hagstofunnar er að vinna hlutlægar hagskýrslur, hafa forystu um samhæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum. Nánari upplýsingar má finna á [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)

## Deildarstjóri samskipta og miðlunar

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða öflugan stjórnanda til að leiða nýja deild samskipta og miðlunar. Deildin fer með útgáfumál fyrir stofnunina og veitir sérfræðingum hennar ráðgjöf og stuðning á sviði miðlunar og samskipta.

Í starfinu felst daglegur rekstur deildarinnar, stefnumörkun, áætlunargerð og forgangsröðun verkefna. Mikilvægur hluti starfsins verður einnig að byggja upp kunnáttu innan Hagstofunnar á almannatengslum, innleiða nýja og framsækna hætti í miðlun upplýsinga og vera helsti sérfræðingur stofnunarinnar á sviði samskiptamála.

### HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunarfærni
- Starfsreynsla úr fjölmiðlum
- Reynsla af almannatengslum er mikill kostur
- Reynsla og þekking á vefumsjón er kostur
- Þekking og áhugi á nýjungum á sviði samskiptamiðla
- Mjög góð samskiptafærni
- Þekking á tölfræði og framsetningu gagna er kostur
- Lausnamiðað og umbótasinnað viðhorf

Umsóknarfrestur er til 12. mars 2018

**JKE**  
NORDIC KITCHEN DESIGN

JKE er danskt vörumerki sem býður upp á einstaklega breiða línu í eldhús- og baðinnréttingum í hæsta gæðaflokki.

Innréttingarnar frá JKE hafa verið mjög vinsælar allt frá því þær komu fyrst á markaðinn árið 1970.

# Hefur þú áhuga á fallegri hönnun?

Við leitum að hugmyndaríkum, drífandi og útsjónarsömum einstaklingi sem hefur löngun og metnað til að hanna og selja innréttingar með okkur. Starfið felur í sér hönnun, tilboðsgerð, ráðgjöf og sölu á eldhús- og baðinnréttingum. Tölvukunnátta er skilyrði og færni á Winner er kostur.

Upplýsingar veitir Rúnar V. Gunnlaugsson rekstrarstjóri, [runar@byko.is](mailto:runar@byko.is)

Sótt er um á [www.byko.is](http://www.byko.is) eða [alfred.is](http://alfred.is) - umsóknarfrestur er til 5. mars

HÓLF  
& GÓLF

BYKO BREIDD

# TOPP SÖLUMAÐUR



## Hæfniskröfur

- Löggilding bifreiðasala eða reynsla af sölumennsku
- Heiðarleiki og stundvísi
- Áhugi og góð þekking á bílum
- Góð tölvukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum og sveigjanleiki í starfi

Vinnutími er mán-fös 10-18 og annan hvern laugardag 12-16.

Leitað er að drifandi starfsmanni með þægilegt viðmót og ríka þjónustulund. Í boði er spennandi framtíðarstarf hjá framsæknu fyrirtæki sem hefur á að skipa metnaðarfullu og samhentum starfsfólki.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá fyrir 5. mars á netfangið [tobbi@toppbilar.is](mailto:tobbi@toppbilar.is), merkt „Topp sölumaður“. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á sama netfang.

# TOPPBÍLAR

Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík · Sími 587 2000

2017 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri  
Vísindabúðir | keðlan



**Borgarholtsskóli**  
bókmennt • handmennt • siðmennt

Borgarholtsskóli er fjölbreyttur, framsækinn og skapandi skóli sem leggur áherslu á að allir fái nám við sitt hæfi. Boðið er upp á margar námsleiðir; í bóknaði, listnámi, iðnnámi og starfsnámi. Einkunnarorð Borgarholtsskóla eru: **agi, virðing, væntingar.**

## Kennari í bifreiðasmíði óskast við Borgarholtsskóla

**Menntaðan bifreiðasmíð vantar í 100% stöðu við Borgarholtsskóla frá og með haustönn 2018.**

Laun eru í samræmi við kjarasamning KÍ og stofnanasamning Borgarholtsskóla.

Umsækjendur greini í umsókn frá menntun, fyrri störfum og öðru því sem telja má að skipti máli.

Jafnt konur og karlar eru hvött til að sækja um störfín. Sakavottorð fylgi umsókn.


Á heimasíðu skólans, [www.bhs.is](http://www.bhs.is), eru upplýsingar um skólann og starfsemi hans.

Upplýsingar um starfið veitir Marín Björk Jónasdóttir, sviðstjóri, ([marin@bhs.is](mailto:marin@bhs.is)); sími: 698 5795.

Umsóknir ásamt fylgigögnum skulu send til Ársæls Guðmundssonar, skólameistara, ([arsaell@bhs.is](mailto:arsaell@bhs.is)) fyrir 12. mars 2018.

Skólameistari

# SPENNANDI STARF Á SKEMMTILEGUM VINNUSTAÐ



## BILANAGREINIR - BIFVÉLAVIRKI

Við óskum eftir bifvélavirkja til þess að sinna bilanagreiningum fyrir Subaru og Isuzu. Í boði er björt og glæsileg vinnuástaða og endurmenntun til að viðhalda þekkingu og tileinka sér nýjustu tækni. Verkstæðið er tæknilega mjög vel útbúið samkvæmt stöðlum framleiðanda.

### Hæfniskröfur:

- Bifvélavirkjamenntun
- Nokkurra ára starfsreynsla nauðsynleg
- Gott tölvulæsi, unnið er með rafrænar verkbeidnir og hluti af þjálfun er rafræn
- Góð íslenskukunnátta
- Bílpróf
- Sjálfstæð, skipulögð og fagleg vinnubrögð eru nauðsynleg

### Vinnutími:

Mánudaga til fimmtudaga kl. 8–17 og föstudaga kl. 8–16.  
Einnig möguleiki á lengri vinnutíma, kvöldvinnu milli kl. 17–22.

**Sótt er um störfín á heimasíðu BL, [www.bl.is/atvinna](http://www.bl.is/atvinna)**

**Umsóknarfrestur er til og með 4. mars nk.**

Nánari upplýsingar: Hermann Jónsson, forstöðumaður þjónustuverkstæðis, [hermann.jonsson@bl.is](mailto:hermann.jonsson@bl.is)

BL leitast við að ráða fólk sem hefur metnað til þess að veita framúrskarandi og faglega þjónustu í samvinnu við samheldinn og sterkan starfsmannahóp. Hjá BL er öflugt námskeiða- og fræðslustarf fyrir starfsfólk, virkt starfsmannafélag og einstök fyrirtækjamenning sem við erum afar stolt af.

BL ehf. / Sævarhöfða 2  
110 Reykjavík / 525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)



Stofnun Árna Magnússonar  
í íslenskum fræðum

## Rannsóknarstöður Árna Magnússonar og Sigurðar Nordals við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum auglýsir tvær lausar rannsóknarstöður til tveggja ára, tengdar nöfnum Árna Magnússonar og Sigurðar Nordals, sbr. 7. gr. laga um stofnunina, nr. 40/2006. Um er að ræða full störf. Auk eigin rannsókna og kynninga á þeim er gert ráð fyrir að starfsmenn hafi samfellda viðveru á stofnuninni og sinni þjónustuverkefnum á vegum hennar samkvæmt nánara samkomulagi, í allt að 20% af starfsskyldu.

Umsækjendur skulu hafa doktorspróf á fræðasviði stofnunarinnar eða geta lagt fram verk sem meta megi jafngild doktorsriti. Góð kunnátta í íslensku máli er skilyrði. Með umsóknnum skal senda skýrslu um menntun, fyrri störf og reynslu af rannsóknum ásamt afritum prófskrifteina, ritaskrá og þremur eintökum af nýlega birtum verkum sem umsækjandi vill láta taka tillit til (hámark fimm verk). Þá skal fylgja rækileg áætlun um þær rannsóknir sem umsækjandi hyggst stunda á tímabilinu og hvernig þær tengjast þeim frumgögnum og gagnasöfnum sem stofnunin varðveitir, sbr. 3. gr. laga um stofnunina.

Forstöðumaður stofnunarinnar ræður í stöðurnar að fenginni umsögn húspings Árnastofnunar.

Umsóknarfrestur er til og með 4. apríl 2018. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skal senda á netfang Sigurborgar Stefánsdóttur fjármálastjóra: [sigurborg.stefansdottir@arnastofnun.is](mailto:sigurborg.stefansdottir@arnastofnun.is) eða til Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Árnagarði við Suðurgötu, 101 Reykjavík ásamt fylgigögnum í þríriti. Stefnt er að því að ráða í störfín ekki síðar en 1. september 2018. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu í starfið hefur verið tekin.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólakennara og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs.

Við ráðningar í störfín hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er tekið mið af jafnréttisstefnu stofnunarinnar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðrún Nordal forstöðumaður, [guðrun.nordal@arnastofnun.is](mailto:guðrun.nordal@arnastofnun.is), eða í síma 525 4011.

Frekari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðunni: <http://www.arnastofnun.is/>.



NISSAN



RENAULT



ISUZU



DACIA







360  
DEGREE  
PANORAMA  
BOUTIQUE  
HOTEL

## Hótelstjóri

Óskast á nýtt 13 herbergja lúxus Boutique hótél sem er staðsett 10 km fyrir austan Selfoss.

Reynsla af hótélstjórnun er krafa og viðkomandi þarf að hafa gott vald á markaðsmálum og tveimur erlendum tungumálum.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf í júní 2018. Nánari upplýsingar um starfið er í síma 783 2900.

**Áhugasamir sendi umsókn með ferilsskrá á pósthafið olafur@360hotel.is.**



## Sumarstörf í Vatnajökulsþjóðgarði

Laus eru til umsóknar eftirfarandi sumarstörf

**Skaftafell** - Landvarsla, tjaldsvæðisvarsla, ræstingar og störf í móttöku og minjagripaverslun

**Veitingasala í Skaftafelli** - Afgreiðsla, aðstoð við matargerð og önnur tilfallandi verkefni

**Jökulsárgljúfur** - Landvarsla, verkamannastörf og störf þjónustufulltrúa

**Breiðamerkursandur** - Landvarsla

**Láglandi og gestastofur** - Landvarsla á láglandi og störf í gestastofum þjóðgarðsins í Snæfellsstofu á Skriðuklaustri í Fljótsdal, í Gömlubúð á Höfn í Hornafirði og Skaftárstofu á Kirkjubæjarklaustri

**Hálendi** - Landvarsla á hálendisstarfsstöðvum þjóðgarðsins í Öskju, Krepputungu, Snæfelli, Lónsöræfum, Lakagígum, Eldgjá, Hrauneyjum og Nýjadal

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Starfsgreinasambands Íslands.

Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 26. febrúar.

**Ítarlegri upplýsingar um störf og leiðbeiningar um umsóknarferli má finna á heimasíðu Vatnajökulsþjóðgarðs [www.vjp.is](http://www.vjp.is)**



## Verkefnastjóri húsasafns

Þjóðminjasafn Íslands auglýsir laust til umsóknar starf verkefnastjóra húsasafns. Helstu verkefni verkefnastjóra tengjast viðgerðum og viðhaldi á húsum í húsasafni Þjóðminjasafns, s.s. áætlunargerð, samningsgerð, öryggismál, samstarf við rekstraraðila, fræðsla, þátttaka í rannsóknarvinnu, skýrslugerð og eftirliti með viðhaldsframkvæmdum.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, æskilegt að það sé á sviði byggingalistar.
- Reynsla af skipulagningu og verkstjórn verkefna í byggingariðnaði.
- Þekking á íslenskum byggingararfi nauðsynleg, en þekking á torfhúsum og viðhaldi þeirra góður kostur.
- Reynsla af rannsóknarstörfum og skýrslugerð æskileg.
- Lípurð í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót.
- Starfinu fylgja talsverð ferðalög um landið og er bílpróf nauðsynlegt.

### Umsóknarfrestur er til og með 5. mars 2018.

Upplýsingar um starfið, helstu verkefni og umsóknarferli má finna á vef Þjóðminjasafns Íslands [www.thjodminjasafn.is](http://www.thjodminjasafn.is) og á [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is)

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur L. Hafsteinsson sviðsstjóri húsasafns ([guðmundur.luther@thjodminjasafn.is](mailto:guðmundur.luther@thjodminjasafn.is)) og Hildur Halldórsdóttir starfsmannastjóri ([hildur.halldorsdottir@thjodminjasafn.is](mailto:hildur.halldorsdottir@thjodminjasafn.is)), s. 530 2200.

Húsasafn Þjóðminjasafns Íslands veitir innsýn í húsakost þjóðarinnar á seinni öldum og þróun húsa gerðar á Íslandi. Húsafræðingur er kjarni safnkosts Þjóðminjasafns Íslands á landsbyggðinni. Meðal húsa eru allar stærstu og merkustu torfbærir landsins og allar þær torfkirkjur sem eru í upprunalegri gerð.

## Sumarstörf hjá Olíudreifingu

Við leitum að bílstjórum með meirapróf staðsetta í Reykjavík, Austurlandi, Snæfellsnesi, Akureyri og í Vestmannaeyjum. Um fjölbreytt störf er að ræða við olíudreifingu beint á vinnuvélar, tanka og skip.

Einnig leitum við að starfsmanni á dreifingarskrifstofu í Reykjavík. Helstu verkefni eru aðstoð við skipulagningu á akstri ásamt daglegu uppgjöri flutningstækja. Umsækjendur þurfa að vera skipulagðir og með almenna tölvukunnáttu.

### Leitað er af fólki sem hefur ríka þjónustulund og getur unnið sjálfstætt.

Olíudreifing greiðir ADR námskeið og laun á námskeiðstíma fyrir þá bílstjóra sem ekki hafa ADR réttindi. Við hvetjum jafnt konur og karla til að sækja um störf.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Marcher Egonsson í síma 550 9937 (Reykjavík, Austurland, Snæfellsnes og Vestmannaeyjar) og Guðjón Páll Jóhannsson í síma 550-9910 (Akureyri).

Meginstarfsemi Olíudreifingar er dreifing og birgðahald á fljótandi eldsneyti. Olíudreifing rekur einnig bifreiða-, járnsmíða-, dælu- og rafmagnsverkstæði. Starfsmenn félagsins eru um 130 talsins á starfsstöðvum víðsvegar um landið. Starfað er samkvæmt gæðavottuðum vinnuferlum. Nánari upplýsingar um Olíudreifingu ehf. má nálgast á [www.oliudreifing.is](http://www.oliudreifing.is).

**Olíudreifing | Hólmaslóð 8-10 | 101 Reykjavík | sími 550-9900 | [odr@odr.is](mailto:odr@odr.is) | [www.oliudreifing.is](http://www.oliudreifing.is)**



**Olíudreifing**

Sótt er um störf á vef Olíudreifingar [www.odr.is](http://www.odr.is)

Ráðningartíminn er sveigjanlegur, getur verið allt frá byrjun apríl til loka september.



## Communications Manager

We are looking for a Communications Manager to join our growing Commercial team.

The Communications Manager will be responsible for all external communications on behalf of Advania Data Centers as well as some internal communications. This includes writing and editing material for both online and printed media as well as a variety of other PR activities. The ideal candidate has communications experience in the tech industry, understands marketing best-practices, has exceptional writing skills, and is highly organised and passionate about the tech industry.

Please send your CV and a cover letter to [careers@advaniadc.com](mailto:careers@advaniadc.com) by 10th of March 2018.

Advania Data Centers is a leading High Performance Computing technology company. Among our clients are global organizations in a variety of sectors including engineering, design, healthcare, automotive, aerospace and diverse research industries. We deliver the next generation of HPC services that will disrupt the HPC and Supercomputing markets of today. Our partners included esteemed global enterprises such as HPE and Intel.

[www.advaniadc.com](http://www.advaniadc.com)



**advania**  
data centers

## Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á

**[www.talentradning.is](http://www.talentradning.is)**

[talent@talentradning.is](mailto:talent@talentradning.is) / [bryndis@talentradning.is](mailto:bryndis@talentradning.is) - Sími: 552-1600



TALENT  
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF



## Líffræðingur, lífeindafræðingur - Keldum

Á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er starf líffræðings eða lífeindafræðings laust til umsóknar.

### Starfssvið:

- Sérhæfð rannsóknastörf á sviði riðurannsóknna o.fl.

### Hæfniskröfur:

- Líffræðingur, lífeindafræðingur eða önnur sambærileg menntun.
- Reynsla af rannsóknastörfum.
- Góð tölvukunnátta.
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi.
- Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum.

Starfshlutfall er 100% og þarf umsækjandi að geta hafið störf sem fyrst.

Unnið er samkvæmt vottuðu gæðakerfi Tilraunastöðvarinnar.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum stéttarféлага opinberra starfsmanna við fjármálaráðuneytið. Við ráðningu í störf við Tilraunastöðina er tekið mið af jafnréttisstefnu Keldna og eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veitir Stefánía Þorgeirsdóttir (sími 5855100, netfang stef@hi.is).

Umsókn og ferilskrá sendist framkvæmdastjóra Keldna fyrir 12.03.2018 (netfang keldurstarf@hi.is).

Öllum umsóknum verður svarað.

*Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er háskólastofnun með margþætta starfsemi*

*Stofnunin sinnir grunn- og þjónusturannsóknum í líf- og læknisfræði dýra og manna.*

*Tilraunastöðin sinnir einnig þjónustu vegna heilbrigðiseftirlits í dýrum og eftirlits með búvöruframleiðslu.*

## Deildarstjóri Farþega - og farangursþjónustu

Airport Associates óskar eftir drífandi einstaklingi með brennandi áhuga á mannlegum samskiptum í starf deildarstjóra farþega - og farangursþjónustu.

Hlutverk deildarstjóra er að stýra daglegum rekstri einingarinnar ásamt almennum starfsmannamálum. Deildarstjóri heyrir undir forstöðumann flugafgreiðslusviðs.

### Helstu verkefni:

- Samskipti við flugfélög og ábyrgð á þjónustustigi
- Samskipti við rekstraraðila flugvallarins
- Innleiðing og eftirfylgni á verkferlum deildarinnar
- Ábyrgð á frávikum og eftirfylgni þeirra í gæðakerfi
- Umsjón vaktstjóra og annara starfsmanna í daglegum rekstri
- Mannaflaspá og skipulagning vakta
- Ber ábyrgð á tímaskráningum og skýrslugerð
- Ber ábyrgð á móttöku og þjálfun starfsmanna

### Hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi skilyrði
- Reynsla á sviði stjórnunar æskileg
- Mjög góð íslensku – og enskukunnátta skilyrði
- Góð almenn tölvukunnátta
- Frumkvæði, skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Jákvætt viðhorf, þjónustulipurð og mikil samvinnuhæfni

Áhugasamir sækjið um á heimasíðunni [www.airportassociates.com](http://www.airportassociates.com)

Umsóknarfrestur er til og með 4. mars 2018.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þórey Jónsdóttir Mannauðsstjóri,

[thorey@airportassociates.com](mailto:thorey@airportassociates.com)

eða í síma 420 – 0703.



# BÝR Í ÞÉR ELDMÓÐUR?

## VERSLUNARSTJÓRI

### ÓSKAST Í KRÓNUNA SELFOSSI

#### Hæfni og reynsla

- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Gott skipulag og skilningur á rekstri
- Geta starfað í hröðu umhverfi og tekið skjótt ákvarðanir
- Vilji til að þjálfva og hjálpa öðrum að þróast í starfi

#### Verkefni

- Búa til góða upplifun fyrir viðskiptavinum
- Leiðtogi í hópi starfsfólks
- Ráðningar og þjálfun
- Stjórna markaðs- og solumálum í verslun
- Stýra vörufæðni í verslun
- Daglegt skipulag til að fylgja eftir verkferlum og gæðum
- Ábyrgð á rekstri verslunar með öllu því sem það inniheldur

## AÐSTOÐARVERSLUNARSTJÓRI

### ÓSKAST Í KRÓNUNA LINDUM

#### Hæfni og reynsla

- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Gott skipulag og skilningur á rekstri
- Geta starfað í hröðu umhverfi og tekið skjótt ákvarðanir
- Vilji til að þjálfva og hjálpa öðrum að þróast í starfi

#### Verkefni

- Efla hópinn í að búa til góða upplifun fyrir viðskiptavinum
- Daglegt skipulag til að fylgja eftir verkferlum og gæðum
- Pantanir og áfylling
- Vaktaplön og þjálfun
- Verkstýring starfsfólks
- Þátttaka í markaðs- og solumálum í verslun
- Stjórnandi verslunar í fjarveru verslunarstjóra

Umsóknarfrestur er til og með 4. mars 2018

Umsækjendur sækja um á: [kronan.is/atvinna](http://kronan.is/atvinna)



## Staðaaðstoðarskólastjóra

Staða aðstoðarskólastjóra við Grunnskólann í Sandgerði er laus til umsóknar. Sandgerðisbær leitar að metnaðarfullum leiðtoga sem vill ná góðum árangri í skólastarfi og er tilbúin í nýngar. Við leggjum áherslu á árangur og vellíðan nemenda, gott samstarf innan skólans og við samfélagið. Æskilegt er að viðkomandi gæti hafið störf 1. maí en eigi síðar en 1. ágúst.

### Starfssvið og meginhlutverk

- Vera staðgengill skólastjóra, bera ábyrgð á og stjórna daglegri starfsemi skólans í samstarfi við skólastjóra.
- Vera tilbúin að taka að sér fjölbreytt verkefni í lifandi starfsumhverfi og taka þátt í mótun og framkvæmd faglegrar stefnu skólans.
- Hafa í samráði við skólastjóra umsjón með starfsmannamálum s.s. ráðningum, vinnutilhögun, starfsþróun og nýsköpun.
- Vinna náðið með starfsfólki að því að skapa góðan skóla þar sem árangur og vellíðan nemenda er í fyrirrúmi.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennaramenntun og réttindi til kennslu í grunnskóla.
- Meistarapróf í menntunarfræðum eða öðru fagi sem nýtist í starfi er æskilegt.
- Reynsla af starfsmannastjórnun í skólastarfi er æskileg.
- Áhugi og reynsla til að leiða þróunarstarf.
- Góð samskiptahæfni og skipulagshæfileikar.
- Frumkvæði og sveigjanleiki.

Í Sandgerði búa um 1780 íbúar. Grunnskólabyggingin er nýleg og vel búin. Grunnskólinn í Sandgerði er heildstæður fjölmenningarlegur grunnskóli og í dag eru nemendur um 248 og fjöldi starfsmanna er um 60.

Náðið samstarf er við Leikskólann Sólborg, félagsmiðstöðina Skýjaborg og Tónlistarskóla Sandgerðis.

Einkunnarorð skólans eru: **vöxtur – virðing – vilji – vinátta.**

Skólinn er heilsueflandi grunnskóli sem vinnur samkvæmt skólastefnu Sandgerðisbæjar og Uppbyggingarstefnunnar, „Uppeldi til ábyrgðar“. Sjá nánar á [www.sandgerdisskoli.is](http://www.sandgerdisskoli.is) og sandgerdi.is.

Umsókn skal fylgja ferilskrá um menntun, störf og stjórnun-arreynslu. Einnig er óskað eftir samantekt með hugmyndum umsækjanda um starfsemi og þróun skólans.

Umsóknarfrestur er til 2. mars 2018. Umsóknir sendist til Sandgerðisbæjar, Miðnestorgi 3, 245 Sandgerði eða á [sigruna@sandgerdi.is](mailto:sigruna@sandgerdi.is) / [holmfridur@sandgerdisskoli.is](mailto:holmfridur@sandgerdisskoli.is)

## Laus störf hjá Kópavogsbæ

### Leikskólar

- Aðstoð í eldhúsi í Baugi
- Deildarstjóri í Austurkór
- Leikskólakennari/leiðbeinandi í Austurkór
- Leikskólasérkennari/proskapjálfi í Austurkór

### Grunnskólar

- Bókasafns- og upplýsingafræðingur í Hörðuvallaskóla
- Forfallakennari í Kársnesskóla
- Frístundaleiðbeinendur í dægradvöl Kópavogsskóla
- Frístundaleiðbeinendur í dægradvöl Salaskóla
- Frístundaleiðbeinendur í dægradvöl Vatnsendaskóli
- Skólaliði í mótuneyti og ræstingar í Salaskóla

### Velferðarsvið

- Starfsmenn óskast á heimili fatlaðs fólks í Kópavogi
- Starfsmenn óskast í íbúðakjarna fyrir fatlað fólk í Kópavogi

### Annað

- Skipulagsfræðingur á skipulags- og byggingardeild
- Starfsmaður hjá Sundlaug Kópavogs
- Verkefnastjóri á framkvæmdadeild

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is), þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.



Kópavogsbær

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)

## FÉLAG ATVINNUREKENDA LEITAR AÐ FRAMÚRSKARANDI LÖGFRÆÐINGI

Félag atvinnurekenda gætir hagsmuna stórra sem smárra aðildarfyrirtækja með því að vera einarður talsmaður viðskiptafrelsis og heilbrigðrar samkeppni. Lögfræðingur félagsins vinnur náið með félagsmönnum og þarf m.a. að sinna verkefnum á sviði vinnuréttar, kröfuréttar, stjórnslururéttar, Evrópuréttar og útboðsréttar. Lögfræðingur félagsins kemur líka að gerð umsagna um lagafrumvörp og kjarasamningagerð félagsins svo eitthvað sé nefnt.

Umsóknir skal senda á [pall@atvinnurekendur.is](mailto:pall@atvinnurekendur.is) ásamt ferilskrá, einkunnayfirliti og meðmælum. Nánari upplýsingar veitir Páll Rúnar M. Kristjánsson, lögmaður FA. Frestur til að skila inn umsóknum rennur út 1. mars 2018.

Þeir sem koma til greina þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Fullnaðarpróf í lögfræði með fyrstu einkunn
  - Sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum
  - Brennandi áhugi á lögfræði og viðskiptum
  - Geta til að skara fram úr, metnaður til að bæta sig og ákafur vilji til að starfa með öflugum hóp
- Starfsreynsla á sviði lögfræði er kostur.

FÉLAG  ATVINNUREKENDA  
90 ÁRA <sup>1928</sup>/<sub>2018</sub>

## Starfsmaður á skjalasafn Vegagerðarinnar í Reykjavík



FAGMENNSKA  
ÖRYGGI  
FRAMSYNI

Vegagerðin auglýsir eftir starfsmanni á skjala- og bókasafn sitt í fullt starf.

### Helstu verkefni

- Móttaka gagna.
- Bókun og frágangur skjala.
- Þökkun gagna.
- Þjónusta við starfsmenn.
- Skráning á bókasafni.
- Aðstoð við verkefni á sviði rafrænnar skjalavörslu og bókaskráningar.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Próf í bókasafns- og upplýsingafræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu.
- Frumkvæði og faglegur metnaður.
- Skipulögð og öguð vinnubrögð í starfi.
- Góð íslenskukunnátta.
- Kunnátta í ensku og einhverju Norðurlandamáli.



Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til og með 12. mars. Umsóknir berist Vegagerðinni á netfangið [starf@vegagerdin.is](mailto:starf@vegagerdin.is). Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem gerð eru til starfsins, þar með talið menntunar- og starfsferilskrá. Nánari upplýsingar um starfið veitir Unnur Lárusdóttir skjalastjóri eða G. Pétur Matthíasson upplýsingafulltrúi í síma 522 1000. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

 **ÖSSUR**  
LIFE WITHOUT LIMITATIONS



## DIRECTOR OF DESIGN CENTER

Össur hf. is looking for an ambitious individual to join our team. As part of R&D, the Director of Design Center has the overall responsibility of leading a team of industrial and product designers with the objective of establishing and maintaining holistic standards of product aesthetic design, usability and packaging for the Össur portfolio, including Prosthetics and Bracing. The individual is expected to work closely with other departments around the globe to ensure alignment across the Össur portfolio and support product development in different locations.

### QUALIFICATIONS

- University degree in line with responsibilities of the function
- People management experience required
- International communication experience required
- Experience of industrial design considered a strong benefit
- Marketing experience is considered a strong benefit
- Experience in product development and/or management considered a benefit
- Strong leadership skills
- Project management skills
- Good language skills – English, in verbal and written form

Application period ends March 5th, 2018.

Please apply on our website: [ossur.is/mannaudur](http://ossur.is/mannaudur) under the appropriate position.

For further information contact Human Resources +354 515 1300.



Össur is a leading global provider of non-invasive orthopaedics with 3000 employees in over 25 countries worldwide. The core values of the company are Honesty – Frugality – Courage.



[WWW.OSSUR.COM](http://WWW.OSSUR.COM)

## » Ráðningarþjónusta

## Sölumaður á stóreldhúsasviði

Heildverslun á sviði matvæla óskar eftir að ráða öflugan sölumann á stóreldhúsasvið. Um fullt starf er að ræða.

## » Helstu verkefni

- Viðhald og öflun nýrra viðskiptavina
- Þátttaka í áætlanagerð
- Heimsóknir í fyrirtæki, stofnanir og mótuneyti
- Undirbúningur og eftirfylgni
- Tilboðs- og samningagerð

## » Hæfniskröfur

- Góð enskukunnátta
- Menntun og/eða reynsla á sviði matreiðslu, bakstri eða kjötvinnslu kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af sölustörfum á fyrirtækjamarkað kostur
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta

Fyrirtækið sérhæfir sig í innflutningi, sölu og dreifingu á vörum til matvöruverslana, mótuneyta og veitingahúsa.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar [www.hhr.is](http://www.hhr.is) og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • [hhr@hhr.is](mailto:hhr@hhr.is) • [www.hhr.is](http://www.hhr.is)

## Framkvæmdastjóri

Hólmadrangur ehf á Hólmavík auglýsir eftir faglegum og metnaðarfullum einstaklingi til starfa sem framkvæmdastjóri félagsins

## Starfssvið:

- Framleiðslustjórn, innkaup hráefnis og annarra aðfanga
- Stjórnun starfsmanna og mannauðsmála
- Yfirumsjón með fjármálum, birgðum, innheimtu og daglegum rekstri
- Sala og samskipti við innlenda og erlenda viðskiptavini

## Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. á sviði viðskipta eða sjávarútvegs
- Árangursrík reynsla af stjórnun, rekstri og markaðsstarfi er kostur
- Þekking á Navision og góð almenn tölvukunnátta
- Gott vald á ensku í töluðu og rituðu máli

Upplýsingar um starfið veitir Jón Eðvald Halldórsson, framkvæmdarstjóri í síma 455 3201 eða [jon@holm.is](mailto:jon@holm.is). Umsókn með ferilskrá sendist á [viktorja@ksholm.is](mailto:viktorja@ksholm.is) fyrir 12. mars næstkomandi.



# Hefur þú kíkt á Job.is?

job.is *visir*

## Sölumaður atvinnutækja

Sjálfstætt starfandi sölumaður óskast á sviði atvinnubifreiða og vinnuvéla hjá öfluggu innflutningsfyrirtæki

Upplýsingar og umsóknir sendist á [nortak@nortak.is](mailto:nortak@nortak.is)

Nortak lausnir  
Tryggvagötu 11  
101 Reykjavík  
[www.nortak.is](http://www.nortak.is)



## FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

### Forsætisráðuneytið auglýsir embætti aðstoðarseðlabankastjóra Seðlabanka Íslands

## Laust til umsóknar.

Forsætisráðherra skipar aðstoðarseðlabankastjóra Seðlabanka Íslands til fimm ára í senn, sbr. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum. Aðeins er hægt að skipa sama mann aðstoðarseðlabankastjóra tvisvar sinnum.

Aðstoðarseðlabankastjóri skal fullnægja almennum starfsgengisskilyrðum skv. 6. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Aðstoðarseðlabankastjóri er staðgengill seðlabankastjóra.

Umsækjendur skulu hafa lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum og búa yfir viðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Gerð er krafa um stjórnunarhæfileika og hæfni í mannlegum samskiptum.

Við skipun í embættið mun forsætisráðherra, skv. 2. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands, skipa þriggja manna nefnd er hefur það hlutverk að leggja mat á hæfni umsækjenda um embættið. Verður einn nefndarmaður skipaður samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins, einn samkvæmt tilnefningu bankaráðs Seðlabanka Íslands og einn án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar.

Í umsókn um embættið skal greina frá nafni, kennitölu og heimilisfangi umsækjanda auk þess sem veita skal ítarlegar upplýsingar um menntun viðkomandi, starfsferil og reynslu.

Um laun og önnur starfskjör fer eftir ákvörðun kjaraáráðs, sbr. b-lið 28. gr. laga um Seðlabanka Íslands.

**Skipað verður í embættið frá og með 1. júlí 2018.**

**Umsóknarfrestur er til og með 19. mars 2018.** Vinsamlega sendið umsóknir og starfsferilskrár til forsætisráðuneytisins, Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg, eða á netfang ráðuneytisins [postur@for.is](mailto:postur@for.is). Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um stöðuna. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun í embættið hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veitir ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins.

Í forsætisráðuneytinu, 21. febrúar 2018.

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)





### Við leitum að snyrtivöruráðgjafa!

L'OCCITANE leitar að starfsmanni í snyrtivöruverzlun sína í Kringlunni, í um það bil 60% starf.

#### Hæfniskröfur:

- Reynsla af verslunarstörfum
- Rík þjónustulund og jákvæðni
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Brennandi áhugi á snyrtivörum
- Menntun í snyrtifræði er kostur
- Eldri en 20 ára

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir og ferilskrá með mynd sendist á netfangið [loccitane@samvirki.is](mailto:loccitane@samvirki.is) fyrir 4. mars nk. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 545-0600.

## KERECIS Sérfræðingur

Kerecis er öflugt frumkvöðlafyrirtæki sem þróar og framleiðir lækningavörur sem notaðar eru til meðhöndlunar á margskonar vefjaskaða s.s. húðvandamálum, þrálátum sárum, brunasárum, munnholtsárum, heilabastrosfi og til enduruppbyggingar brjósta og kviðveggs. Innan Kerecis starfar öflugur hópur sérfræðinga sem náð hefur góðum árangri í þróun á lækningavörum. Tækni félagsins hefur vakið athygli á heimsvísu og er félagið m.a. í samstarfi við bandarískar varnarmálastofnanir um þróun og rannsóknir. Yfir þrjátíu starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu á Ísafirði, í Reykjavík og á Washington D.C. svæðinu. Meginmarkaður Kerecis er í Bandaríkjunum þar sem vörur fyrirtækisins eru seldar beint til heilbrigðisstofanana.

#### Sérfræðingur

Starfsmaður starfar innan deildar læknisfræðilegrar vöruþróunar. Viðfangsefni eru af fjölbreyttum toga allt frá grunnrannsóknum í líffræði til greinaskrifa í læknisfræðitimarit um niðurstöður forklínískra og klínískra rannsókna. Mikilvægt er að starfsmaður sé drifandi, sveigjanlegur og tilbúinn að læra nýja hluti. Sjálfstæði og ábyrgð mun fara eftir reynslu viðkomandi. Kerecis er ört stækkandi og bíður uppá mikil tækifæri til þróunar í starfi.

#### Helstu verkefni:

- Þátttaka í hönnun og framkvæmd forklínískra og tilraunastofurannsókna
- Skýrslu- og greinaskrif
- Umsóknir um rannsóknarstyrki
- Þátttaka í kynningu rannsóknarniðurstæðna á ráðstefnum
- Ýmis önnur verkefni innan læknisfræðilegrar vöruþróunar

#### Menntun og reynsla:

- Háskólapróf í líffræði, sameindalíffræði eða skyldum greinum
- Reynsla af frumuræktun og vinnu á rannsóknarstofu

#### Við leitum að einstaklingi sem hefur í fyrri störfum sýnt:

- Sjálfstæði
- Skipulagsgáfu
- Nákvæmni í vinnubrögðum

Vinnustaður er starfsstöð félagsins í Reykjavík.



Frekari upplýsingar veita Skúli Magnússon (sm@kerecis.com) og Hilmar Kjartansson (hkj@kerecis.com)

Umsóknir með ferilskrá og kynningarbréfi sendist inn á hr@kerecis.com og er umsóknarfrestur til 2. mars.



### Líffræðingur, lífeindafræðingur - Keldum

Á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er starf líffræðings eða lífeindafræðings laust til umsóknar.

#### Starfssvið:

- Sérhæfð rannsóknastörf á bakteríu-, sníkjudýra- og meinafræðisviði.

#### Hæfniskröfur:

- Líffræðingur, lífeindafræðingur eða önnur sambærileg menntun.
- Reynsla af rannsóknastörfum.
- Góð tölvukunnátta.
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi.
- Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum.

Starfshlutfall er 100% og þarf umsækjandi að geta hafið störf sem fyrst. Unnið er samkvæmt vottuðu gæðakerfi Tilraunastöðvarinnar.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum stéttarféлага opinberra starfsmanna við fjármálaráðuneytið. Við ráðningu í störf við Tilraunastöðina er tekið mið af jafnréttisstefnu Keldna og eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veitir Vala Friðriksdóttir (sími 5855100, netfang valaf@hi.is). Umsókn og ferilskrá sendist framkvæmdastjóra Keldna fyrir 12.03.2018 (netfang keldurstarf@hi.is). Öllum umsóknum verður svarað.

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er háskólastofnun með margþætta starfsemi. Stofnunin sinnir grunn- og þjónusturannsóknum í líf- og læknisfræði dýra og manna. Tilraunastöðin sinnir einnig þjónustu vegna heilbrigðiseftirlits í dýrum og eftirlits með búvöruframleiðslu.

## Spennandi störf í ferðaþjónustu



**ÉG HELD FAST VIÐ ÞAÐ AÐ ÉG VAR EKKI Í KEFLAVÍK [SAGÐI ERLA] ÞEGAR HENNI VAR SAGT AÐ YFIRHEYRSLAN YRÐI AÐ TAKA ENDA VARÐ HÚN ÆST. HÚN VIRTIST ÆTLA AÐ KOMAST Í MÓÐURSÝKISKAST. ERLA LAMDI AFTUR OG AFTUR Í BORDIÐ OG ÆPTI GRÁTANDI: „ENGINN TRÚIR MÉR HÉRNA.“ Á LEIÐINI Í FANGELSIÐ HÓTAÐI HÚN SJÁLFS-MORÐI SVO AÐ VÍÐIR HEYRÐI.**

Úr skýrslu lögreglu af yfirheyrslu yfir Erlu Bolladóttur.



**NÚ ER ÞAÐ SVO, AÐ MINNINGIN UM VERU**

**MÍNA Í ÞVÍ FANGELSI ER MÉR SVO ÓGN-**

**VEKJANDI AÐ ÞAÐ ER MÉR ALGER OFRAUN**

**AÐ EIGA AÐ KOMA ÞAR INN FYRIR DYR, OG**

**FINNST MÉR SEM MARGT AF ÞVÍ SEM MÉR**

**VAR ÞAR GERT HAFI ALLS EKKI ENN VERIÐ**

**LEITT TIL LYKTA.**

Úr bréfi Sævars til dómsmálaráðuneytisins sem sent var frá Litla-Hrauni, ritað eftir að honum barst til eyrna að sakborningar yrðu vistaðir í Síðumúlafangelsi, ætluðu þeir að vera viðstaddir málflutning fyrir Hæstarétti sem átti að hefjast 14. janúar 1980.

## Tryggvi Rúnar Leifsson, 24 ára, handtekinn

- 13 ára fangelsi fyrir aðild að dauða Guðmundar Einarssonar, nauðgun, brennu og þjófnaði.
- 1.522 dagar í gæsluvarðhaldi, þar af 655 dagar í einangrun.
- Afplánun: 22. febrúar 1980 til 24. desember 1981.
- Frelsissvipting = 71 mánuðir (6 ár).
- Tryggvi lést 1. maí 2009 úr krabbameini.
- Örfáum mánuðum eftir að Sævar lést komu þrjár dagbækur frá gæsluvarðhaldstíma Tryggva Rúnars í leitirnar. Með þeim má segja að sá neisti hafi kviknað að nýju sem skilað hefur því að málið verður endurupptekið. Gísli Guðjónsson vakti athygli á því að dagbækurnar bentu til þess að eitthvað mikið væri bogið við játningar sakborninganna.



**STUNDUM FINNST MÉR ÉG VERA SEKUR EN**

**GET EKKI MUNAÐ HVAD HEFUR GERST. BIÐIN**

**ER SVO ERFIÐ OG AÐ HUGSA UM ALLA ÞÁ SEM**

**ÞYKIR OG HEFUR ÞÓTT VÆNT UM MIG. ÉG**

**HLÝT AÐ VERA VEIKUR OG HAFI VERIÐ ÞAÐ**


**LENGI. ÞETTA ER GEÐSJÚKDÓMUR. VILJANN**

**SKORTIR ALLAN STYRK.**

Úr dagbók Guðjóns.

## Guðjón Skarphéðinsson, 32 ára, handtekinn

- 10 ára fangelsi fyrir aðild að dauða Geirfinns Einarssonar, og fyrir fíkniefnabrot.
- 1.202 dagar í gæsluvarðhaldi, þar af 412 dagar í einangrun.
- Afplánun frá 22. febrúar 1980 til 12. október 1981.
- Frelsissvipting = 58 mánuðir (4,8 ár).
- Í skýrslu réttarsálfræðinga sem fram koma í niðurstöðum starfshóps innanríkisráðherra frá 2013 var því slegið föstu að játningar Guðjóns væru falskar.



## Albert Klahn Skaftason, 20 ára, handtekinn

- 12 mánaða fangelsi fyrir að tálma rannsókn Guðmundarmálsins og fyrir neyslu, sölu og dreifingu fíkniefna.
- 118 daga gæsluvarðhald, þar af 87 dagar í einangrun.
- Afplánun frá 9. janúar 1981 til 12. mars 1981.
- Frelsissvipting = 6 mánuðir
- Réttarsálfræðingar (2013): „Okkar mat á því að hann reyndist ófær um að leggja fram ápreifanlegar sannanir í málinu er að hann hafði í raun og veru enga hugmynd um það.“



**KVEÐST ALBERT EKKI GETA MUNAÐ NÁNAR**

**UM ATVIK HELDUR EN HANN HEFUR ÞEGAR**

**SKÝRT FRÁ OG ÓSKAR EFTIR ALLRI ÞEIRRI**

**AÐSTÖÐ SEM MÖGULEGT SÉ AÐ FÁ TIL ÞESS**

**AÐ MUNA BETUR. SEGIST Í RAUNINI EKKERT**

**HAFI MUNAÐ UM ÞESSA HLUTI ER HANDTAK-**

**AN FÓR FRAM EN MINNIÐ HAFI KOMIÐ SÍÐAN.**

Yfirlitsskýrsla um viðtal þýska rannsóknarlögreglumannsins Schütz við Albert.



**JÆJA HVAD MEÐ ÞAÐ, ÞÁ ER EKKERT VIÐ**

**ÞESSUM ÖRLÖGUM AÐ GERA, SEM HEFUR**

**DUNIÐ YFIR MIG, EN ÉG TRÚI ÞVÍ SAMT, AÐ**

**ÞAÐ HLJÓTI AÐ KOMA BETRI DAGAR. OG ÞAÐ**

**SEM EFTIR ER, EFTIR AÐ ÉG LOSNA ÚR ÞESSU**

**MÁLI SEM ÉG ER SAKLAUS AF.**

Úr dagbók Tryggva Rúnars í Síðumúlafangelsi.



# BAUHAUS®



Afslátturinn gildir 22. - 28. febrúar 2018.

Opnunartímar: mánudaga til föstudaga 8-19 \* laugardaga og sunnudaga 10-18





bauhaus.is

# BAUHAUS®



Afslátturinn gildir 22. - 28. febrúar 2018.

Opnunartímar: mánudaga til föstudaga 8-19 \* laugardaga og sunnudaga 10-18



Málfræðingurinn Margrét las sér til um lágkolvetnafæði. Hún komst að því að 15 ára baráttu við að ná tökum á „viljastyrknum“ var ekki málið, heldur þekking á líkamsstarfsemi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Konan sem át fíl en grenntist (samt)

Margrét Guðmundsdóttir málfræðingur léttist eftir fimmtán ára baráttu eftir að hafa kynnt sér vísindagreinar um lágkolvetnafæði. Hún ákvað að deila reynslu sinni og skrifaði bók um vegferðina alla.

Kristjana Björg  
Guðbrandsdóttir  
kristjana@frettabladid.is



**M**argrét Guðmundsdóttir málfræðingur hafði reynt að léttast í fimmtán ár án árangurs. Þangað til hún kynnti sér vandlega lágkolvetnafæði með lestri fræðigreina vísindamanna um slíkt mataræði. Margrét sem vinnur að doktorsrannsókn á breytingum á framburði á lífsleiðinni ákvað að deila reynslu sinni með fólki í sömu sporum og hefur nú skrifað bókina: Konan sem át fíl en grenntist (samt).

Þetta er nokkuð óvanalegt, að málfræðingur skrifi bók um mataræði og baráttu við líkamsþyngd? „Já, það má segja að ég sé komin býsna langt út fyrir mitt hefðbundna svið. Ég sökktil mér ofan í fræði um mataræði og næringu sem ég hafði ekki gert áður. Þó hef ég lengi fylgst vel með næringarráðleggingum og reynt að fylgja þeim,“ segir Margrét sem hafði heyrt um lágkolvetnafæði áður en ekki kynnt sér það að ráði.

„Það gekk svolítill bylgja yfir landið fyrir nokkrum árum. Hún fór eiginlega fram hjá mér því að mér

fannst umræðan vera í töfralausnádúr. Það er langt síðan ég hætti að trúa á töfralausnir og kúra. Ég gerði það kannski aldrei. En það varð til þess að ég lagði ekki við hlustir. Ég veit síðan ekki alveg hvernig það gerðist að ég sogaðist smá saman að umfjöllun vísindamanna um af hverju þetta lágkolvetnafæði virkar,“ segir Margrét.

## Ekki skortur á viljastyrk

„Grundvöllurinn er að það þurfi að berjast við offituvandann, þennan vanda sem gengur yfir Vesturlönd og raunar meira og minna þann hluta mannkyns sem ekki sveltur, með öðrum vopnum en hingað til hefur verið gert. Í stað þess að hugsa um hitaæiningar þurfi að hugsa um hormón sem nútímamataræði hafi ruglað í ríminu, ef svo má segja,“ segir Margrét.

„Það er útbreitt viðhorf að offita stafi af skorti á viljastyrk. En það er ekki rétt. Margt feitt fólk hefur mikinn viljastyrk, en það hefur einfaldlega of mikla matarlyst. Það er gjarna talað eins og það sé sjálfgefið að tvær manneskjur sem setjast saman að borðum séu jafnsvangar, en önnur hafi stjórn á sér og hætti fyrir. Hin borði lengur og verði feit. Þetta er bara alls ekki endilega rétt.



**ÞAÐ ER ÚTBREITT VIÐ-  
HORF AÐ OFFITA STAFI AF  
SKORTI Á VILJASTYRK.  
EN ÞAÐ ER EKKI RÉTT.**

**MARGT FEITT  
FÓLK HEFUR  
MIKINN VILJASTYRK, EN ÞAÐ  
HEFUR EIN-  
FALDLEGA OF  
MIKLA MATAR-  
LYST.**

Með því að breyta mataræðinu gat ég breytt matarlystinni. Ég tók út þann mat sem gerir mig svanga.“

Margrét breytti mataræði sínu samkvæmt lágkolvetnafæðinu og matarlystin minnkaði. Eftir að hafa reynt að léttast í fimmtán ár komst hún í kjörþyngd á átta mánuðum.

„Mér finnst ekki atriðið hversu mörg kíló ég missti. Aðalatriðið er að ég var alltof þung. Ég var búin að berjast í fimmtán ár. Síðan fylgi ég þessu mataræði og náði kjörþyngd á átta mánuðum.“

## Sætuskynið breytist

„Mér fannst ótrúlega auðvelt að breyta mataræðinu. Það hjálpaði mikið til að smekkurinn breyttist hratt. Sætuskynið breytist til dæmis þegar maður hættir að borða sykurl. Svo hjálpaði það mér líka að hætta alveg að borða sumar tegundir af mat. Ég eiginlega hætti að sjá þær. En þetta er líka andleg baráttu, það þarf vissulega viljastyrk. Ég hef talað við fólk sem finnst svo gott að fara í góð kökuböð að því finnst hreinlega óyfyrstíganlegt að hætta að borða kökur. En þegar ég sé kökur núna þá gæti ég alveg eins verið að horfa á múrstein.“



„Að segja einhverjum að „éta fíl“ merkir að segja einhverjum að gera það sem er ógerlegt. Eftir 15 ár gat ég allt í einu étit fílinn,“ segir Margrét.

Það hvarflar ekki að mér að þetta sé rétt leið fyrir alla. Það er ekki til neitt eitt sem er rétt fyrir alla. Við verðum öll að leita og þetta er mín leið. En til þess að finna mína leið fór ég í gegnum alls konar lesefni sem mér fannst tyrfið, til dæmis fullsnúna efnafæði eða líffræði fyrir málfræðinginn.

Sumar af þessum upplýsingum komu ekki þessu ferðalagi mínu við. Annað fannst mér ég þurfa að vita og skilja. Mér fannst skilningurinn grundvallaratriði. Maður gjörbreytir ekki mataræði sínu „af því bara“, maður vill skilja af hverju það gæti verið gagnlegt. Það eru þessar upplýsingar sem ég ákvað að deila með öðrum,“ segir Margrét. Hún segir að áður en hún hafi farið að léttast hafi verið nokkurra mánaða tímabil þar sem árangurinn var ekki sérlega mikill. „Þá var ég ekki búin að lesa jafnmikið og ég trúði því ekki að ég þyrfti að ganga jafn langt og ég á endanum gerði. Ég sleppti til dæmis sykri, hveiti en hélt áfram að borða ávexti og taldi þá gera mér gott. En það dugði mér ekki. Eftir frekari lestur komst ég að því að ég þyrfti að taka þetta alla leið og þá fóru hjólin að snúast.“

## Vonandi hefur einhver gagn af

Margrét hefur ekki leitað til lækna í tengslum við mataræðið en það hefur borði á góma eftir vegferðina og þeir hafa sýnt henni stuðning. Fólk í kringum hana hefur líka sýnt henni stuðning en þó hefur ekki skort efasemdir og gagnrýni. Margrét svarar gagnrýninni með því að vitna í rannsóknir og nú eigin reynslu. „Og ef einhver getur haft gagn af minni reynslu þá gleður það mig. Margir glíma við sama vanda og ég og halda jafnvel að þeir séu bara aumingjar sem skortir viljastyrk. Þetta er í raun reynslusaga mín af því að kynna mér þessar rannsóknir og nýta mér þær. Ég reyni að útskýra þær á því máli sem ég og vonandi annað „venjulegt fólk“ skilur.“



**Þjónustu- og framleiðslufyrirtækið**

# SLIPPURINN AKUREYRI <sup>EHF</sup>

**...er leiðandi á sviði málmiðnaðar og véltækni á Íslandi.  
Fyrirtækið býður heildarlausnir í hönnun, endurnýjun og viðhaldi  
skipa, ásamt hönnun og framleiðslu á vinnslubúnaði fyrir alþjóðleg  
sjávarútvegsfyrirtæki.**



Auk þess veitir Slippurinn víðtæka þjónustu til stóriðju og annarra iðnfyrirtækja. Framleiðsla á vinnslubúnaði er ekki einungis bundin við sjávarútveg heldur matvælaíðnaðinn almennt. Víðtæk þekking og reynsla gerir fyrirtækinu kleift að leysa krefjandi verkefni á ýmsum sviðum mannvirkjagerðar um land allt.

Hjá Slippnum starfar 160 manna hópur sérhæfðra og samheldinna starfsmanna, auk innlendra og erlendra undirverktaka sem koma tímabundið að úrvinnslu stærri verkefna. Verkefnastaða fyrirtækisins er góð og það er fjárhagslega öflugt og framsækið.

Slippurinn leitast við að vera eftirsóknarverður vinnustaður, þar sem fyrsta flokks fagleg þekking og þjónustuvilji fara saman. Markmið mannauðsstefnu fyrirtækisins er að starfsmenn njóti jafnréttis og öðlist faglegan þroska í starfi þar sem styrkleikar hvers og eins fá notið sín.



PM 613995



BETRI STOFAN

# Atvinna í boði!



## VERKUMSJÓNARMAÐUR

### Ábyrgð:

Verkumsjónarmaður er mikilvægur hlekkur í samskiptum fyrirtækisins við viðskiptavinum og tryggir að veitt sé úrvals þjónusta. Verkumsjónarmaður tryggir að ætíð séu valdar hagkvæmstu leiðir við vinnslu verka og að gæðakröfum sé fullnægt í hvívetna. Verkumsjónarmaður heldur utan um daglegt innra skipulag verkefna og skilvirkra miðlun upplýsinga innan starfsmannateymis, til umsjónarmanna verkkaupa og annarra tengiliða verkefnis. Verkumsjónarmaður sér um dagleg samskipti við viðskiptavinum, skráningu fundargerða og tryggir að meðferð skjala sé í samræmi við gildandi verklag.

### Menntunar og hæfniskröfur:

- lönmenntun í málmíðnaði.
- lön- eða tæknifræðimenntun og/eða umtalsverð reynsla af sambærilegum störfum.
- Gott vald á íslensku og ensku í tali og riti auk kunnáttu í einu norðurlandamáli.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Þjónustulipurð.
- Snyrtimennska.
- Skipuleg vinnubrögð.
- Sjálfstæði í starfi.
- Fagmennska í hvívetna.



## ÖNNUR STÖRF

Erum einnig að ráða:

- TÆKNITEIKNARA
- VÉLVIRKJA
- STÁLSMIÐI OG SUÐUMENN í svörtu og ryðfríu stáli
- RENNISMIÐI
- TRÉSMIÐI



Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störfin og hlökkum til að vinna með ykkur. Sótt er um rafrænt á [www.slipp.is](http://www.slipp.is)

**Umsóknarfrestur er til 15. mars 2018**

Nánari upplýsingar veitir Kristján Heiðar Kristjánsson  
Netfang: [khk@slipp.is](mailto:khk@slipp.is) eða í síma: 460 2900



Akureyri er fjölskylduvænt bæjarfélag sem hefur upp á margt að bjóða á sviði menntunar, afþreyingar, menningar og þjónustu. Sjá nánar [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is)

# Slippurinn

AKUREYRI

FAGMENNASKA - METNAÐUR - HAGKVÆMNI  
Naustatanga 2 | 600 Akureyri | Sími 460 2900 | [slipp@slipp.is](mailto:slipp@slipp.is) | [www.slipp.is](http://www.slipp.is)

## TÍMAMÓT



Ástkær móðir okkar,  
tengdamóðir, amma og langamma,  
**Bára Jacobsen**

áður til heimilis að Árskógum 6,  
lést á hjúkrunarheimilinu Eir  
miðvikudaginn 7. febrúar. Útförin fer  
fram frá Seljakirkju mánudaginn  
26. febrúar kl. 13.00.

Soffía Jacobsen  
Egill J. Jacobsen  
Auður Jacobsen  
Hilmar Jacobsen

Ásvaldur J. Marísson  
Jóhanna S. Guðjónsdóttir  
Hjörtur Aðalsteinsson  
Elisabet Gestsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

## FALLEGIR LEGSTEINAR



*Afsláttur*  
Í FEBRÚAR

af öllum legsteinum

**Bergsteinar**  
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



Eva Kristín Dal er ánægð með að hin skrautlegu reiðver skuli dregin fram úr geymslum og sýnd almenningi. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

## Reiðver efnafólks voru prýði

Sýningin Prýðileg reiðtygi sem verður opnuð í Bogasal Þjóðminjasafnsins í dag ber þess ótvíráð merki að söðull með videigandi búnaði var verðmæt eign.

Eva Kristín Dal, verkefnastjóri í Þjóðminjasafninu, er að stilla upp viðhafnarreiðverum í Bogasalnum því sýning á þeim verður opnuð í dag klukkan 14.

Hvernig datt henni þetta í hug? „Það er nú hún Lilja Árnadóttir sem er sýningarhöfundur en í safnkosti Þjóðminjasafnsins er mikið af fallegum reiðtygjum varðveitt og það er gaman að leyfa gestum að njóta þess að skoða þau.“

Þarna er úrval skreyttra söðla, södul-ábreiða, mynstraðra reiða og ýmissa fylgihluta þessa forna búnaðar. Í sumum tilfellum er nafn fyrsta eiganda eða upphafsstafrar grafið í söðulinn eða saumað í söduláklæðið. „Það var mikið lagt í þessi reiðtygi,“ segi Eva Kristín með aðdáun og bendir á ótrúlegar myndir sem koma

fyrir í málskreytingum, blómstrandi jurtir, framandi dýr og furðuskepnur, svo og mótiv úr Bibliunni eins og Eva og höggormurinn. „Mynstrin hljóta að hafa borist hingað til lands að utan en smíðin er íslensk,“ segir hún.

Reiðfæri bæði karla og kvenna hétu söðlar áður fyrr, að sögn Evu Kristínar. „Karlasöðlarnir voru þannig að menn sátu klovvega í þeim, eins og hnökum, en orðið hnakkur kom ekki inn í málið fyrr en á 19. öld. Kvensöðlarnir skiptast í tvær gerðir, hellusöðla og klakksöðla. Í hellusöðlunum sátu konur þannig að þær sneru nánast alveg út á hlið. Þeir voru í notkun fram á 19. öld, þá tóku klakksöðlarnir við, líka kallaðir enskir söðlar. Í þeim situr reiðkonan þannig að hún snýr skáhallt fram á við og það er þægi-

legra. Við fengum reiðkonu til að ríða í klakksöðli fyrir okkur. Hún sagði að það þyrfti við það ákveðið lag. Dálitið reyndi á miðjuna og mikilvægt væri að vera á þýðum hesti.“

En höfðu konur söduláklæðin yfir sér eða sátu þær á þeim? „Áklæðin voru lögð yfir hellusöðulinn og sveifna, svo vöfðu konur þeim um fætur sér. Þau voru þannig bæði til hlífðar og skrauts,“ svarar Eva Kristín.

Í tengslum við sýninguna kemur út samnefnd bók, Prýðileg reiðtygi, þar sem skrifað er um söðla og söduláklæði og margar myndir birtar. Höfundar eru Ingunn Jónsdóttir, Ragnheiður Björk Þórsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir og ritstjóri er Anna Lísá Rúnarsdóttir. gun@frettabladid.is

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUÐ • REYNSLA



Kristín Ingólfsdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is  
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Við erum til staðar  
þegar þú þarft á  
okkur að halda

Matthildur Bjarnadóttir,  
umsjón útfara

Útfararþjónusta  
& lögræðiþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin.  
Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | utfor.is



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,  
tengdamóðir, amma og langamma,  
**Kristín Jónsdóttir**

frá Guðnabæ, Hagafliöt 11, Akranesi,  
lést á hjúkrunar- og dvalarheimilinu  
Höfða föstudaginn 16. febrúar. Útförin  
fer fram frá Akranesarkirkju þriðjudaginn  
27. febrúar kl. 13.00.

Allan H. Sveinbjörnsson

Jón H. Allansson  
Sesselja L. Allansdóttir  
Sigróros Allansdóttir  
Sveinbjörn Allansson

Heiðrún Janusdóttir  
Sigurbjörn Hafsteinsson  
Steindór Óli Ólason  
Lisbet Einarsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegustu þakki fyrir auðsýnda samúð  
og hlýhug vegna fráfalls ástkærrar  
eiginkonu minnar, móður  
okkar, tengdamóður og ömmu,  
**Jósefinu Guðrúnar  
Gísladóttur**

Seljalandsvegi 20, Ísafirði.

Sérstakar þakki fyrir alúð og umhyggju fær starfsfólk  
Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða.

Úlfar Snæfjörð Ágústsson

Gíslí Elis Úlfarsson

Úlfur Þór Úlfarsson

Axel Guðni Úlfarsson

Ingbjörg Sólveig

Guðmundsdóttir

Anna Sigríður Ólafsdóttir

Thelma Hinriksdóttir

barnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,  
tengdamóðir, amma og langamma,  
**Valdis Valgeirsdóttir**

Suðurgötu 4a, Keflavík,  
lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja,  
mánudaginn 19. febrúar.  
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju,  
fimmtudaginn 1. mars kl. 13.00.

Vilhlem Sigmarrsson

Kristjana Vilhelmsdóttir  
Sigmar Valgeir Vilhelmsson  
Bergþóra Vilhelmsdóttir  
Sigrún Vilhelmsdóttir

Anton Kristinnsson

Baldvin Gunnarsson

Georg Georgsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi,  
sonur og fyrrverandi eiginmaður,  
**Kristinn Sveinbjörnsson**  
byggingafræðingur, Kringlunni 87,  
lést á Landspítalanum Grensási  
þriðjudaginn 20. febrúar sl.  
Jarðarför verður auglýst síðar.

Valgerður Bjarnadóttir

Helga Kristinsdóttir  
Elinóra Kristinsdóttir

Berglind Kristinsdóttir,  
Herdís Kristinsdóttir

Bjarni Kristinnsson

Helga Kristinsdóttir eldri  
tengdabörn og barnabörn.

Mergætvi, hlýja og virðing Við andlát ástvinar



Ísleifur Jónsson  
Útfararstjóri  
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir  
Útfararþjónusta  
Farsími 861 3441



Álfheimum 35, 104 Reykjavík  
Sími 553 5353 og 821 5353

www.usr.is  
isleifur@usr.is

Þjónusta allan sólarhringinn

# CANDY

## ER KOMIÐ Í HEIMILISTÆKI



### 25% KYNNINGARAFSLÁTTUR

23. FEBRÚAR TIL 10. MARS

Hin sívinsælu heimilistæki frá Candy fást nú í Heimilistækjum. Fullur lager af flottum og notendavænum tækjum á hagstæðu verði frá einum vinsælasta heimilistækjaframleiðanda meðal Íslendinga síðastliðna áratugi. Fjölbreytt úrval af þvottavélum, uppþvottavélum og kælikápum fyrir allar stærðir og gerðir heimila. Nýjasta viðbótin frá Candy eru Bianca þvottavélarnar með Smart Ring, Simply Fi appi og raddstýringu. Endurnýjaðu kynnin við Candy á frábærum kynningarafslætti.

# CANDY



 **Heimilistæki** ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT



## Merkisatburðir

**1630** Skálholtsstaður brennur. Prettán hús eyðileggjast og mikil verðmæti fara forgörðum.

**1863** Forngripasafn Íslands er stofnað að frumkvæði Sigurðar Guðmundssonar málara.

**1918** Eistland lýsir yfir sjálfstæði frá Rússum.

**1924** Íhaldsflokkurinn er stofnaður í Reykjavík.

**1924** Styttta af Ingólfi Arnarsyni eftir Einar Jónsson myndhöggvara er afhjúpuð á Arnarhóli í Reykjavík.

**1957** Sjómannasamband Íslands er stofnað.



**1981** Buckingham-höll lýsir opinberlega yfir trúlofun Karls Bretaprins og lafði Diónu Spencer.

**1991** Minnisvarði er afhjúpaður í Innri-Njarðvík um Sveinbjörn Egilsson, rektor og skáld.

**2014** Hátt í 4.000 manns mótmæla afturköllun umsóknar um aðild Íslands að Evrópusambandinu.

ÞETTA GERÐIST: 24. FEBRÚAR 1924

## Stytta af Ingólfi gefin landi og þjóð

Stytta af landnámsmanninum Ingólfi Arnarsyni var afhjúpuð á Arnarhóli í Reykjavík þennan mánaðardag árið 1924 að viðstöddu miklu fjölmenni. Í fréttum frá þeim tíma er reyndar talað um líkneski en ekki stytta eins og nú tíðkast.

Líkneskið var gert af Einari Jónssyni myndhöggvara en hann var ekki viðstaddur vigslu þess því hann var á ferð í útlöndum.

Það var lðnaðarmannafélagið í Reykjavík sem kostaði gerð listaverksins og gaf það landi og þjóð.

Formaður félagsins, Jón Halldórsson trésmiðameistari, afhenti landsstjórninni verkið við afhjúpun og Sigurður Eggerz forsætisráðherra þakkaði fyrir gjöfina.



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts elskulegs bróður okkar,

**Þóris Magnússonar**

Hjallavegi 2.

**Hrefna Magnúsdóttir  
Ragna Magnúsdóttir  
Soffía Magnúsdóttir  
Karl Höfðal Magnússon**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Hólmfríður Gísladóttir**

Fannafold 127a,

lést föstudaginn 16. febrúar.  
Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju  
fimmtudaginn 1. mars nk. kl. 13.00.

**Rósa Magnúsdóttir  
Þorvarður Hjalti Magnússon  
Steinunn Magnúsdóttir** **Pétur Eysteinnsson  
Sigríður María Sverrisdóttir  
Georg Eggertsson  
og barnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Karl Heiðar Geirsson**

(Kalli á heflinum),  
Baldursgötu 6, Keflavík,

er látinn. Útförin hefur farið fram  
í kyrrþey að ósk hins látna.

**Guðrún Júlíusdóttir**

**Þórarinn Karlsson  
Sigurjón Geir Karlsson  
Sunna B. Svavarsdóttir  
og barnabörn.**



Elskulegur frændi okkar,  
**Þórhallur Friðbjörnsson**

frá Vik við Fáskrúðsfjörð,

lést á hjúkrunarheimilinu Ási  
í Hveragerði 13. febrúar sl. Útförin  
fer fram frá Viðistaðakirkju í Hafnarfirði  
þriðjudaginn 27. febrúar kl. 13.00.

**Systkinabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Gunnar Helgi Guðmundsson**

Miðvangi 8, Hafnarfirði,

lést föstudaginn 16. febrúar  
síðastliðinn á hjúkrunarheimilinu  
Sunnuhlið. Sérstakar þakkir eru  
færðar starfsfólki Sunnuhliðar. Jarðsungið verður frá  
Digraneskirkju föstudaginn 2. mars kl. 11.00.

**Jóna Baldvinsdóttir  
Guðmundur R. Gunnarsson  
María Gunnarsdóttir  
Baldvin Ó. Gunnarsson** **Hugrún Reynisdóttir  
Arna Hreinsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg systir okkar,  
**Bryndís Aðalheiður  
Jónsdóttir**

andaðist á Heilbrigðisstofnun  
Vesturlands, Akranesi, 7. febrúar sl.  
Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Guðný Magnea Jónsdóttir  
Guðriður Jónsdóttir**



Móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,

**Ásdís Ólafsdóttir**

Langholti 27, Akureyri,

lést þriðjudaginn 20. febrúar sl. á  
Landspítala Fossvogi. Útförin fer fram frá  
Akureyrarkirkju föstudaginn 2. mars kl. 13.30.

**Fyrir hönd aðstandenda,  
Stefanía, Marianna, Ólafur og Gestur Traustabörn**



Ástkær eiginkona mín og móðir okkar,  
**Valborg Soffía Bøðvarsdóttir**

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði  
þann 19. febrúar sl.  
Útförin fer fram frá Kópavogskirkju  
fimmtudaginn 1. mars kl. 13.00.

**Magnús Júlíus Jónsson**

**Böðvar Magnússon  
Jósef Rúnar Magnússon  
Ragnar Sveinn Magnússon  
Marjorie Nivin Mota Arce  
barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur faðir okkar,  
tengdafaðir, afi og langafi,  
**Sigurjón I. Hilariusson,**

Baugakór 3, Kópavogi,

lést fimmtudaginn 15. febrúar. Útför  
hans fer fram frá Kristskirkju Landakoti,  
þriðjudaginn 27. febrúar kl. 15.00.

**Elisabet, Erla, Hilmar, Kristinn, Þorsteinn, Frida,  
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur sonur minn,  
bróðir og frændi,  
**Rögnvaldur Axel  
Rögnvaldsson**

lést þann 11. febrúar á líknardeild  
Landspítalans í Kópavogi. Sálumessa  
hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Kristrún Elíasdóttir  
Margrét G. Rögnvaldsdóttir  
Anna A. Rögnvaldsdóttir**



Elsku eiginmaður minn og faðir okkar,  
**Pálmi Ásmundsson**

húsasmíðameistari,  
Þverárseli 2, Reykjavík,

varð bráðkvaddur  
laugardaginn 17. febrúar.  
Útförin fer fram frá Seljakirkju,  
þriðjudaginn 27. febrúar kl. 13.00.

**Ásdís Halldórsdóttir  
Linda Rós Pálmadóttir  
Pálmi Þór Pálmason**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5407.



**HÚSASMÍÐJAN**  
HLUTI AF BYGMA

Skoðaðu  
Húsasmiðjublaðið á [husa.is](http://husa.is)



# TILBOÐ

BETRA VERÐ Í HÚSASMÍÐJUNNI

**JOTUN**

**LADY litur mánaðarins**



**25% afsláttur**  
af LADY Pure Color

Blöndum alla liti

LITUR: 6352 EVENING GREEN



**33% afsláttur**

Aðeins um helgina  
Meðan birgðir endast

3 ltr

**JOTUN**

SÚPER TILBOÐ

**1.995 kr**

~~2.995 kr~~

Jotun vegg- og loftamálning 3 ltr.  
Einstök málning sem hentar bæði á loft og vegg.  
Auðveld í notkun, þekur vel og gefur góða útkomu.  
7119781-83



**-30%** af öllum **BLACK+DECKER** verkfærum

Álþróppur Jumbo, 3ja til 8 prepa. 5078885-94

SÚPER TILBOÐ  
**3.996 kr**  
~~4.995 kr~~

**20% afsláttur**  
af ÖLLUM Jumbo tröppum

175 kg  
HVER HILLA

**20% afsláttur**  
af ÖLLUM Avasco rekkum

**4.796 kr**  
~~5.995 kr~~

Hillurekki Strong 175  
5 hillur, stærð: 180x90x45 cm.  
Hver hilla ber 175 kg.  
5803673

**36% afsláttur**



**6.995 kr**

~~10.995 kr~~  
Topplykasett Neo, 1/2"; 23 stk.  
5052509

**BLACK+DECKER**

SÚPER TILBOÐ

**12.995 kr**

~~18.995 kr~~

Borvél 10,8V + 100 fylgihlutar  
2 stk., 1,5sH Li-ion rafhlöður, hersla 25Nm.  
5245566

**31% afsláttur**



blómaval

**POTTAPLÖNTUR**

ALLTAF MIKIÐ ÚRVAL

Begónía  
12 cm pottur

**1.390 kr**

~~1.990 kr~~  
11400027



Monstera  
Rifblaðka

**1.799 kr**

~~2.690 kr~~  
11328481



Yucca  
11 cm pottur

**990 kr**

~~1.490 kr~~  
11261451



Orkidea  
Tveggja greina

**1.790 kr**

~~2.690 kr~~  
11325000




Byggjum á betra verði

SKOÐAÐU TILBOÐIN  
Á HUSA.IS




# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR




Lausnarorð síðustu viku var

## ÞINGVALLAVATN



**LAUSNARORÐ** Vísbending m. lausnarorði: Ef bókstöfum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist búð (12). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 2. mars næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „24.febrúar“.



FORLAGIÐ

### VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Haust í Skirisskógi** eftir **Þorstein frá Hamri** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Halldór Ármannsson, Reykjavík**.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

- 1 Brosa létt í rauðabitið, þá árróði ris (11)
- 11 Rak Mæju á hol fyrir blóm (10)
- 12 Jagger leitar maskínu anda-polla (11)
- 13 Dreyfum á fanta spónamat úr víðeigandi ilátum (10)
- 14 Athugasemdin á spássunni: Inn með fantinn! (9)
- 15 Kem sveinsbréfum til sinna með hlaupastrákum (12)
- 18 Framkvæmi fjórugan dans með handóðri dömu (7)
- 19 Það er sem ég muni eitt-hvað eftir slá 1001 (4)
- 20 Spurði Ari blókina um

- ringlaða bangsa sem eru ekki bangsar? (10)
- 26 Alltaf jafn smeykar? (8)
- 30 Vel að sér um tind (5)
- 31 Svelgsdauði við foss (7)
- 32 Mæla vistirnar fyrir gönguna um ævivegin (10)
- 33 Skot í virki (5)
- 34 Börn vilja loka á kjúklingastrák (7)
- 35 Sendi gengi í stræto; harmonikkustrætóinn! (10)
- 36 Kemst í uppnám ef kakan er að stríða mér (5)
- 38 Vil að þú búir til UM og breytir í MU? (8)
- 41 Af aflóga görmum og rótlausum strám (10)

- 44 Hvatvís gef ég einn af gjöfli minni (6)
- 46 Fer eina umferð um kringlu (5)
- 47 Svellkaldi er heit list og brothætt (11)
- 48 Fantar véla mig til að leita faldra orða (8)
- 49 Alexander var vist með svona skikkju er hann fæddist (9)
- 50 Nítingsverkur á ný, enda saumar þessi saumur að mér (12)
- LÓDRÉTT**
- 1 Heyrði Mæju hennar Guðfinnu Þorsteins syngja um þetta fygli (9)

- 2 Yrkir gróskumikil leiði (9)
- 3 Að sauma minn án samningsbundinna launa væri rugl (9)
- 4 Heimsk setja seinlæti á svið (9)
- 5 Þessi fylling er óttalegt stagi (8)
- 6 Forbjóða ólund teygju-dýranna (8)
- 7 Undirförlir ásar, segir sá öskubleiki (8)
- 8 Nokkrar teygja árstíðarveigar í tónlistarborg (8)
- 9 Halda til Íslands að verki loknu, vel græjaðir (7)
- 10 Keyri eftir lönum á ræktarblettunum (7)

- 16 Hitti tókusvein í skólanum (8)
- 17 Lægri klettur hamlar gleymsku (10)
- 21 Kem að utan, beygð eftir ranglætið (8)
- 22 Súr, en sitjum þó sátta á rútunum (8)
- 23 Klæddum okkur jafnan þar sem við höldum heimili (7)
- 24 Nota spennudemparann til að koma á kyrrð heima fyrir (7)
- 25 Grimm stunda glæpi og harðar deilur (8)
- 27 Þessi veislubófi er hamingjuþjófur (12)
- 28 Þau sem þekkja plássið

- segja að þetta sé gott merki fyrir það (9)
- 29 Sá sá svörð, enda með brún augu (7)
- 37 Argon seytleði að utan, sagði flónið (8)
- 39 Eftirlitsferð með skipum úr lofti? (7)
- 40 Tel úðasort vera sem morgunvot grund (7)
- 42 Segja einhver sitt álit á druslum? (6)
- 43 Ræða um að ræða málin (6)
- 45 Dvöldu titt við titt á braut X (6)
- 46 Hrökk framúr er hún skar sína hrúta (5)

### LÉTT

3	1			9	8				
								4	8
	2		3	5		6			
8			5		3			1	
	7				9	2	3		
		9	6	1					
			2		1			8	
	6							2	3
			7		5				

### MIDLUNGS

		7		1	3			9	
5			7					1	
	1		6					5	
	9	5	2					4	
		6	4					8	
3	7			5	1				
6					8				4
	5	9			7			8	
				6		9			

### ÞUNG

5	8								
	6	1	3					7	2
		2	8					3	
	1	6							7
9	7					3	2	4	
						5	9		1
6	2		9				4	5	
						8			
					3	4			9

### Skák Gunnar Björnsson



Löwenfisch átti leik gegn Rjumin í Moskvu árið 1936.  
**Hvítur á leik**  
1. Rf6+! gxf6 2. exf6 Dg4 3. Dxf8+ 1-0. Júlíus Friðjónsson sigraði í flokki hvíttra hrafna á Skákhátíð MótX. Jón Þorvaldsson varð annar og Bragi Halldórsson þriðji.

www.skak.is: Barna- og unglingameistaramót Reykjavíkur á morgun.

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

4	2	6	5	8	9	7	3	1	
1	3	8	6	4	7	2	5	9	
5	7	9	2	3	1	6	4	8	
6	4	1	7	9	8	3	2	5	
3	5	2	1	6	4	9	8	7	
8	9	7	3	2	5	4	1	6	
7	8	3	4	1	6	5	9	2	
2	1	5	9	7	3	8	6	4	
9	6	4	8	5	2	1	7	3	

### Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### ÓVERJANDI ÞVINGUN

Sveit Pianola vann sætan sigur á Íslandsmóti kvenna í sveitakeppni 2018. Meðlimir í sveit Pianola eru Arngunnur Jónsdóttir, Harpa Fold Ingólfssdóttir, Rosemary Shaw og Sigrúður Sissa Blöndal. Sveit Pianola endaði með 120,2 stig en sveit Ljósbrár Baldursdóttur endaði með 110,50 stig í öðru sæti.

Samkvæmt útreikningum fékk sveit Pianola 13,36 í hverjum leik að jafnaði. Rosemary og Arngunnur enduðu einnig efstar í butler-útreikningi mótsins með 1,07 impa að meðaltali í spili. Í spili 13 í 4. umferð mótsins kom þetta spil fyrir. Norður var gjafari og allir á hættu:


<p><b>Norður</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>♠ KD109764</li> <li>♥ G64</li> <li>♦ 52</li> <li>♣ 9</li> </ul>	<p><b>Vestur</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>♠ 52</li> <li>♥ ÁKD9</li> <li>♦ K106</li> <li>♣ K1054</li> </ul>	<p><b>Austur</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>♠ ÁG8</li> <li>♥ 753</li> <li>♦ ÁD54</li> <li>♣ Á72</li> </ul>
<p><b>Suður</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>♠ 3</li> <li>♥ 1082</li> <li>♦ G973</li> <li>♣ DG863</li> </ul>		

Sagnir féllu á báðum borðunum í leik Pianola og Garðs apóteks í 6 gröndum á AV hendurnar. Spilið féll í samanburðinum því báðir sagnhafar stóðu spilið. Arngunnur Jónsdóttir var sagnhafi í austur í sveit Pianola eftir opnun norðurs á 3 ♠, 3 grönd frá Argunni á hönd austurs, 4 ♣ frá Rosemary í vestur, 5 ♠ hjá Argunni og eftir doubl frá suðri fór Rosemary í 6 grönd. Eftir spaðautspil, drottningu og ás var hjarta spilað á ás, spaða á gosa og suður var þvingaður í láglitum fyrir 12. slaginn. Rosemary sagði að Arngunnur hefði spilað frábærlega í mótinu, ekki farið niður á neinum samningi sem hún átti að standa.



**WRIGLEY'S**  
**Extra**<sup>®</sup>

**FYRIR HREINAR OG  
FRISKAR TENNUR**


 Tannlæknafélag Íslands mælir  
með notkun xylitols sem  
aðalsætufrnis í tyggigummii

## KRAKKAR



## Konráð <sup>290</sup> og félagar á ferð og flugi

„Jæja Konráð,“ sagði Kata. „Þú sem allt veist, hvað á að gera hér?“ „Við eigum að klippa út þessi fjögur form,“ sagði Konráð. „Og raða þeim þannig saman að þau myndi stóra stafinn T.“ „T,“ sagði Kata öflug. „Ekki segja mér að við eigum að búa til T. Ég get ekki séð að það sé hægt.“ Róbert klóraði sér í hausnum. Hann gat heldur ekki séð hvernig hægt væri að búa til stafinn T úr þessum skritnu formum.



Getur þú raðað saman þessum formum svo úr verði stafurinn T?

## Hvað veist þú um Lóa?

Myndin Lói – þú flýgur aldrei einn er nú í sýningum í kvikmyndahúsum. Hún er gerð eftir samnefndri sögu Friðriks Erlingssonar sem líka skrifaði kvikmyndahandritið. Í þessum dálki er efnið sótt í bókina.



1. Hvað heitir allra besta vin-konan hans Lóa?
2. Hvað heitir grimmi fálkinn?
3. Hvað heitir skúmurinn?
4. Hvað heita systkinin í húsinu?
5. Hvað vildi Lói verða?
6. Hvað heitir dalurinn sem allir vildu komast í?
7. Hvað heitir ofurstinn sem Lói lærði flug hjá?
8. Hvað heitir rjúpan?
9. Hvað heitir álftin?
10. Hvað heitir hreindýrstarfurinn?

Svör:

1. Lóa Vera, 2. Skuggi, 3. Skúli, 4. Jói og Jóna, 5. Forystufugl, 6. Paradísardalur, 7. Vængur, 8. Karri, 9. Svana, 10. Hreinn.

## Brandarar



Guðjón litli lenti í slag og var laminn ansi illa. Nú sat hann á lögreglu-stöðinni og gaf skýrslu þegar lögreglumaðurinn spurði: Geturðu lýst fyrir mér þeim sem þú varst í slag við?

Guðjón: Já, ég var nú einmitt að lýsa honum þegar þann réðst á mig.

Af hverju fluttu grísirnir að heiman?  
Af því mamma þeirra var algert svin.

Guðsti heima hjá leikfélaga sínum: Má ég ekki gista hjá þér í nótt? Veðrið er svo vont að ég kemst bara ekki heim til mín.

Skúli: Jú, jú, það er allt í lagi. Nóg pláss.  
Guðsti: Æ, þakka þér fyrir. Ég ætla bara fyrst að skjótast heim og ná í náttfötin og tannburstann.



Skáksnillingar. Sitjandi eru Baltasar Máni og Stefán Orri og aftan við þá standa Birgir Logi og Óskar Víkingur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Gott að vera inni að tefla

Baltasar Máni Gunnarsson, Birgir Logi Steinþórsson og bræðurnir Óskar Víkingur og Stefán Orri Davíðssynir eru miklir skáksnillingar.

**ÞEGAR VIÐ VORUM LITLIR VORUM VIÐ ROSA MIKIÐ AÐ TEFLA Í LEIKSKÓLANUM.**

keppa á Íslandsmótinu.

**Eigið þið fleiri áhugamál en skákina?**

**Baltasar og Birgir einum rómi:** Fót-bolta.

**Stefán og Óskar:** Körfubolta.

**Getið þið eitthvað verið í bolta úti yfir veturinn?**

**Óskar:** Já. Við gerum það af og til.  
**Baltasar:** Ég vil frekar vera inni að tefla. Mér finnst það skemmtilegra.

**Tefla foreldrar ykkar eða systkini?**

**Birgir:** Pabbi minn kann að tefla en hann er ekkert sérstaklega góður.

**Stefán:** Mamma hefur mikinn áhuga. Hún kemur alltaf með okkur á mót og svona.

**Að lokum, hvað finnst ykkur best á pitsuna?**

**Birgir:** Það er bara pepperóni, það er bara langbest, já og beikon.

**Baltasar:** Mér finnst gott að fá meat og cheese, með beikoni og rjómaosti.

**Óskar:** Ég vel bara það sama og hann.

**Stefán:** Ég líka. Enda er það langvin-sælasta pitsan.

Við erum stödd í Ölduselsskóla í Breiðholti. Nemendurnir Baltasar Máni, Birgir Logi, Óskar Víkingur og Stefán Orri sigruðu nýlega í flokki 8. til 10. bekkja á Reykjavíkurmóti grunnskólasveita. Stefán Orri er á tólfta ári en hinir á þrettánda.

Þótt tvö taflborð séu á ganginum þar sem við sitjum þá er aðal-skákstofan niðri, að sögn strákanna. Þar fara þeir í skáktíma á miðvikudögum eftir skóla.

„Björn Ívar Karlsson er kennarinn okkar,“ upplýsir Baltasar.

**Birgir:** Hann er rosa góður. Ég held að hann fari í fleiri skóla að kenna skák.

**Er mikill skákáhugi í Ölduselsskóla?**

**Baltasar:** Á fyrsta árinu, já. Þá eru margir að tefla.

**Stefán:** En strax í þriðja bekk eru orðnir fáir og það er enginn í skák í 10. bekk.

**Þið hafið samt enst. Teflið þið líka fyrir utan skólann?**

**Óskar:** Já, við teflum oft hver við annan.

**Birgir:** Þegar við vorum litlir vorum við rosa mikið að tefla í leikskól-anum.

**Stefán:** Við Óskar fórum í Skák-skólann.

**Óskar:** Við erum líka duglegir að taka þátt í mótum. Lentum í 3. sæti á Norðurlandamótinu og ætlum að

# BARNALEGIR DAGAR

ALLAR FÖNDURVÖRUR  
FRÁ TOTUM

30% VILDAR  
AFSLÁTTUR



SKAPALÓN OG  
TEIKNIBLOKKIR

30% VILDAR  
AFSLÁTTUR




ÖLL PÚSL  
30% VILDAR  
AFSLÁTTUR



FRÁBÆRT  
Í VETRAR  
FRÍÐ!


ÚRVAL FERÐASPILA  
30% VILDAR  
AFSLÁTTUR



Matthildur  
VILDARVERÐ: 2.899.-  
Verð: 3.599.-



Skrimсли í vanda  
VILDARVERÐ: 2.959.-  
Verð: 3.699.-



Flóttinn hans afa  
VILDARVERÐ: 2.799.-  
Verð: 3.499.-



Hvolpasveitin litabók  
VILDARVERÐ: 1.279.-  
Verð: 1.599.-



Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd  
Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Sólvallagötu 2  
Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2  
Húsavík - Garðarsbraut 9




540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verzlunum. Tilboðin gilda til og með 26. febrúar 2018 eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur



Sunnanstrekkingur eða allhvasst í dag og víða skúrir eða él, en hægari og léttir til norðaustanlands eftir hádegi. Kólnandi veður.

### Heimurinn



### Reykjavík




### Ísafjörður




### Akureyri



### Egilsstaðir




### Kirkjubæjarklaustur




### Pondus




### Geljan



### Barnalán



**RAUÐUR ÞEGAR HEITT ER OG BLÁR ÞEGAR KALT ER ? ÞAÐ ER HÆGT AÐ FJARLÆGJA HÁRÆÐASKEMMDIRNAR**



**PANTAÐU FRÍAN TÍMA Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA 893-0098**



Hraunbæ 102 • Reykjavík • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com

## FRÉTTABLAÐIÐ

# 89%

af lesendum dagblaða\* á höfuðborgarsvæðinu á aldersbilinu 18-49 ára lesa Fréttablaðið daglega.

\*Fréttablaðið og Morgunblaðið. Heimild: Prentmiðlamæling Gallup okt. - des. 2017.



## Kokkur ársins 2018

Úrslit í keppninni Kokkur ársins fara fram í salnum Flóa á jarðhæð Hörpu í dag.

### Komið og fylgist með!

Frá kl. 13-18 er salurinn opinn gestum og gangandi sem geta fylgst með kokkunum að störfum. Aðgangur er ókeypis.

### Kokkalandslíðskvöldverður kl. 18

Kokkalandslíðið matreiðir fjögurra rétta máltíð sem borin verður fram með sérvöldu víni.

Andri Freyr Viðarsson sér um veislustjórn og heldur uppi keppnisstemningu. Valdimar og félagar ljúka kvöldinu með góðri tónlist.

Verðlaunaafhending

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, krýnir Kokk ársins 2018.

Uppselt er á kvöldverðinn!

Keppnin Kokkur ársins 2018 er í samstarfi við IKEA og Nettó





# Við komumst ekki öll á leikina á HM í Rússlandi

**Benedict Andrews leikstýrði uppfærslu á *Cat on a Hot Tin Roof* eftir Tennessee Williams í Young Vic leikhúsinu í London. Sýningin verður í beinni útsendingu í Bíói Paradís á laugardags- og sunnudagskvöld.**

Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is



**B**enedict Andrews er ástralskur leikstjóri, búsettur í Reykjavík en starfar í London og víðar um veröldina. Aðspurður um ástæðu þessa heimshornaflakks segir hann svarið auðvitað vera ástina. En þrátt fyrir að hann starfi mest erlendis gefst Íslendingum nú um helgina kostur á að sjá sýningu á *Cat on a Hot Tin Roof* eftir bandaríska leikskáldið Tennessee Williams í leikstjórn Andrews. Sýningin verður í beinni útsendingu frá Young Vic leikhúsinu í London í Bíói Paradís bæði laugardags- og sunnudagskvöld kl. 20.

*Cat on a Hot Tin Roof* (Köttur á heitu blikkþaki) er eitt þekktasta verk Tennessee Williams og Andrews segir að óneitanlega feli þetta í sér mikla áskorun. „Minn skilningur felur það í sér að allir í þessu verki eru undir hælnum á persónunni Big Daddy sem minnir einna helst á Lé konung þar sem allt er knúið áfram í gegnum hann. Þetta er eins og risavaxin vél í meðföllum Williams þar sem tannhjólín eru óstöðvandi og persónurnar fá lítið sem ekkert við ráðið. Fyrir vikið verður þetta eins og línudans fyrir persónurnar og línan er strengd yfir hlydþýpi. Williams sér líka til þess að persónurnar skynja þetta hlydþýpi og með sama hætti þá verða leikararnir líka tæknilega meðvitaðir um að fallið er hátt. Þeir verða stöðugt að leggja allt í sölnurnar tilfinningalega.“



Benedict Andrews segist hafa viljað skapa leikurunum rými til þess að takast á við þessar stóru amerísku erkítýpur Williams. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Hlutverk leikstjórans

Andrews bætir við að innan hefðbundinna þriggja þátta verksins sé engu að síður mjög sérstök uppbygging. Persónurnar streymi fram á

sjónarsviðið í fyrsta þætti og áherslan sé á fund Maggie og Bricks. En innkoma Big Daddy og átökin á milli hans og Bricks í öðrum þætti séu líkast til besti leiktexti nútíma leikritunar. Þriðji þátturinn er svo um margt mjög sérstakur uppgjörsþáttur. „Ég nálgadist þetta óneitanlega aðeins út frá því að ég hef tvisvar leikstýrt *A Streetcar Named Desire* eftir Williams, einu sinni í Þýskalandi og svo í Bandaríkjunum fyrir skömmu. Mér finnst að það hafi gefið mér ákveðna tilfinningu fyrir skáldskap hans og hvernig hann nálgadist leikhúsið sem tæki til þess að rannsaka manneskjuna. Mér fannst vera fölgandi í þessu ákveðið tækifæri til þess að skoða hvað er líkt með þessum verkum og taka þetta svo þaðan.“

Hvað leikarana varðar þá vildi ég skapa þeim rými og svigrúm til þess að takast á við þessar stóru amerísku erkítýpur. Þessar sterku, sjálfmiðuðu og karllægu amerísku persónur sem á sama tíma eru svo brothættar og jafnvel brotnar undir sinni hörðu skel. Þarna nálgumst við kjarna verksins sem er hvernig fólk sem lifir í lygi er þvingað til þess að horfast í augu við sannleikann. Mitt markmið er að hjálpa frábærum leikurum til þess að finna sannleikann í þessu á sama tíma og ég reyni að setja á svið þessa afhjúpun og láta hana tala inn í okkar samtíð. Taka þetta í sundur og afhjúpa þessa mannlegu eiginleika sem ná langt yfir öll tímaskið og landsvæði ef út í það er farið. Það er hlutverk leikstjórans að taka verkið inn í samtímann og láta það enduróma þar.“

## Eflir leikhúsið

Leikhús er upplifun sem, eins og Andrews segir sjálfur, snýst um að vera á staðnum en hvernig finnst honum það samræmast því að vera með beina útsendingu þaðan? „Leikhúsið er staður sem við förum á til þess að vera á sama stað og leikararnir og allt



Lisa Palfrey og Michael J. Shannon í hlutverkum sínum í *Cat on a Hot Tin Roof* í leikstjórn Benedicts Andrews í Young Vic leikhúsinu. MYND/JOHAN PERSSON

## ÞAD ER HLUTVERK LEIKSTJÓRANS AÐ TAKA VERKIÐ INN Í SAMTÍMANN OG LÁTA ÞAD ENDURÓMA ÞAR.

sem þeim fylgir. Ég elska leikhúsið en ég elska líka kvikmyndalistina en þetta eru tvö gjörólík listform.

Þessi nýja leið, að sjónvarpa leikhúsinu, er eitthvað annað og eitthvað nýtt. Það er eitthvað alveg sérstakt við þetta og ég svona sannfærðist um þetta þegar ég horfði á útsendingu á minni eigin uppfærslu á *A Streetcar Named Desire* ásamt fullt af leikhúsfólki og vinum hérna heima. Þetta vakti með mér bæði einhverjar sjálfelskar tilfinningar út frá því að fólk í Sydney og Reykjavík gæti verið að horfa á uppfærslu eftir mig í London og taka þátt í umræðunni. En hitt sem er mikilvægt við þessa leið er að hún þykist ekki vera eitthvað annað en hún er. Bein útsending frá viðburði.

Þegar Ísland fer og spilar á HM í Rússlandi og gengur vonandi vel þá er hætt við að við komumst ekki öll á völlinn. Sum okkar verða á Arnarhóli eða fyrir framan sjónvarpið. Þessar sýningar í Bíói Paradís eru einmitt þetta. Leið til þess að vera nánast á staðnum og taka þátt í upplifuninni og mér finnst það frábært. Ég held meira að segja að þetta hvetji fólk til þess að fara svo meira í leikhús.“

Andrews leggur áherslu á að hann sé ekkert að leikstýra þessu sérstaklega. „Ég vann mína vinnu í leikhúsinu og svo kemur allt annað teymi inn til þess að sjá um þessa útsendingu. Við ræddum bara mínar áherslur, ég fékk að sjá prufutöku og gaf mínar nótur og þar með var þetta komið. Þannig að á laugardagskvöld verð ég með mínu fólki í Bíói Paradís á sýningunni og ég er bara farinn að hlakka til.“ Þess má geta að eftir sýninguna á laugardagskvöldið verður spurt og svarað með Benedict Andrews en Sigríður Jónsdóttir, leiklistargagnrýnandi Fréttablaðsins, stýrir umræðunum.



ÖLFUS

Landeldi ehf. Þorlákshöfn,

## Íbúakynning

Boðað er til kynningar vegna fyrirhugaðrar fiskeldisstöðvar Landeldis ehf, í Versölum, Ráðhúsi Ölfuss, fimmtudaginn, 1. mars, kl 17:30.

Íbúar sveitarfélagsins eru sérstaklega hvattir til að mæta og kynna sér verkefnið, sem snýr að allt að 5.000 tonna eldi á laxfiski, við Laxabraut 1, Þorlákshöfn.

Farið verður yfir gerð og framkvæmd verkefnis, skipulag, matsáætlun, áhrif og stefnu, ásamt atvinnuþróun.


Auk kynningarrendis er gert ráð fyrir fyrirspurnum og umræðum.

Landeldi ehf


LANDELDI EHF



1490.-



990.-



1990.-



# BÓKA

## MARKAÐURINN


### Laugardalsvelli



23. FEBRÚAR - 11. MARS

ÓTRÚLEGT ÚRVAL • ÞÚSUNDIR TITLA

**OPIÐ**  
**KL. 10 - 21**  
**ÖLL KVÖLD**




990.-




990.-




590.-




1990.-




690.-



2999.-  
innbundin



1990.-



1499.-

# Við erum eins og landkönnuðir í þessari veröld

**Kristinn E. Hrafnsson myndhöggvari opnar sýningu í dag undir yfirskriftinni Þvílíkir tímar. Hann segir titil sýningarinnar vísa til þeirra stórmerkilegu en einnig viðsjárverðu tíma sem við lifum.**

Magnús  
Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is



Þvílíkir tímar er yfirskrift sýningar á verkum Kristins E. Hrafnssonar myndhöggvara sem verður opnuð í Hverfisgalleríi í dag. Kristinn hefur verið virkur í íslensku myndlistarlífi í allt að þrjátíu ár, tekið þátt í fjölda sýninga bæði hér heima og erlendis. Kristinn hefur oft fengist við tíma og rými í verkum sínum í gegnum árin og skynjun okkar á þessum ósnertanlegu fyrirbærum, þar á meðal þeim aðferðum sem við beitum til þess að ákvarða stund og stað eins og til að mynda í veröld sjófarenta.

## Sex ára á sjó

Kristinn er reyndar sjómannaþingur frá Ólafsfirði og aðspurður um hvort sá bakgrunnur hafi leitt hann að þessum viðfangsefnum þá gengst hann nú fúslega við að vera alinn upp sem sjómannsefni. „Ég byrjaði ungur að fara á sjó með pabba og var kominn með pungapróf og allt það áður en að ég ákvað að vera frekar í landi og feta listabrautina. En vissulega gefur það góða tilfinningu fyrir rými að vera á sjó. Ég gerði reyndar stóra sýningu um það á sínum tíma sem var á Þjóðminjasafninu og þar fór ég nú nokkuð djúpt í þetta mál og skoðaði frá ýmsum vinklum. En við þá vinnu þá fór ég líka heim til mínna og skoðaði þá sumu hluti úr æskunni man maður svo sterkt. Ég man að ég var sex ára þegar ég fór á sjó með pabba og sá ekki til lands og það er ákaflega sterk upplifun, alveg ævintýraleg. Maður áttar sig ekkert á því hvernig maður fer heim og það er sérstök tilfinning.“

Upplifir þú þá að það séu engar áttir lengur? „Já, sérstaklega í þoku eða myrkri, þá áttar maður sig ekki. Það er allt annað þegar maður hefur sólina en þegar hennar nýtur ekki við þá er þetta mikil ráðgáta. Í seinni tíð þegar ég hef verið að skoða stöðu okkar í alheiminum þá er þetta á margan hátt svipuð hugsun; maður er að reyna að rata. Átta sig á því hvaðan þessi heimur er og hvernig hann byrjar og hvar hann endar og svo framvegis. Að við séum að upplifa mjög merkilega tíma. Bæði heillandi og háskalega.“

## Að taka þátt í lífinu

Kristinn segir titil sýningarinnar,



Kristinn er alinn upp sem sjómannsefni á Ólafsfirði og hann segir það eflaust hafa haft einhver áhrif á hvernig hann skoðar heiminn í sinni listsköpun.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Þvílíkir tímar, einmitt vísa í þessa hugsun. „Bæði þetta kosmíska, stóra mikla sem er mikið að opnast fyrir okkur núna því við erum eins og landkönnuðir í þessari veröld sem við höfum aldrei séð jafn mikið af. En á sama tíma erum við líka að búa til einhvern sýndarveruleika eða sýndarrými sem mér finnst mjög óheillandi. Mér finnst veruleikinn miklu meira spennandi en eitthvert afrit af honum,“ segir Kristinn og er þar að vísa til tækni- og tölvuveruleikans sem er orðinn svo fyrirferðarmikill í daglegu lífi svo margra.

„Mér finnst eins og fólki líði ekkert vel í þessum heimi. Þú finnur aldrei neitt, þú upplifir aldrei neitt. Þér er alltaf sagt hvernig hlutirnir eru eða þá að heimurinn er búinn til af öðrum í stað þess að hver og einn reyni að skapa sinn eigin veruleika, sinn eigin heim, með því að skoða umhverfi sitt og sína veröld.“

Að reka sig á, uppgötva og vera þátttakandi í lífinu er það sem við eigum að gera. Ef þú gerir það ekki þá ertu einhvern veginn ekkert með.“

## Skáldin hans Kristins

